

**ERNA ÞORBJÖRG EINARSDÓTTIR**

*Óttalaus í fatavali*

• tíska • heimili • heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**VINNUVÉLAR**

*Góðir kranamenn gulls ígildi*

Sérblað um vinnuvélar

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. mars 2007 — 66. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


**FIMMTUDAGUR**



**Afmeyjun íslensku fjallkonunnar**

Þjóðleikhúsið frumsýnir nýjan söngleik Hugleiks Dagssonar í kvöld.

MENNING 34

**Ójöfnuður í samhengi II**

„Bein áhrif stjórnarstefnu Bush forseta á tekjuskiptingu í átt til aukins ójafnaðar birtast í skattalækkun, sem hefur að langmestu leyti fallið auðmönnum í skaut,“ segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 24



**Sakar Smáralind um klám**

Guðbjörg Hildur Kolbeins er allt annað en sátt við fermingarbækling Smáralindar.

FÓLK 50



**Lokaumferðin í kvöld**

Í kvöld kemur í ljós hvaða lið mætast í átta-liða úrslitum í Iceland Express-deildinni í körfubolta.

ÍÞRÓTTIR 46

**VEÐRIÐ Í DAG**




**HVESSIR** Í dag verður vaxandi austanátt á landinu sunnan og vestanverðu, 10-20 m/s eftir hádegi, hvassast syðst og á Snæfellsnesi. Lengst af hægari norðaustan til. Rigning, fyrst sunnan til um hádegi og víða um land í kvöld.

VEÐUR 4

# Kaupmaður í þrot vegna framkvæmda borgarinnar

**Kaupmenn eru óánægðir með framkvæmdir Reykjavíkurborgar við Hafnarstræti. Eigandi gæludýraverslunar segist vera farinn á hausinn. Rammagerðin hefur tapað milljónum og kannar réttarstöðu sína.**

**VIÐSKIPTI** „Ég er farinn á hausinn og reksturinn kominn á sölu,“ segir Benjamín Ólafsson, eigandi verslunarinnar 101 gæludýr, sem stendur við Hafnarstræti í Reykjavík.

Kaupmenn við götuna og næsta nágrenni eru óánægðir með framkvæmdir Reykjavíkurborgar, sem að sögn Benjamíns hófust í september og áttu að standa í tvær vikur.

„Ég hef verið að byggja upp fjölskyldufyrirtæki hérna en nú er fjögurra ára vinna farin í vaskinn,“ segir Benjamín og ber borginni illa söguna. „Það er ömurlegt hvernig Reykjavíkurborg kemur fram við verslunareigendur. Okkur er sagt að til standi að ráðast í framkvæmdir, degi áður en þær hefjast. Það er eins og þetta komi okkur ekki við.“

Guðrún Kristmundsdóttir, eigandi Bæjarins bestu, kveðst hafa misst umtalsverð viðskipti vegna framkvæmdanna og lýsir ástandinu sem skelfilegu. Hún hafi hins vegar ákveðið að sýna þolinmæði þar sem tími hafi verið kominn á að lagfæra umhverfið.

Halldór Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Rammagerðarinnar, segir verslunina hafa tapað milljónum króna vegna framkvæmdanna.

„Nú er fyrirtækið að athuga hvaða rétt það hefur varðandi þetta mál,“ segir hann.

Benjamín Ólafsson segir kaupmönnum hafa beinlínis verið slátrað enda komi ekki viðskiptavinir á meðan aðgengi að versluninni sé jafn slæmt og það er. Þeir fáu sem komi séu jafnvel afgreiddir yfir mannhæðarhátt grindverk sem reist hefur verið við búðina.

„Ég er búinn að leggja allt mitt í þennan rekstur og nú er eins og hleypt hafi verið af byssu í hausinn á mér. Þetta er búið fyrir mér.“

Benjamín hefur ritað borgarlögmanni bréf um málið en engin svör fengið. - jss



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SLÖKKVILIÐSMENN Á HEITU BLIKKÞAKI** Eldur kviknaði í vélsmiðjunni Vélboða við Stapahraun í Hafnarfirði um klukkan sjö í gærkvöldi. Rjúfa þurfti þak hússins til að komast að eldinum, sem reyndist ekki jafn mikill og óttast var í fyrstu.

Neytendasamtökin:

## Samspil banka og tryggingafélaga slæm þróun

**SAMKEPPNISMÁL „Það er ekkert launungarmál að okkur finnst þetta slæm þróun,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, um samstarf tryggingafélaga og banka sem hann telur einkennast af ónægri samkeppni.**

**Stóru tryggingafélögin þrjú á íslenska markaðnum eiga hvert fyrir sig í samstarfi við banka um ýmsa þjónustu.**

**Jóhannes telur slíkt samstarf draga úr hreyfingu viðskiptavina og þar með hamla samkeppni.**

**Jón Þór Gunnarsson, deildarstjóri þróunar- og gæðadeildar VÍS, er þessu algjörlega ósammála. „Fyrst og fremst snýst samstarfið um að bjóða viðskiptavinum góða þjónustu. Samkeppni er hörð milli tryggingafyrirtækja og það er ekkert óeðlilegt að tryggingafélög og bankar bjóði saman upp á þjónustu þar sem á við.“**

- mh / sjá síðu 16




**NÝTT BLAÐ KOMIÐ ÚT!**

Ólafur Elíasson um listir og ímynd þjóðarinnar í tengslum við íslensku útrásina:

# Varist að tala niður til fólks

**LISTIR** Stjórnvöld og fyrirtæki í ferðaþjónustu sem vilja nota listsköpun í markaðsstarfi mega ekki reyna að stýra eða hafa áhrif á sköpun listamanna. Þetta segir Ólafur Elíasson myndlistarmaður sem talaði á ársfundi Útflutningsráðs í gær.

Listir og ímynd þjóðar var yfirskrift fundarins og miðlaði Ólafur fundarmönnum af margþættri reynslu sinni og störfum.

Ólafur sagði Ísland hafa mikla möguleika á sviði markaðssetningar en láta þyrfti af gamaldags auglýsingum þar sem fólki er „skipað“ að koma og sjá náttúru landsins.

Notaði hann auglýsingu 66° norður sem dæmi um vel heppnaða markaðssetningu en í henni væri skírskotað til náttúrunnar og fólki, án orða. Fólki sé boðið að koma og upplifa sjálft sig í íslensku umhverfi. Sem dæmi um illa heppnaða markaðssetningu benti Ólafur á auglýsingu flugfélags þar sem fólki var sagt að koma og sjá fegurð norðurljósanna. Þar væri talað niður til fólks.

Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, sagði á fundinum að forsenda fjölgunar ferðamanna til Íslands utan háannatíma væri markaðssetning lista og menningar. Nefndi hann hátíðirnar Food and Fun og Iceland Airwaves sem vel heppnuð dæmi um slíkt. - kdk


**STÓRI BÓKAMARKAÐURINN**

Perlunni **1. – 11. mars**

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18

**Viltu verða milljónamær?**

**Í dag fá allar konur happaþrennu með bókunum sínum.**




DYNAMO REYKJAVÍK

**LAGER SALA**

**LAGERSALA SKÍFUNNAR**

**SKEIFUNNI 17**

**OPIÐ ALLA DAGA VIKUNNAR**

**11-19**

**SPURNING DAGSINS**



*Anna, lagði lögreglan hald á sönnunargögnin?*

„Ég bara vissi ekki að þetta væri bannað.“

Anna Nicole Grayson, keppandi í Miss Hawaiian Tropic, kom fram á laugardaginn í bikiníi sem saumað var úr íslenska fánanum. Lögfræðingur hjá forsætisráðuneytinu segir fánalög líklega hafa verið brotin.

Óvinsælir yfirmenn lagðir í einelti á renniverkstæði Össurar hf.:

# Lögregla kölluð til vegna ofsókna

**VINNUSTAÐIR** Árásir og ofsóknir gegn yfirmönnum hafa einkennt andrúmsloftið á renniverkstæði Össurar hf. undanfarna mánuði, að sögn starfsmanns. Bílar hafa verið rispaðir, eigur skemmdar og verkstjórum hótað. Lögregla tók skýrslu af starfsmönnum vegna málsins. Starfsmannastjóri Össurar neitar að tjá sig um einstök starfsmannamál, en segir ýmis óæskileg mál koma upp á 230 manna vinnustað.

Starfsmaður fyrirtækisins, sem ekki vildi láta nafns síns getið, segir andrúmsloftið hafa snarversnað þegar skipt var um stjórnendur á renniverkstæðinu fyrir nokkru. Mönnum hafi verið mjög í nöp við stjórnendurna og þá sérstaklega yfirmanninn. Um það leyti hafi ofsóknirnar hafist.



**ÖSSUR** Einna lengst gengu árásirnar þegar 25 lítra olíubrúsi var tæmdur í skáp eins verkstjórans, skápnum læst og lyklinum hent.

Hann segir bíla hafa verið rispaða og úðað á þá ókvæðisorðum, verkstjóra sendar hótanir með SMS og 25 lítra olíubrúsi hafi verið tæmdur inn í skáp eins verkstjórans, skápnum læst og lyklinum fleygt. Svo langt gengu ofsóknirnar að lögregla tók skýrslu af starfsmönnum í tengslum við skemmdir á bifreið.

Björn Guðmundsson, yfirmaðurinn sem árásirnar eru sagðar beinast að, neitar að tjá sig um málið. „Við viljum halda þessu meðal okkar,“ segir Jón Kr. Gíslason, starfsmannastjóri Össurar. „Einstök starfsmannamál verða ekki rædd við fjölmiðla.“ **- sþs**

Frumvarp um jafnréttismál:

# Dagsektir verði heimilaðar

**JAFNRÉTTISMÁL Frumvarp um jafna stöðu og rétt kvenna og karla gerir ráð fyrir að Jafnréttisstofa geti krafið hið opinbera og fyrirtæki um upplýsingar. Fáist þær ekki geti hún lagt á dagsektir. Félagsmálaráðherra kynnti frumvarpsdrögin í gær.**

**Lagt er til að framkvæmdaáætlun fylgi jafnréttisáætlunum fyrirtækja sem skal endurskoða á þriggja ára fresti. Sé því ekki sinnt megi leggja dagsektir á viðkomandi fyrirtæki. Þá er launaleynd afnumin.**

**Stefnt er að því að leggja frumvarpið fram í haust.** **- ghs**

Heiðmerkurdeilan:

# Framkvæmdaleyfi veitt í gær

**UMHVERFISMÁL** Skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti í gær umsókn Kópavogsbæjar um framkvæmdaleyfi vegna vatnslagnar í Heiðmörk.

Framkvæmdir geta því hafist að nýju í dag. Þær hafa legið niðri í rúmlega þrjár vikur eftir að í ljós kom að leyfi til þeirra hafði ekki verið gefið út.

Leyfið er háð sjö skilyrðum, meðal annars að minnst vikulegir samráðsfundir verði haldnir með Skógræktarfélagi Reykjavíkur og að félaginu verði tilkynnt þegar taka þarf upp tré vegna framkvæmdanna.

Einnig geta eftirlitsaðilar vatnsverndarsvæðisins haft eftirlitsmann á svæðinu allan framkvæmdatímann, á kostnað framkvæmdaraðila. **- kóp**

# Lilja Viðarsdóttir sendiherra látin



**LILJA VIÐARSDÓTTIR**

Lilja Viðarsdóttir, sendiherra og aðstoðarframkvæmdastjóri Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), andaðist á Landspítala - háskólasjúkrahúsi í gær, 49 ára að aldri. Hún var í fararbroddi þeirra embættismanna sem sömdu fyrir Íslands hönd um Evrópska efnahagssvæðið og gegndi lykilstörfum við rekstur þess samnings alla tíð síðan.

Lilja var skipuð sendiherra í utanríkisþjónustu Íslands árið 2006 og tók á sama tíma við starfi aðstoðarframkvæmdastjóra EFTA. Hún lætur eftir sig eiginmann, Roger Verbrugghe, auk móður og systkina.

# Ríkið auglýsir hlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja

**Hlutur ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja er til sölu. Ögmundur Jónasson segir þetta skref í þá átt að koma grunnþjónustu í hendur einkaaðila. Einar Oddur Kristjánsson segir heimild til sölunnar hafa verið til staðar árum saman.**

**ORKUMÁL** Tilhögun á sölu 15,2 prósenta eignarhlutar íslenska ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja var kynnt með auglýsingu í gær. Þetta er í fyrsta sinn sem ríkið býður hlut í orkufyrirtæki til sölu til einkaaðila. Allir þeir sem starfa eða hafa búsetu á Íslandi eða innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) er frjálst að bjóða í hlutinn. Auk þess geta þeir aðilar sem standa fyrir utan það svæði, en starfa eða hafa búsetu í landi sem Ísland hefur gert sérstaka þjóðréttarlega samninga við, boðið í hlutinn. Stefnt er að því að söluferlinu ljúki í lok aprílmánaðar.

Samkvæmt samþykktum Hitaveitu Suðurnesja á félagið sjálft og núverandi hluthafar þó forkaupsrétt á eignarhlutnum. Það þýðir að Hitaveitan eða eigendur hennar geta nýtt sér rétt til að kaupa hlutinn á sömu forsendum og besta tilboð annarra aðila byggist á.

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, segir þetta augljóslega vera lið í einkavæðingaráformum ríkisstjórnarinnar í orkumálum. „Þarna er verið að stíga skref í átt að því að einkavæða þennan geira og koma grunnþjónustunni í hendur einkaaðila. Ég tel þetta vera mikið óheillaspor sem menn eru að stíga með þessu. Dæmi erlendis frá hafa enda sýnt að það hefur ekki gefið góða raun að fara með þessi gæði út á markaðstorgið.“

Hann segir tímasetningu sölunnar vera mjög óeðlilega. „Menn ættu að bíða eftir nýrri ríkisstjórn í vor í stað þess að notfæra sér síðustu metra þessarar trausti rúnu ríkisstjórnar til þess að hrinda þessum áformum í framkvæmd. Og það liggur ekki vafi á því að kjósi menn þessa ríkisstjórn yfir sig að nýju þá verður haldið áfram að einkavæða almannaþjónustuna í enn stærra mæli en fram til þessa.“



**HITAVEITA SUÐURNESJA** Ríkið hefur auglýst 15,2 prósenta hlut sinn í félaginu til sölu. Þetta er í fyrsta sinn sem ríkið býður hlut sinn í orkufyrirtæki til sölu til einkaaðila.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**



**EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON**

Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, segir að heimild fyrir sölunni hafi verið til staðar í fjárlögum árum saman. Hann telur að opinberir aðilar eigi ekki að draga sig að öllu leyti úr nýframkvæmdum í orkumálum. „Það er mjög rangt að opinberir aðilar geti ekki að útvega niðurgreitt fjármagn inn í eina atvinnugrein frekar en aðra.“

Einar Oddur segist þó ekki vera mótfallinn því að ríkið eigi Landsvirkjun áfram. „Það á að loka á Landsvirkjun þannig að hún hætti að virkja. En við getum geymt hana eins og hún er og leyft henni að mala gull. Við eigum hins vegar að láta frjálsu framtaki það eftir að virkja.“ **thordur@frettabladid.is**



**ÍSLENSKI HESTURINN** Rannsóknir á hrossaexemi eru í fullum gangi.

Exem í íslenskum hrossum:

# Ofnæmisvakar einangraðir

**RANNSÓKNIR** Tekist hefur að einangra níu gen í mýflugum sem talin eru vekja ofnæmið sem veldur hinu illræmda sumarexemi í íslenskum hrossum á erlendri grund.

Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, ónæmisfræðingur á Keldum, segir unnið að tilraunum með þróun bóluefnis gegn exeminu. Efnið sé nú tilbúið til frekari prófunar. Jafnframt er unnið að tilraunum til að lækna hross sem fengið hafa sumarexem, annars vegar með því að gefa þeim ofnæmisprótínbygg og hins vegar með því að sprauta þau með ofnæmisprótínum.

Rannsóknir á sumarexeminu hafa staðið í rúm sex ár. Þær eru samstarfsverkefni Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum og Háskólans í Bern í Sviss. **- jss**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Stillti útvarp og keyrði út af

Fólksbifreið keyrði út af Reykjanesbraut í gær og hafnaði úti í móa. Enginn slasaðist en flytja þurfti bílinn á brott með dráttarbifreið. Ökumaður sagðist hafa misst stjórn á bílnum þegar hann var að stilla útvarpið.

## Stálu 42 tommu flatskjá

Brotist var inn í fyrirtæki í austurbæ Reykjavíkur aðfaranótt miðvikudags og stolið þaðan 42 tommu flatskjá. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur engan handtekið fyrir ránið en rannsókn stendur yfir.

BÍLL DAGSINS
BMW 3
Nýskr. 08.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 14 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Utanríkisráðherra vill skoða skipulag útflutningsaðstoðar og markaðsstarfs:

# Ímyndarstofnanir sameinist

**UTANRÍKISMÁL** Sameining Útflutningsráðs, Ferðamálastofu, viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins og fleiri stoða kemur til greina, að mati Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra.

Á ársfundi Útflutningsráðs í gær sagði Valgerður þá er starfa á vettvangi hins opinbera hljóta að spyrja sig hvort ekki væri tímabært að endurskipuleggja í heild hvernig sinna ætti útflutningsaðstoð, menningarútrás og markaðs- og ímyndarmálum Íslands.

Sagði hún mögulegt að tengja slíka vinnu við endurskipulagningu á Stjórnarráðinu og verkaskiptingu ráðuneyta. Varpaði hún áðurnefndum hugmyndum fram sem verðugu íhugunarefni.

Listir og ímynd þjóða var yfirskrift ársfundarins og ræddi Valgerður um ímynd Íslands út frá mörgum hliðum. Hún vék að því að ímynd þjóðar ræðist ekki eingöngu af því að eiga frambærilega listamenn og sterk fyrirtæki heldur réði stefna þjóðar í þróunarmálum, friðargæslu og mannúðarmálum miklu um það traust sem þjóð nýtur á alþjóðavettvangi. Hún er því þeirrar skoðunar að Ísland eigi að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi í þessum málaflokkum og það sé ekki síst mikilvægur þáttur í að styrkja ímynd landsins. **- shá**



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Telur tímabært að endurskoða menningar-, markaðs- og ímyndarmál Íslands í samhengi við hugmyndir um breytta verkaskiptingu ráðuneyta.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

www.toyota.is

# risaSMÁR



ÍSLENSKA SIA.IS TOY 36613 03/07

## Yaris. Hann er risaSMÁR

**Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.**
**En risaSMÁR er snilld.**
Bleiur eru ekki stórar eða efnismiklar og raunar eru þær alltaf að verða betri og efnisminni. Samt koma þær í veg fyrir mörg lítil slys og stundum stór slys.
Bleiur veita barninu ómælt öryggi. Bleiur eru risaSMÁAR.
**Nýr Yaris** er ekki stór og ekki lítill heldur. Yaris fékk 5 stjörnur á NCAP árekstraröryggisprófinu og veitir mikið öryggi. Það er ekki lítið atriði.
Yaris er risaSMÁR.

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.
En risaSMÁR er snilld.



**Verð frá 1.515.000 kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 420-6600 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 | Toyota Austurlandi<br>Miðási 2<br>Egilsstaðir<br>Sími: 470-5070 |

## GENGIÐ 07.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,51 | 67,83 |
| Sterlingspund | 130,25 | 130,89 |
| Evra | 88,55 | 89,05 |
| Dönsk króna | 11,888 | 11,958 |
| Norsk króna | 10,874 | 10,938 |
| Sænsk króna | 9,554 | 9,610 |
| Japanskt jen | 0,5794 | 0,5828 |
| SDR | 101,36 | 101,96 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

121,2556

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dæmdur í 15 mánaða fangelsi og til greiðslu skaðabóta fyrir kynferðisbrot:

# Níddist á barnabarni sínu

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands í fimmtán mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn sonardóttur sinni sem var tíu ára þegar athæfi mannsins hófst. Tólf mánuðir af refsingunni voru skilorðsbundnir.

Það var 21. ágúst 2006 sem Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar bað lögreglu um að rannsaka ætluð kynferðisbrot mannsins gagnvart barnabarni hans. Við yfirheyrslur viðurkenndi maðurinn brot sín, en taldi barnið ekki hafa verið „mótfallið“ athæfinu.

Við rannsókn málsins kom fram að kynferðisbrotin höfðu staðið í meira en tvö ár.



**HÉRAÐSDÓMUR NORÐURLANDS EYSTRA** Dæmdi afann í 15 mánaða fangelsi, þar af 12 mánuði skilorðsbundna til fimm ára.

Fram kemur að hegðun stúlkunnar breyttist mjög eftir að kynferðislegt ofbeldi afans gegn henni hófst. Hún hafði verið lífsglöð og kát stúlka og félagslega sterk. Svo fór hún að sækja í einveru, varð lífsleið og ræddi jafnvel um að fyrirfara sér. Hún var oft með höfuðverk og illt í maga, án þess að nokkrar skýringar fyndust á því.

Dómurinn segir að maðurinn, sem er 74 ára ellilífeyrisþegi, hafi með kynferðisbrotum gegn 10-12 ára barnabarni sínu, brotið gegn því sem barn á að njóta í samvistum við nána fjölskyldu sína. Hann var dæmdur til að greiða barninu 850 þúsund krónur í miskabætur og hálfa milljón í sakarkostnað. - jss

Áras og rán á Laugaveginum:

# Stálu 800 krónum af Bretum

**LÖGREGLUMÁL** Þrír menn um þrítugt réðust á tvo tvítuga Breta við Laugaveg 77 aðfaranótt miðvikudags og stálu af þeim 800 krónum. Mennirnir beittu Bretana ofbeldi í árásinni en voru meiðsli þeirra ekki alvarleg að sögn lögreglunnar. Þremenningarnir lömdu einnig mann sem varð vitni að árásinni og ætlaði að aðstoða Bretana. Hann slasaðist ekki alvarlega.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók tvo af mönnunum skömmu eftir árásina. Þeir gistu fangageymslur lögreglunnar og voru yfirheyrðir í gær. - ifv

Ungur fangi á Litla-Hrauni:

# Strauk af tannlæknastofunni

**LÖGREGLUMÁL** Átján ára gamall fangi, sem er í afplánun á Litla-Hrauni, gerði tilraun til að strjúka af tannlæknastofu við Austurveg á Selfossi í gærmorgun. Tveir fangaverðir fylgdu manninum á tannlæknastofuna. Hann bað um að fá að fara á klósettið en hljóp þá út og niður Tryggvagötu með fangaverðina á hælunum. Maðurinn fór inn í félagsmiðstöðina Zelsíus og reyndi að fela sig fyrir fangavörðunum sem náðu að hlaupa hann uppi.

Hann sýndi mótþróa við handtöku. Fangelsismálastofnun ákveður hvort refsingin yfir manninum verður þyngd vegna strokutilraunarinnar, að sögn lögreglunnar á Selfossi. - ifv

Vefurinn island.is opnaður:

# Veflykill að samfélaginu

**FÉLAGSMÁL** Vefsíðan island.is var opnuð í gær en markmiðið er að hún verði einskonar lykill að íslensku samfélagi. Vefsíðan er samstarfsverkefni ríkisstofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga og var Geir H. Haarde sá fyrsti sem vafraði um vefsíðuna. Á síðunni geta almenningur og fyrirtæki nálgast hagnýtar upplýsingar, afgreitt erindi sín og fengið aðgang að málum og upplýsingum sem varða samskipti við opinbera aðila. - kdk



**VEFURINN ISLAND. IS OPNAÐUR** Forsætisráðherra, Geir H. Haarde, opnar þjónustuveituna ásamt Fjólu Agnarsdóttur verkefnisstjóra.

# Framtíðin liggur í sambandi við Evrópu

**Framsóknarflokkurinn telur framtíð alþjóðastarfs liggja í samstarfi við Evrópu. Aðild er ekki valkostur að svo stöddu en það á ekki að útiloka neitt, segir í séráliti Framsóknarflokksins. Vinstri græn og Sjálfstæðisflokkur með sameiginlega bókun.**

**STJÓRNMÁL** Ísland er Evrópuþjóð og framtíð þjóðarinnar liggur í nánu samstarfi við aðrar þjóðir innan Evrópu. Þetta kemur fram í séráliti Framsóknarflokksins í Evrópunefnd sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Í álitinu koma einnig fram skýr skilaboð um að íslensk stjórnvöld geti ekki framhjá því horft að „mikilvægasta og umfangsmesta alþjóðasamstarf sem Ísland tekur þátt í“ sé náið samstarf við Evrópulönd.

Hjálmar Árnason, annar fulltrúa Framsóknarflokksins í Evrópunefnd og þingflokksformaður flokksins, telur ekki vera hægt að horfa framhjá því að aðild að Evrópusambandinu sé möguleiki í framtíðinni. „Við teljum ekki tímabært að huga að aðild að Evrópusambandinu að svo stöddu en það er ófaglegt að útiloka aðild til framtíðar litið. Við þurfum þó að huga að því að efla stöðu okkar í Evrópusamstarfi og það er vel mögulegt.“

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hafa fulltrúar Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks náð samkomulagi um sameiginlega bókun. Flokkarnir ætla þó að leggja einnig fram sérstaka bókun hvor í sínu lagi.

Vinstri græn og Sjálfstæðisflokkur leggjast alfarið gegn Evrópusambandsaðild samkvæmt drögum af niðurstöðum nefndarinnar sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Það kemur meðal annars fram að þrátt fyrir að ýmsir kostir fylgi aðild að Evrópusambandinu þá „sé hitt fullljóst að þeir hagsmunir og réttindi sem glatast við aðild vegi miklu þyngra en kostirnir“.



„Það er ófaglegt að útiloka aðild til framtíðar litið.

**HJÁLMAR ÁRNASON**
ÞINGMAÐUR
FRAMSÓKNARFLOKKSINS

Samfylkingin hyggst leggja fram sérstaka bókun í nefndinni líkt og Frjálslyndi flokkurinn.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur stýrt nefndarstarfinu en aðrir fulltrúar í nefndinni eru Össur Skarphéðinsson og Ágúst Ólafur Ágústsson fyrir Samfylkinguna., Hjálmar Árnason og Jónína Bjartmarz fyrir Framsóknarflokkinn, Einar K. Guðfinnsson og Björn fyrir Sjálfstæðisflokkinn, Ragnar Arnalds og Katrín Jakobsdóttir fyrir Vinstri græn og Brynjar Sindri Sigurðsson fyrir Frjálslynda flokkinn. magnush@frettabladid.is



**FÁNABORG EVRÓPUSAMBANDSINS** Framsókn vill ekki útiloka aðild að Evrópusambandinu líkt og VG og sjálfstæðismenn. NORDICPHOTOS/AFP



**Á GÖTU Í BAGDAD** Írösk mæðgin ganga framhjá bíl með líki sjálfsmorðsárásarmanns. NORDICPHOTOS/AFP

Sjálfsmorðsárásir í Írak:

# Áfram ráðist á sjía-pílagríma

**ÍRAK, AP** Á annan tug sjíapílagríma biðu bana í sprengjuárásum í Írak í gær, daginn eftir að 120 pílagrímar fórust í sjálfsmorðsárás.

Talið er að súnní-múslimar hafi staðið að árásunum, sem beindust að pílagrímum á göngu til Karbala, sem er um 80 kílómetra suður af Bagdad. Um helgina lýkur 40 daga sorgartíð meðal sjía-múslima sem minnast með því láts trúarleiðtogans Husseins í Karbala á sjöundu öld.

Dregið hefur úr ofbeldi í Bagdad á þriðju viku sameiginlegrar herferðar Bandaríkjanna og Íraks til að auka öryggi í borginni. En bandarískir herforingjar segja ofbeldismenn hafa flúið út fyrir borgina. - sdg

## SKOTLAND

### Fékk bætur vegna ruslpósts

Skoti, sem var orðinn þreyttur á að fá ruslpóst í tölvupósthólfið sitt, fékk tæplega hundrað þúsund krónur greiddar í bætur eftir að hann ákvað að fara í mál við fyrirtæki sem sendi honum óvelkominn ruslpóst. Auk bótanna var sendandinn dæmdur til að greiða áttatíu þúsund krónur í málskostnað.








Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**HVESSIR MEÐ VÆTU**

Það er að hvessa smám saman með suðurströndinni nú með morgninum samfara úrkomu sem nálgast. Á syðstu annesjum gæti vindhraðinn slegið yfir 20 m/s síðar í dag og einnig gæti orðið talsvert hvasst á sunnanverðu Snæfellsnesi. Austan til á Norðurlandi og á Austfjörðum verður vindur hægari.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hæg breytileg átt í fyrstu. Austan 8-13 m/s eftir hádegi með rigningu. Lægir í kvöld. Hiti 3-5 stig.

um hádegi »



» á morgun



5-13 m/s, hvassast á Vestfjörðum.

» laugardagur



Hæg breytileg átt í fyrstu. Hvöss SA átt síðdegis.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C alskýjað | London | 12°C hálfskýjað | Alicante | 20°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 7°C skúrir | París | 13°C skúrir | Mallorca | 14°C rigning |
| Osló | 4°C skúrir | Frankfurt | 10°C alskýjað | Algarve | 19°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 4°C skúrir | Friedrichshafen | 5°C rigning | Krít | 17°C heiðskírt |
| Gautaborg | 5°C skúrir | Berlín | 12°C léttskýjað | Las Palmas | 21°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.





## Misstu ekki af glæsilegri sýningu!

TÆKNI OG VIT 2007

Kynntu þér það nýjasta í íslenskri hátækni á einum stærsta viðburði sem haldinn hefur verið hér á landi í tækni- og þekkingariðnaði. Yfir 100 sýnendur af öllum sviðum tæknigeirans kynna vörur sínar og þjónustu fyrir fagaðilum og almenningi.

Á Tækni og vit 2007 verða meðal annars fjölmörg tölvufyrirtæki, hugbúnaðar-, vélbúnaðar- og netfyrirtæki, auk fjarskiptafyrirtækja, orkufyrirtækja og iðntæknifyrirtækja ásamt opinberum stofnunum, sveitarfélögum, ráðuneytum, skólum, fjármálafyrirtækjum og fjölmiðlum.

### SÝNINGARTÍMI OG VERÐ

| Sýningartími: | Fagaðilar | Almennir gestir |
|---|---|---|
| Fimmtudagur 8. mars | 18:00-21:00 | |
| Föstudagur 9. mars | 11:00-19:00 | |
| Laugardagur 10. mars | 12:00-17:00 | 12:00-17:00 |
| Sunnudagur 11. mars | 12:00-17:00 | 12:00-17:00 |
| Verð aðgöngumiða | 2.000 kr. | 1.200 kr. |

**Námsmenn, ellilífeyrisþegar og öryrkjar greiða 900 kr.**
**Athugið að miði fyrir fagaðila gildir alla sýningardagana.**
**Frítt fyrir börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorðnum.**

## Kynntu þér sýninguna á www.taekniogvit.is

AP almannatengsl / H2 hönnun

AP sýningar, sem eru í eigu AP almannatengsla ehf., sjá um framkvæmd sýningarinnar í samvinnu við samstarfsaðila.

samstarfsaðilar: Forsætisráðuneyti, Fjármálaráðuneyti, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, SI Samtök iðnaðarins, Háskólinn í Reykjavík Reykjavik University, Orkuveita Reykjavíkur, TM Software

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú notað stinningarlyf?*

| | |
|---|---|
| Já | 5% |
| Nei | 95% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að það eigi að setja aldurstakmörk á notkun ljósabekkja?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Mikilvægar þingkosningar fóru fram á Norður-Írlandi í gær:

# Vonir um endurreisn heimastjórnar

**BELFAST, AP** Íbúar Norður-Írlands gengu til þingkosninga í gær og eru vonir bundnar við að kosningarnar geti markað endurreisn heimastjórnar á Norður-Írlandi.

Undanfarin fjögur og hálft ár hefur stjórnmálamönnum ekki tekist að ná samkomulagi um samstarf. Bresk stjórnvöld ætlast til að nýtt þing muni skipa tólf manna heimastjórn í næstu viku og hefur Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sett 26. mars sem lokafrest. Blair hefur hótað því að leysa upp þingið ef samkomulag um heimastjórn næst ekki fyrir þann dag.

Samkvæmt skoðanakönnunum og spám stjórnmálaskýrenda er útlit fyrir að tveir flokkar sem standa fyrir andstæðar skoðanir almennings, Lýðræðissinnaðir sambandssinnar og Sinn Fein, muni efla stöðu sína sem tveir stærstu flokkarnir á Norður-Írlandi. Lýðræðissinnaðir sambandssinnar er flokkur mótmælenda sem vilja samband við Bretland og Sinn Fein er flokkur kaþólikka sem vilja sameinast Írlandi.

Leiðtogi Lýðræðislegra sambandssinna, Ian Paisley, hefur neitað að starfa með Sinn Fein sem studdi baráttu Írska lýðveldishersins (IRA) gegn breskum yfirráðum á Norður-Írlandi.

**- sdg**




**Á KJÖRSTAÐ** Kaþólsk nunna mætti á kjörstað til að greiða atkvæði. NORDICPHOTOS/AFP

Karlmaður dæmdur í fangelsi:

# Nefbraut tvo í Hveradölum

**DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur karlmaður hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af fimm skilorðsbundna, fyrir að hafa nefbrotið tvo menn í Skíðaskálanum í Hveradölum í apríl í fyrra. Hann skallaði annan þeirra í andlitið en sló hnefanum framan í hinn.**

**Í yfirheyrslum hjá lögreglu sagði maðurinn að sökum ölvunar myndi hann ekki eftir neinu sem gerðist í Skíðaskálanum þetta kvöld. Maðurinn rauf skilorð með brotinu. Honum var einnig gert að greiða mönnunum skaða- og miskabætur sem og sakarkostnað í málinu.**

**- ifv**

# Losun eiturefna tvöfaldast við stækkun í Straumsvík

**Losun mengandi efna mun að minnsta kosti tvöfaldast ef framleiðslugeta álversins í Straumsvík verður aukin í 460 þúsund tonn. Hrannar Pétursson segir Alcan aldrei hafa haldið því fram að losun aukist ekki.**

**UMHVERFISMÁL** Stefán Georgsson verkfræðingur segir að losun mengandi efna muni meira en tvöfaldast ef framleiðslugeta álvers Alcan í Straumsvík verður aukin úr 180 þúsund tonnum í 460 þúsund tonn. Í útreikningum Stefáns kemur meðal annars fram að losun koltvíoxíðgilda muni að minnsta kosti aukast úr um 283 þúsund tonnum árið 2005 og í tæplega 728 þúsund tonn eftir stækkun. Þá muni losun brennisteinstvíoxíðs aukast um 40 prósent og heimildir til losunar flúoríðs rúmlega tvöfaldast.

Þegar deiliskipulagstillaga um stækkunina lá fyrir gáfu bæjaryfirvöld í Hafnarfirði og Alcan út yfirlýsingu sem sagði að mengun frá stækkuðu álveri yrði svipuð og áður. Stefán segir að sú yfirlýsing hafi horft einkennilega við sér.



**STEFÁN GEORGSSON**

„Ég hafði því samband við upplýsingafulltrúa bæjarins og spurði hana hver mengunin hefði verið árið 2005 og hver hún kæmi til með að verða eftir stækkunina í tonnum á ári. Hún svaraði því ekki en benti mér á að lesa starfsleyfi hins stækkaða álvers, grænt bókhald Alcan frá 2005 og deiliskipulagsgögnin. Þar lægju þessar upplýsingar fyrir. Ég tók því saman lægsta mögulega gildið miðað við þessar heimildir og komst að þessari niðurstöðu.“

Hann segir losunina tvöfaldast fyrir flest þau efni sem álverið lætur frá sér. „Ég held að það sé óumdeilt að svo er. Hvað það er sem fólk kallar mengun verða menn svo að eiga við sína samvisku. Sú mengun sem fýkur út í hafsauga er í mínum huga líka mengun, en er það greinilega ekki í huga bæjaryfirvalda. Mér finnst rétt að þetta komi líka fram. Alcan hefur að mörgu leyti staðið sig ágætlega í umhverfismálum. En það breytir ekki því að stærra álver þýðir mun meiri losun.“

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, segir að fyrirtækið hafi aldrei haldið því fram að losun muni ekki aukast við stækkun. „Það sér hver maður að það fær ekki staðist. En við höfum viljað að menn skoði þetta í heildina. Varðandi flúorlosun þá ráðgerum við til dæmis að hún verði svipuð eftir stækkun og hún var árið 2003. Losunarheimildir fyrir flúor myndu aukast um 25 prósent við stækkun á sama tíma og framleiðsluaukningin yrði 150 prósent. Það er því ekki hægt að taka framleiðsluaukninguna og margfalda upp allan skalann. Þannig að okkur finnst þetta ekki alveg rétt framsetning á málinu.“



**HRANNAR PÉTURSSON**

**thordur@frettabladid.is**



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Verkfræðingur segir að losun mengandi efna frá álveri Alcan í Straumsvík rúmlega tvöfaldist ef stækkun þess verður að veruleika. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Eiður Smári Guðjohnsen:

# Skoraði fyrsta milljónamarkið



**FAGNAÐ** Mark Eiðs Smára gegn Liverpool færði Umhyggju eina milljón króna. NORDICPHOTOS/AFP

**FÉLAGSMÁL** Samstarf Eimskips og Eiðs Smára um víðtækt samkomulag um styrki til góðgerðarmála bar ávöxt á þriðjudagskvöld þegar Eiður Smári Guðjohnsen skoraði fyrir Barcelona gegn Liverpool í meistaradeild Evrópu. Eimskip hét einni milljón króna á Umhyggju, félag til styrktar langveikum börnum, fyrir hvert mark sem Eiður Smári skoraði með Barcelona í deildinni.

Góðar líkur eru á að fleiri samtök til styrktar börnum muni njóta góðs af þessu samkomulagi. Þannig mun Eimskip styrkja Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna, um hálfa milljón króna fyrir hvert mark sem landsliðsfyrirliðinn skorar í spænsku deildinni.

**- shá**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Eldur í hjólaskóflu

Eldur kom upp í hjólaskóflu á Hnífsdalsvegi í Hnífsdal um sjöleytið í gærmorgun. Verið var að moka snjó af veginum með vinnuvélinni. Ökumanni hjólaskóflunnar tókst að slökkva eldinn áður en slökkvilið á Vestfjörðum kom á vettvang. Hjólaskóflan skemmdist ekki mikið í brunanum.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Efnafræðingur segir starfsleyfi stækkaðs álvers fela í sér rýmri mengunarheimildir:

# Alcan má menga enn meira

**HEILBRIGÐISMÁL** Finnbogi Óskarsson, efnafræðingur við Háskóla Íslands, segist ekkert hafa við útreikninga né framsetningu Stefáns Georgssonar að athuga. „Hann tiltekur þrjár heimildir: grænt bókhald Alcan frá árinu 2005, starfsleyfið sem gefið var út fyrir stækkað álver og markmiðin sem Hafnarfjarðarbær og Alcan settu fram um að stefna að minni brennisteinslosun. Miðað við þær forsendur er ekkert við þessa framsetningu að athuga.“

Hann segir að heimildir Alcan til losunar muni þó verða töluvert rýmri en útreikningar Stefáns sýni verði stækkunin að veruleika. „Stefán notast við lægsta gildi á mengun eftir stækkun. Starfsleyfið miðar hins vegar við hæstu mögulegu gildi. Þar myndi losun flúors að vísu ekki breytast og hámarkið yrði áfram 228 prósent af þeirri losun sem er núna. En samkvæmt starfsleyfinu má Alcan auka losun svifryks upp í 327 prósent af núverandi losun, sem er um 70 prósent meira en kemur fram í tölum Stefáns. Það sama gildir um brennisteinsoxíðið. Þar býður starfsleyfið upp á 279 prósent losun af því sem er núna, eða 180 prósenta aukningu. Koltvíoxíðgildin mega síðan aukast í 284 prósent af núverandi losun þeirra. En maður ætlar það alltaf að Alcan vilji draga úr menguninni, þó ég hafi ekki séð neitt sem bendir til þess að þeir geri það.“

**- þsj**



**FINNBOGI ÓSKARSSON** Segir Stefán notast við lægsta gildi á mengun eftir stækkun. Starfsleyfi hins stækkaða álvers miði hins vegar við hæstu mögulegu gildi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Danskir dagar







**Tulip** álegg og kæfur
- í úrvali á dönskum dögum




**Royal Greenland** frystivörur
- í miklu úrvali




**Lasagne Bolognese**
- tilbúið í ofninn




**Underground** ís
- 5 bragðtegundir




**Bisca**
- smákökur í úrvali




**Odense** frosnar desertkökur
- Ómótstæðilega góðar



**Urtekram** fair trade vörur
- í miklu úrvali




**Kexmiðjan** möffins
- á danska vísu




**Jolly**
- á dönskum dögum




**Bisca Bites**
- kökubitar, góðir með kaffinu

Gildir til 12. mars eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða tveir stjórnmálaflokkar, sem yfirleitt eru ósammála, sameinast í afstöðu gegn ESB?*

2 *Hvaða Afríkuþjóð fagnaði 50 ára sjálfstæði í fyrradag?*

3 *Hvernig hljómar nýyrðið sem lýsir hægrisinnaðri íhaldssemi og er tileinkað ákveðnum stjórnmálafræðingi?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Farþegaflugvél fórst við lendingu á Jövu:

# Á þriðja tug manna fórust

**INDÓNESÍA, AP** Á þriðja tug manna fórust þegar indónesísk farþegaflugvél brotlenti á flugvelli í Yogyakarta í gær. Flestir þeirra sem fórust urðu eldi að bráð sem kviknaði í flakinu við brotlendinguna.

Meira en 115 manns sluppu hins vegar úr flakinu, sumir þó illa særðir.

Eftirlifandi farþegar, sumir blóðugir og örmagna, sögðu vélina hafa hrist mikið þegar hún var að lenda. Síðan sentist hún út af flugbrautinni, braut niður girðingu og nam loks staðar á hrísgrjónaakri.

„Skyndilega var kominn reykur í farþegarými vélarinnar, hún skall á flugbrautinni og lenti úti á hrísgrjónaakri,“ sagði íslamski klerkurinn Dien Syamsudin í útvarpsviðtali. „Ég sá útlending. Það var eldur í fötunum hans og ég stökk út um neyðarútganginn.“

Um nítján útlendingar voru um borð í vélinni, nærri helmingur þeirra frá Ástralíu.



**ELDUR KVIKNAÐI VIÐ BROTLENDINGUNA** Flestir þeirra sem fórust brunnu inni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Undanfarna mánuði hafa stór slys verið óvenjutíð í Indónesíu. Seint í desember sökk farþegaferja í óveðri á Javahafi og fórust meira en 400 manns með henni. Fáeinum dögum síðar hrapaði farþegaþota í hafið og fórust með henni 102 manns. Þá sökk skip skammt út af höfninni í Jakarta. - gb

Samtök heimilis og skóla:

# Vinaleið verði utan skólastarfs

**MENNTUN** Stjórn Heimilis og skóla telur að Vinaleið Þjóðkirkjunnar skuli standa „börnum og forsvarsmönnum þeirra til boða utan húsakynna skóla, eftir að skóladegi lýkur“, eins og segir í ályktun.

Stjórnin hvetur sveitarfélög til að taka af öll tvímæli um eðli þjónustu sem boðið er upp á í skólum og marki sér starfsreglur um alla viðbótarþjónustu, svo sem kostun utanaðkomandi aðila.

Tekið er fram að stjórnin telji tilgang Vinaleiðarinnar ekki vera trúboð, að þeim misskilningi þurfi að eyða. Einnig átelur stjórnin hvernig staðið var að kynningu starfseminnar. - kóþ



**LOKASPRETTURINN** Fjöldi fólks vann við að koma öllu í gott stand fyrir opnun.

Tækni og vit hefst í dag:

# Kynna tækni- og þekkingariðnað

**TÆKNI** Fagsýningin Tækni og vit hefst í Fífunni í dag en þar kynna fyrirtæki og stofnanir nýjungar og þjónustu í hátækni- og þekkingariðnaðinum.

Almenningi býðst að sækja sýninguna um helgina en í dag og á morgun verður hún aðeins fyrir fagaðila. Í fréttatilkynningu segir að allir sem hafi áhuga á því nýjasta í tækniþróun séu velkomnir en aðgöngumiðinn kostar 1.200 krónur fyrir einn dag. - sþs

Sviðsstjóri framkvæmdasviðs um viðræður við Fasteign um leigu í Lækjargötu:

# Málið rann út í sandinn

**REYKJAVÍK** Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, segir að ekki hafi legið fyrir formleg ákvörðun um að flytja umhverfis- og tæknisvið og skipulags- og byggingasvið borgarinnar í sameiginlegt húsnæði við Lækjargötu 12. Nú er stefnt að flutningi á Höfðatorg við Borgartún.

Flutningur sviðanna undir eitt þak var til umfjöllunar í borgarkerfinu á árunum 2003 og 2004 og var niðurstaðan þá að leigja húsnæði af eignarhaldsfélaginu Fasteign sem stefndi að byggingu nýs húss að Lækjargötu 12. Hrólfur segir málið hafa runnið út í sandinn. „Talsverð mótmæli komu fram og ljóst að skipulaginu hefði þurft að breyta. Það var aldrei tekin formleg ákvörðun og ég er klár á því að það var búið að slíta öllum viðræðum og segja þeim það,“ segir Hrólfur og á við forsvarsmenn Fasteignar.



**HRÓLFUR JÓNSSON**

Á borgarráðsfundi í dag verða væntanlega lögð fram svör við fyrirspurn Samfylkingar og Vinstri grænna um hvers vegna ekki hafi verið farið í útboð Borgarhúss við Lækjargötu, hver hafi ákveðið að semja við Eykt nú, samanburð á leiguverði og hvað felist í heimild borgarstjóra til að ganga til viðræðna um 1.700 fermetra til viðbótar við þá allt að 7.000 sem fyrirhugað er að leigja. - ghs



**STÓRHÝSI RÍS** Borgin mun leigja sjö þúsund fermetra á Höfðatorgi. Áformað er að tvö svið borgarinnar verði þar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Borgarstjóri um húsnæðismál:

# R-listinn samdi án útboðs

**REYKJAVÍK** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri segir að R-listinn hafi samþykkt árið 2004 að semja við Fasteign um leigu á húsnæði við Lækjargötu. Það hafi verið gert án útboðs. Málið hafi gufað upp þar til nú. Því sé verið að klára verk sem R-listanum tókst ekki að ljúka vegna óeiningar.



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON**

Vilhjálmur segir embættismenn borgarinnar ekki hafa skipt um skoðun þó nú sé lagt til að flutt verði á Höfðatorg. Embættismaður sem lagði til flutning í Lækjargötu sé hættur. Leit að húsnæði hafi haldið áfram og niðurstaðan sú að Höfðatorg hentaði best. - ghs


EGILSSTAÐIR – REYÐARFJÖRÐUR

ÍAV



OPIÐ HÚS

FÖSTUDAGINN 9. MARS KL. 14–18
LAUGARDAGINN 10. MARS KL. 12–17

ÞÉR OG ÞÍNUM ER BOÐIÐ Í HEIMSÓKN!

Sýning á nýjum og fullbúnum húsum við Norðurtún 33, Egilsstöðum og Melbrún 6, Reyðarfirði.

- Sérlega falleg hús, eikarparket á gólfum og innanstokksmunir frá Marco.
- Kaffi og meðlæti á staðnum
  Verið velkomin – sjón er sögu ríkari

Ítarlegarupplýsingar um eignirnar er að finna á www.iav.is

domus FASTEIGNASALA
www.domus.is
Lyngás 5–7 • 700 Egilsstaðir
Sími 545 0555 • Fax 545 0501



www.iav.is

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200, www.iav.is




**Við lögum okkur að þínum þörfum**

Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálafyrirtæki sem þú skiptir við. Hjá Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmuni og þarfir viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.

Fiton/SÍA

www.spar.is

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína



**INNPÖKKUÐ Í PARÍS** Maðurinn á myndinni virðir þarna fyrir sér konu sem lá innpökkuð eins og kjötpakki á götunni í París skammt frá landbúnaðarsýningu. Tilgangurinn var að mótmæla kjötáti og hvetja til grænmetisáts. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki er unnið eftir skráðum siðareglum innan Samtaka ferðaþjónustunnar:

# Menn taki tillit hver til annars

**SAMKEPPNI** Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), segir samtökin ekki hafa skráðar siðareglur.

Erna boðaði til umræðu „vegna blokkbókana og siðareglna almennt“ á fundi hjá SAF 7. september 2004.

„Það eru engar siðareglur til hér á blaði, en menn tala oft um hinar óskráðu reglur, að menn taki tillit hver til annars. En þá eru menn að tala um heildina en ekki einstök fyrirtæki,“ segir Erna.

Blokkbókanir er það kallað þegar ferðaskrifstofur taka frá fjölda herbergja á hóteli. Takist þeim ekki að selja í herbergin er afpantað, oft með eins mánaðar fyrirvara. Þetta þýðir að aðrar ferðaskrifstofur geti ekki pantað fyrr en þá.

„Þess vegna gerist oft í maí að það verður hrun á bókunum. Af þessu [höfðu] menn miklar áhyggjur, því aðrir komast jafnvel ekki að,“ segir Erna.

Aðspurð segir hún óskráðar reglur, til dæmis gegn of miklum blokkeringum, ekki tengjast samráði fyrirtækja. „Nei, það kemur öllum til góða í ferðaþjónustunni að öllum gangi vel. Ef hótel eru ekki með þokkalega nýtingu leggja þau auðvitað upp laupana. Þetta er frjáls markaður, en menn eru oft að ræða hvernig hægt sé að haga hlutunum þannig að ferðaþjónustan gangi sem best.“ - kóþ



**HÚSLEIT SAMKEPPNISSTOFNUNAR** Erna segist hafa verið að tala um almenna tillitssemi þegar hún vísaði í almennar siðareglur. FRÉTTABLAÐIÐ/STÖÐ TVÖ

Fæði á leikskólum borgarinnar:

# Lækkar minna en skatturinn

**VERÐLAG Leikskólaráð ákvað í gær að lækka fæðisgjald leikskólabarna um næstu mánaðamót. Lækkunin hljóðar upp á tæp fimm prósent, fer úr 6.370 krónum í 6.070.**

**Samanlagður kostnaður foreldra leikskólabarna lækkar um tuttugu milljónir á ársgrundvelli.**

**Þetta er gert vegna lækkunar virðisaukaskatts á matvæli en lækkunin er ekki meiri en raun ber vitni því virðisaukaskattur hefur ekki verið innheimtur til fulls í mötuneytum. Forsenda lækkunar er því hráefniskostnaðurinn, 75 prósent útsöluverðs.** - kóþ





Við kynnum **Modern Fusion**™
með fágunarkraft hrískjarnans

Hér er á ferðinni undurlétt sermi, sem sameinar hið frábæra Rice Refinishing complex frá Origins og Rice Optics, sem eykur útgeislunina. Þú munt sjá undraverða breytingu á húðinni.
Deyfð, hrjúfleiki, brúnir blettir, áberandi svitaholur, smáhrukkur og merki um fyrri húðskemmdir af völdum sólar virðast hverfa. Húðin endurheimtir mýktina. Með reglulegri notkun kemur ljóminn og birtan aftur, slétt áferðin og jafn liturinn - og þarmeð æskuglóðin!

Í tilraun sem gerð var sögðu 75% kvenna eftir 4ja vikna reglulega notkun Modern Fusion að húð þeirra væri mýkri, virtist sléttari og hefði meiri útgeislun.

Taktu með þér heim prufur af **Modern Friction**, húðslípikremi og nýju augnkremi, **Dr Weil for Origins, Plantidote Mega Mushroom Eye Serum**. Á meðan birgðir endast.

ORIGINS

Origins ráðgjafi verður í Lyf & heilsu, Kringlunni í dag, föstudag og laugardag.

Lyf & heilsa Kringlunni




**FRUMVARP UM JAFNRÉTTISMÁL** Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, Guðrún Erlendsdóttir, formaður nefndar, og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra kynntu afrakstur nefndar á blaðamannafundi í gær. Meðal annars er stefnt að því að aflétta launaleynd í nýju frumvarpi um jafnréttismál. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýtt tæki til mælinga á launamun kynjanna í þróun:

# Jafnrétti í launum vottað af ríkinu

**JAFNRÉTTISMÁL** Nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins vinnur að því að móta mælitæki til að votta jöfn laun karla og kvenna hjá fyrirtækjum. Þetta er gert í samvinnu við alla háskólana í landinu. Vonir standa til að undirbúningur hefjist fljótlega og hugsanlega verði hægt að taka það í notkun síðar á árinu.

Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, segir að leitað hafi verið leiða til að mæla jafnrétti í fyrirtækjum og finna út hvernig væri hægt að mæla launakerfin. Í Evrópu séu til aðferðir til að mæla jafnrétti. „Okkur datt í hug hvort væri hægt að nota gæðavottunarfyrirkomulagið til að mæla laun og launamun kynjanna í fyrirtækjum. Það hefur hvergi tekist í heiminum en við erum að vinna að þessu og erum komin á mjög áhugaverða slóð,“ segir Ingi Valur.

Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri leggur áherslu á að launavottunarfyrirkomulagið eigi að virka hvetjandi á fyrirtækin og verði unnið í samstarfi við vinnumarkaðinn en mjög jákvæð viðbrögð hafi fengist þaðan.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra kynnti í gær frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem nefnd undir forsæti Guðrúnar Erlendsdóttur, fyrrverandi hæstaréttardómara, vann. Ef frumvarpið nær fram að ganga verður meðal annars launaleynd aflétt. - ghs


# Brúðkaups- og rósasýning Garðheima

## 10. og 11. mars 2007

Brúðarkjólatískusýning – brúðarvendir – veisluborðskraut – veitingar o.fl. - Yfir 60 tegundir rósa á rósasýningunni – nú veljum við rósina í brúðarvöndinn!







GARÐHEIMAR
heimur heillandi hluta og hugmynda
Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300
www.gardheimar.is - gardheimar@gardheimar.is


Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki
BYR
SPARISJÓÐUR
BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is



**Á FJAÐRASTULTUM Í PEKING** Þessir menn fóru allra sinna ferða á nýstárlegum fjaðrastultum í miðborg Peking í gær og vöktu óskipta athygli annarra vegfarenda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norsku „stríðsbörnin“:

## Kæra ríkið til Strassborgar

**STRASSBORG, AP Norsku „stríðsbörnin“, en það eru börn sem þýskir hermenn áttu með norskum konum á hernámsárunum í Noregi, hafa nú kært norska ríkið til Mannréttindadómstóls Evrópu.**

**Þau krefjast skaðabóta og vilja einnig opinbera viðurkenningu á þjáningum sínum, en áratugum saman máttu þau þola mismunun og fordóma.**

**Norskir dómstólar hafa úrskurðað að ríkið beri enga ábyrgð á neinu sem gerðist fyrir 1952, þegar Noregur undirritaði Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.**

**Krafa þeirra nú er hins vegar byggð á því að mismununin hafi haldið áfram áratugum saman.**

- gb

# Kaupréttur vegna hagsmuna hluthafa

**Forstjóri Glitnis vissi um kauprétt æðstu stjórnenda Baugs við stofnun félagsins. Jón Gerald Sullenberger er sakaður um að hafa hótað að valda Baugi ímyndarskaða við lok viðskipta Baugs við fyrirtæki hans í Bandaríkjunum.**

**BAUGSMÁL** Forstjóri Glitnis kannaðist við að kveðið hafi verið á um kauprétt æðstu stjórnenda í samningum þegar Baugur var stofnaður, en sagði stjórn hafa átt að ákveða hverjir fengu slík kaupréttarákvæði.

Vitnaleiðslur héldu áfram í Baugsmálinu í gær og var Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, kallaður fyrir dóminn. Hann sagði frá aðkomu bankans að stofnun Baugs, og samningum um hlutafjárkaup.

Raunar var það ekki Glitnir sem kom að stofnuninni heldur Fjárfestingarbanki atvinnulífsins (FBA), sem sameinaðist Íslandsbanka, sem síðar breytti um nafn og varð Glitnir.

Bjarni sagði að hann myndi til þess að í samningi við stofnun Baugs hafi verið kveðið á um að fjórum prósentum af bréfum í fyrirtækinu yrði ráðstafað til stjórnenda með kaupréttarákvæðum. Hann sagði það hafa verið hagsmunir hluthafa að tengja laun stjórnenda gengi fyrirtækisins með þessum hætti. Það hafi svo verið stjórnar að ákveða hverjir ættu að njóta kaupréttar.

Fram hefur komið við vitnaleiðslur af stjórnarmönnum og endurskoðendum að þeir hafi ekki vitað af kaupréttinum sem Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, Tryggvi Jónsson aðstoðarforstjóri og Óskar Magnússon stjórnarformaður nutu frá stofnun félagsins 1998.

Bjarni var einnig spurður um kaup norska fyrirtækisins Reitangruppen á 20 prósenta hlut í Baugi, og þær skýringar núverandi og fyrrverandi stjórnenda Baugs að Baugur hafi fengið hlut af söluþókn-un sem FBA og Kaupþing áttu að fá fyrir að selja bréfin, þar sem Baugur hafi kynnt Reitangruppen til sögunnar. Bjarni staðfesti að rætt hefði verið að Baugur fengi hlut í þóknun vegna þessa, en hann gat ekki staðfest að af því hefði orðið.

Árni Pétur Jónsson, sem var yfirmaður matvörusviðs Baugs frá árinu 2001, sagði dóminum frá samskiptum sínum við Jón Gerald Sullenberger, eiganda fyrirtækisins Nordica í Bandaríkjunum og einn ákærða í málinu. Hann lýsti meðal annars endalokum viðskiptasambandsins milli Nordica og Baugs og sagðist aldrei hafa verið sáttur við viðskiptin.

Árni lýsti símtali sem hann sagðist hafa átt við Jón Gerald, þar sem sá síðarnefndi hafi í reiði hótað því að valda Baugi gríðarlegum ímyndarskaða. Hann sagðist í kjölfarið hafa rætt þessa hótun við Jón Ásgeir, sem hafi sagt honum að taka sínar ákvarðanir um viðskipti við Nordica út frá faglegum viðskiptalegum forsendum, það væri ekkert sem Jón Gerald gæti gert til að skaða fyrirtækið.

brjann@frettabladid.is



**VITNALEIÐSLUR** Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, settist í vitnastúkuna í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þegar vitnaleiðslum í Baugsmálinu var fram haldið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Vitnaleiðslur í Baugsmálinu standa enn. Í dag munu meðal annarra koma fyrir dóminn stjórnendur Kaupþings banka, þeir Sigurður Einarsson stjórnarformaður og Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri. Einnig ber vitni Óskar Magnússon, fyrrverandi stjórnarformaður Baugs.

## ORÐRÉTT



*„Þú átt líka að standa á fætur.“*
Arngrímur Ísberg dómsformaður skýrði Bjarna Ármannssyni frá þeirri venju að viðstaddir í dómsal standi á fætur þegar dómarar ganga í salinn.



*„Baugur keypti þennan eignarhlut á 10 krónur íslenskar.“*
Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, lýsti því hvernig fór um eignarhlut sjóðs á vegum bankans í Baugi.net eftir að netbólan hafði sprungið.



*„Við þurfum að vita ef vitnið hefur upplýsingar um ákveðin ákæruefni, ekki almennt spjall, ég hef engan áhuga á því.“*
Arnrímur Ísberg dómsformaður var ekki sáttur við almennar spurningar Sigurðar Tómasar Magnússonar, setts ríkissaksóknara.



*„Það sér það bara hver heilvita maður að svona gengur þetta ekki.“*
Árni Pétur Jónsson, sem var yfirmaður matvörusviðs Baugs, sagði að viðskiptum við Nordica, fyrirtæki Jóns Geralds Sullenbergers, hefðu ekki verið hagstæð Baugi.



*„Ég held að viðskiptin við Nordica hafi verið gríðarlegt aðhald fyrir heildsala á Íslandi.“*
Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, sagði það hafa verið afar verðmætt fyrir Baug að hafa haft aðgang að vörum í gegnum Nordica.



*„Sönnunarfærsla af þessu tagi er andstæð lögum.“*
Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, mótmælti því að vitni væri spurt um það hvað fælist í samningi sem vitnið átti engan þátt í að semja.




120 1886 2006

# Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

## Fræðslukvöld fyrir almenning

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld", röð fjármálanámskeiða fyrir almenning. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um helstu þætti sem lúta að fjármálum heimilisins, ávöxtun eigna, lífeyrissparnaði og skattamálum. Fjármálafræðslan er öllum opin og án endurgjalds.

## Efni einstakra námskeiða:

| | |
|---|---|
| **Skattanámskeið** | Skattaumhverfið á Íslandi, skattlagning fjármagnstekna, framtalsgerð. |
| **Fjármál heimilisins** | Hagnýt ráð um útgjöld heimilisins, lántökur, ávöxtun og sparnað. |
| **Fjárfestingar og ávöxtun** | Hlutabréf, verðbréfasjóðir, uppbygging eignasafna, hvernig nálgast má upplýsingar um fjármálamarkaðinn og hvernig þær eru nýttar. |
| **Lífeyrismálin mín** | Góð ráð um að byggja upp traustan lífeyri og sveigjanleg starfslok. |

## Námskeiðin hefjast kl. 20:00 á eftirfarandi stöðum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 1. mars | Holtagarðar | Skattar og framtalsgerð |
| Í kvöld | 8. mars | Vesturbæjarútibú við Hagatorg | Skattar og framtalsgerð |
| | 15. mars | Aðalbanki - Austurstræti | Fjármál heimilisins |
| | 22. mars | Hamraborg | Fjármál heimilisins |
| | 29. mars | Mjódd | Fjárfestingar og ávöxtun eigna |
| | 12. apríl | Höfðabakki | Fjárfestingar og ávöxtun eigna |
| | 26. apríl | Laugavegur 77 | Fjármál heimilisins |
| | 3. maí | Fjarðargata, Hafnarfirði | Fjárfestingar og ávöxtun eigna |
| | 24. maí | Akureyri | Fjármál heimilisins |
| | 24. maí | Árbæjarútibú | Lífeyrismálin mín |
| | 31. maí | Egilsstaðir | Fjármál heimilisins |

2007

MARS, APRÍL, MAÍ

## Skráning á landsbanki.is

Skráning á fjármálakvöld fer fram á landsbanki.is

Nánari upplýsingar á landsbanki.is eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Verið innilega velkomin.

Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

# Gómsæt grillspjót!




KINDASPJÓT
FILLET Í LAS VEGASSÓSU
598 kr. stk.




NAUTASPJÓT
MEÐ GRÆNMETI
598 kr. stk.

Hvúmm Ertu farinn að huga að grillinu!



HATTING VEGGEN
SPELT BRAUÐ
399 kr. pk.




ENRICO'S PASTASÓSUR
LÍRFÆNT RÆKTAÐ
239 kr. stk.




KARTÖFLUGRATÍN
ÞYKKVABÆJAR
262 kr. pk.




COKE 2 L
COKE LIGHT 2 L
139 kr. 2 l

GÖTEBORGS
TAPINI SALTKEX
139 kr. pk.

12 STK. NÓATÚNS
WC RÚLLUR
399 kr. pk.


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Útsala
á kindakjöti!
Úr Kjötborði Nóatúns
40% afsláttur
KINDAHAKK
ÚR KJÖTBORÐI
398 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
25% afsláttur
KINDAINNRALÆRI
ÚR KJÖTBORÐI
1.698 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
40% afsláttur
KINDASNITZEL
ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
15% afsláttur
KINDAFILLET
ÚR KJÖTBORÐI
1.998 kr. kg
Lifðu lífinu í lit!
NÓATÚN
RAUÐ EPLI
169 kr. kg
GRÆN VÍNBER
249 kr. kg
AVOCADO
199 kr. kg
NÁTTÚRA SPÍNAT
269 kr. pk.
MANGO
199 kr. kg.
=
5 á dag
Verði ykkur að góðu!

## Svona erum við

> Meðalfjöldi fanga á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SCHENGEN-SAMSTARFIÐ

# *Frjáls för yfir landamæri innan Evrópu*

Fjórir menn eru eftirlýstir af íslenskum lögregluyfirvöldum hjá Interpol og alþjóðdeild lögreglunnar telur að kerfið hafi ekki brugðist við því að með samkomulaginu er farbann orðið gagnslítið úrræði fyrir lögreglu. Þegar fjallað er um sakamál útlendinga hér á landi er talið að athuga verði beitingu gæsluvarðhalds í fleiri tilvikum en nú er gert.

**Hvað er Schengen-samstarfið?**
Frá 25. mars 2001 hefur Ísland verið þátttakandi í samstarfi með fjórtán öðrum Evrópuríkjum sem kennt er við Schengen. Kjarni Schengen-samstarfsins er annars vegar að tryggja frjálsa för einstaklinga um innri landamæri samstarfsríkjanna og hins vegar að styrkja baráttuna gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi.

**Hvaða þýðingu hefur frjáls för yfir innri landamæri?**
Hægt er að ferðast um á Schengen-svæðinu án þess að framvísa vegabréfum á landamærum. Þess er hins vegar krafist að þeir sem ferðast á svæðinu hafi meðferðis gild persónuskilríki svo þeir geti sannað hverjir þeir eru hvenær sem þess er krafist. Íslendingum er frjálst að fara yfir innri landamærin á Schengen-svæðinu en réttur til dvalar er eftir sem áður takmarkaður af reglum viðkomandi ríkis eða reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þarf einstaklingur því almennt að sækja um dvalarleyfi hyggist hann dvelja lengur en 90 daga í viðkomandi ríki.



**Hvað kemur í staðinn fyrir afnám eftirlits á landamærum?**
Annað tveggja meginmarkmiða Schengen-samningsins er að berjast gegn afbrotum og efla lögreglusamvinnu milli ríkjanna. Mikilvægur þáttur í lögreglusamvinnu er rekstur sameiginlegs upplýsingabanka – Schengen-upplýsingakerfisins – sem geymir upplýsingar til dæmis um eftirlýsta einstaklinga sem óskað er handtöku á vegna gruns um afbrot eða til að afplána fangelsisrefsingu, týnda einstaklinga, útlendinga sem neita á um inngöngu inn á Schengen-svæðið, einstaklinga sem stefna á fyrir dóm og upplýsingar um stolna muni.

## SPURT & SVARAÐ
**NÍUNDU BEKKINGAR Í FRAMHALDSSKÓLA**

### *Sleppa við samræmdu prófin*



**YNGVI PÉTURSSON**
Rektor MR

Tveir framhaldsskólar með bekkjarkerfi, Verslunarskólinn og Menntaskólinn í Reykjavík, ætla að bjóða börnum, sem ljúka níunda bekk í vor að setjast á skólabekk árinu fyrr. Yngvi Pétursson er rektor MR.

**Sleppa krakkarnir við samræmdu prófin?** „Já, út á það gengur tilraunin. Það verður erfiðast að brúa þær greinar sem við byggjum ofan á eins og íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku. Þess vegna er hugmyndin að gera kröfu um að börnin séu búin að kynna sér námsefni tíunda bekkjar í tveimur greinum og að þau hafi tvö ár til að taka námsefnið í menntaskólanum og það sem vantar upp á úr tíunda bekk."

**Eru það bráðgerustu börnin sem taka þátt?** „Þau sem hafa áhuga á því að reyna og hafa getu til þess, ekki bara námslega heldur líka félagslega."

**Verður haldið meira utan um þau en aðra nemendur?** „Við gerum ráð fyrir umsjónarkerfi svipað og í grunnskólanum. Áfram verða foreldraviðtöl einu sinni á misseri."

# Vilja líma viðskiptavinina niður

**Formaður Neytendasamtakanna telur samstarf tryggingafélaga og banka vera afleiðingu ónægrar samkeppni. „Ekkert launungarmál að okkur finnst þetta slæm þróun," segir Jóhannes Gunnarsson. Hreyfing viðskiptavina er hvergi í Evrópu minni en á Íslandi.**

Sú staðreynd að viðskiptavinir tryggingafélaga fá mismunandi kjör eftir því við hvaða banka þeir stunda viðskipti er Jóhannesi Gunnarssyni, formanni Neytendasamtakanna, ekki að skapi. „Þarna er um að ræða samtvinnun peningaþjónustu og tryggingaþjónustu. Með því að tengja þessa þjónustu saman með þeim hætti sem gert er, það er með því að bjóða viðskiptavinum tryggingafélaganna mismunandi kjör eftir því hvar þeir eru með bankaviðskipti sín, er til þess fallið að stuðla að óbeinni markaðsskiptingu og ónægri hreyfingu á viðskiptavinum. Þau atriði eru fyrst og fremst afleiðing ónægrar samkeppni."

Í þessu ljósi vakna þrjár spurningar. Í fyrsta lagi: Af hverju býðst viðskiptavinum tryggingafélaganna mismunandi kjör eftir því hver er viðskiptabanki viðkomandi í hverju tilfelli? Í öðru lagi: Varpa aðstæður á íslenskum fjármála- og tryggingamarkaði ljósi á hugsanleg einkenni markaðsskiptingar og þar með ónægrar samkeppni? Í þriðja lagi: Er þessi staða neytendum til hagsbóta?

### Hreyfingarleysi viðskiptavina

Forsvarsmenn tryggingafélaganna og banka, meðal annars forstjórar og sviðsstjórar í tryggingafélögunum sem blaðamaður ræddi við, sögðust líta svo á að samstarf tryggingafélaga og banka kæmi sér vel því góðir viðskiptavinir myndu með þessu „límast niður" eins og einn viðmælandi Fréttablaðsins orðaði það.

Í skýrslu norrænu samkeppniseftirlitanna (Competition in Nordic Retail Banking, ágúst 2006) um fjármálamarkaði á Norðurlöndunum kemur fram að hreyfing á viðskiptavinum bankanna er hvergi minni í Evrópu en hér á landi.

Einn þeirra þátta, sem óumdeilanlega hefur áhrif á litla hreyfingu viðskiptavina sem síðan bælir niður samkeppni, er samstarf tryggingafélaga og banka. Viðskiptavinir Kaupþings fá betri kjör hjá VÍS en öðrum tryggingafélögum, viðskiptavinir Landsbankans fá betri kjör hjá Tryggingamiðstöðinni (TM) og viðskiptavinir Glitnis fá betri kjör hjá Sjóvá en öðrum félögum, svo nærtæk dæmi séu tekin.

Rótin að þessu samstarfi bankanna má rekja til eignatengsla fyrirtækjanna sem hafa ýmist verið bein eða óbein í gegnum tíðina.

Samstarfið hefur meðal annars verið í því fólgið að bankarnir og tryggingafélögin gera með sér samstarfssamning sem felur í sér gagnkvæma skuldbindingu. Landsbankinn hefur til að mynda selt tryggingar fyrir TM, svo dæmi sé tekið, en viðskiptavinir bankans hafa á móti getað fengið betri kjör á tryggingum hjá TM. Með þessu tekst að „fylla upp í eyður í annars fjölbreyttu vöruframboði sem í boði er," eins og fram kom hjá viðmælanda.



**FORMAÐURINN TALAR** Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, er formaður Samtaka fjármálafyrirtækja. Hann sést hér flytja ræðu á stofnfundi félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Samkeppnishamlandi staða

„Það er ekkert launungarmál að okkur finnst þetta slæm þróun," segir Jóhannes Gunnarsson um samstarf tryggingafélaga og banka. „Það liggur í augum uppi að með samstarfi eins og tryggingafélögin og bankarnir bjóða upp á, þar sem viðskiptavinir banka fá betri kjör hjá vissum tryggingafélögum en öðrum ekki, er verið að skipta markaðnum á milli hvort sem það er vísvitandi eða ekki. Það heftir hreyfingu og þar með samkeppni. Það gefur auga leið og eins og ég hef sagt þá finnst mér tilefni til þess að þetta verði skoðað af samkeppnisyfirvöldum."

Samkvæmt því er fram kemur í skýrslu norrænu samkeppniseftirlitanna hafa þrír stærstu bankar landsins, Kaupþing, Glitnir og Landsbankinn, um 90 prósent markaðshlutdeild hér á landi. Jafnframt kemur fram í skýrslunni að hver banki fyrir sig sé með um 27 til 33 prósent hlutdeild.

Á undanförnum árum hefur starfsemi bankanna hér á landi orðið minni hluti af heildarstarfsemi þar sem vöxtur þeirra á erlendum vettvangi hefur verið gríðarlegur.

### Funda reglulega í skjóli leyndar

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hefur stjórn Samtaka fjármálafyrirtækja, sem í sitja níu fulltrúar fyrirtækja á markaði, þar á meðal æðstu stjórnendur allra bankanna og tryggingarfélaga, neitað að afhenda blaðinu fundargerðir sínar. Rök stjórnarinnar, sem tiltekin voru í svarbréfi til blaðamanns 16. janúar síðastliðinn, eru þau að starf stjórnar sé „trúnaðarstarf og telur stjórn SFF [Samtök fjármálafyrirtækja] ekki rétt að rjúfa þann trúnað" með því að opinbera með afhendingu fundargerða um hvað er rætt á fundum. Auk þess er vitnað til þess að það sé ekki vanalegt að hagsmunasamtök gefi upp fundargerðir sínar.

Forstjóri Reiknistofu bankanna, Helgi H. Steingrímsson, hefur einnig neitað að afhenda blaðinu fundargerðir af fundum stjórnar en bankarnir og önnur fjármálafyrirtæki eiga reiknistofuna ásamt Seðlabanka Íslands.

Stóru tryggingafélögin þrjú, TM, Sjóvá og VÍS, voru ekki tilbúin til þess að gefa upp fjölda viðskiptavina þegar leitað var eftir því á þeim grundvelli að um samkeppnisupplýsingar væri að ræða.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

## TIL HAGSBÓTA FYRIR NEYTENDUR

Jón Þór Gunnarsson, deildarstjóri þróunar- og gæðadeildar hjá VÍS, segir ekkert vera athugavert við samstarf tryggingafélaga og banka, þar sem það bæti þjónustu við viðskiptavini.



**JÓN ÞÓR GUNNARSSON**

Jón Þór leggur á það áherslu að tryggingafélögin eigi í harðri samkeppni um viðskiptavini og því sé það þeirra hagur að tryggja sem best kjör til þess að geta fengið til sín viðskiptavini. „Það er alltaf einhver hreyfing á milli viðskiptavina tryggingafélaga og hún er fyrst og fremst vegna mikillar samkeppni," segir Jón. „Fólk má draga hvaða ályktanir sem er af því að bankarnir og tryggingafélögin eigi í samstarfi með þeim hætti sem er fyrir hendi hér á landi og ef Neytendasamtökin hafa af því áhyggjur þá verður svo að vera. En þegar málið er krufið til mergjar, og efnisatriði málsins skoðuð, þá kemur í ljós að samstarf banka og tryggingafélaga byggist öðru fremur á því að láta viðskiptavini njóta bestu kjara sem völ er á og það er kjarni málsins."

## STJÓRNARMENN

**Stjórn SFF**

| | |
|---|---|
| Bjarni Ármannsson | Glitnir |
| Halldór J. Kristjánsson | Landsbanki Íslands |
| Hreiðar Már Sigurðsson | Kaupþing |
| Guðmundur Hauksson | SPRON |
| Ásgeir Baldurs | VÍS |
| Helgi Bjarnason | Sjóvá |
| Valgeir Pálsson | TM |
| Friðrik Jóhannsson | Straumur-Burðarás |
| Sævar Helgason | Íslensk verðbréf |

**Stjórn Reiknistofu bankanna**

| | |
|---|---|
| Friðbert Traustason | Samband íslenskra bankamanna |
| Geirmundur Kristinsson | Samband íslenskra sparisjóða |
| Gísli K. Heimisson | Glitnir |
| Guðmundur Guðmundsson | Landsbanki Íslands |
| Óskar Jósefsson | Kaupþing |
| Tryggvi Pálsson | Seðlabanki Íslands |



# Tími til að mála!

**Ekki hlaupa eftir gervitilboðum, „fyrri verðum“ eða „afsláttum“ – hjá okkur færðu alltaf hagstætt verð og mikil gæði.**






**DEKACRYL 7**
Gljástig 7 — 10 lítrar
**Kr. 3.150,-**



**MAKO**
Plastyfirbreiðsla — 20 m²
**Kr. 215,-**




**DEKAPRO 10**
Gljástig 10 — 10 lítrar
**Kr. 3.515,-**



**DEKAPRO 02**
Loftamálning — 10 lítrar
**Kr. 2.970,-**




**DEKAPRO 20**
Gljástig 20 — 4 lítrar
**Kr. 2.695,-**



**DALAPRO MEDIUM**
Spartl — 3 lítrar
**Kr. 874,-**



**SCALA MASTERLACK**
40% gljái — 1 líter
**Kr. 868,-**



**MÁLNINGARLÍMBAND**
50 metrar — 25 mm
**Kr. 224,-**



**MAKO SETT**
Bakki, rúlla pensill, spartlspaði
**Kr. 570,-**



**DEKA TAK**
Olíugrunnur — 1 líter
**Kr. 650,-**



**HORNAMÁLARI**
**Kr. 585,-**



**BOSTIK**
Akrýlkítti — 300 ml
**Kr. 190,-**



**TECH COLOR Litaspray**
**Kr. 395,-**



**DEKA TOPP EPOXY** 2,5 lítrar + 8 kg
**Kr. 8.964,-**

Hjá okkur færðu aðeins gæðamálningu á góðu verði

**Opið mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-15**

Meiri gæði — Lægra verð — MÚRBÚÐIN

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

## Útgjöldin

> Mánaðargjald fyrir heimilissíma í maí á hverju ári. Miðað við verðlag á landinu öllu.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** INGIMUNDUR SVEINN PÉTURSSON, STARFSMAÐUR TENGIS

## *Verstu kaupin enda öll á -lán*

„Ég held ég hafi aldrei gert góð kaup,“ segir Ingimundur Sveinn Pétursson, fyrrverandi formaður Félags einstæðra foreldra, um bestu kaup sem hann hefur gert á ævinni. „Gleðivíman endist í mesta lagi í tvo, þrjá daga en ég man ekki eftir neinu sem hefur enst þangað til í dag.“



Inntur eftir einhverjum sæmilegum kaupum viðurkennir hann að vera ekki enn þá óánægður með ullarkápu sem hann keypti á útsölu um daginn. „Ég keypti hana hræódýra í desember og hef ekki enn þá séð eftir þeim kaupum. Almennt er ég ánægður með marga hluti sem ég á, en ég er ósáttur við verðið.“

Skiljanlega segist Ingimundur hafa gert ótal slæm kaup á ævinni. „Langverstu kaupin mín eiga það flest sameiginlegt að enda á -lán. Bílalán, tölvukaupalán, hvers konar lán. Maður er eldfljótur að sjá eftir því.“ Sem dæmi nefnir hann fyrsta bílinn sem hann keypti sér fyrir um áratug, Honda Coupe.

„Lánið var hundrað prósent, upp á eina og hálfa milljón. Þegar ég var búinn að borga nokkur hundruð þúsund seldi ég bílinn og komst að því að ég átti ekki krónu í honum.“

Hann segist þó hafa lært eitthvað á öllum þessum mistökum. „Ég er hættur að standa í öllu sem heitir lán fyrir vörukaupum og er sérstaklega ánægður með það. Maður skánar allavega eitthvað með aldrinum.“

## HÚSRÁÐ
### LÁTA VATNIÐ RENNA

■ *Lárus Gunnar Jónasson kokkur segir segir mikilvægt að nota hugmyndaflugið.*



„Ég hugsa að besta húsráðið sem ég get gefið felist einfaldlega í því að nota hugmyndaflugið í eldhúsinu. Mér finnst alltaf skemmtilegast að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn og prófa mig áfram,“ segir Lárus sem lumar líka á klassískara húsráði. „Þeir sem tárast þegar þeir skera lauk ættu að skrúfa frá eldhúskrananum og láta vatnið renna á meðan laukurinn er skorinn. Þá tárast maður ekki.“

■ **Geislavarnir**

## Veggspjöld um skaðsemi ljósabekkja

Geislavarnir Norðurlanda hafa sent frá sér yfirlýsingu um leiðir til að draga úr líkum á húðkrabbameini vegna ljósabekkjanotkunar. Á sólbaðsstofum á Íslandi og hinum Norðurlöndunum er skylt að hafa veggspjald með upplýsingum fyrir þá sem nota ljósabekki. Í norrænu yfirlýsingunni segir að á þessu veggspjaldi eigi að koma fram ákveðnar upplýsingar m.a. um hversu lengi ráðlagt sé að vera í bekknum. Geislunartímann skal miða við þann tíma sem húðin þarf til þess að verða brún, fremur en við þann tíma sem hún þolir áður en hún brennur.



Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Geislavarna ríkisins: www.geislavarnir.is.

■ **Neytendaverðlaunin 2007**

## Fyrirtæki ársins valið

Neytendasamtökin og Bylgjan standa nú í annað sinn fyrir vali á fyrirtæki ársins. Valið stendur á milli tíu fyrirtækja sem hlutu flest atkvæði í forvali. Þau eru: Iceland Express, Ikea, Rúmfatalagerinn, Húsasmiðjan, Krónan, Bónus, Sparisjóðirnir, Atlantsolía, Fjarðarkaup og Office One. Á heimasíðu Neytendasamtakanna eru neytendur hvattir til þess að taka þátt í valinu en verðlaunin verða veitt á alþjóðlegum degi neytendaréttar 15. mars næstkomandi.

■ **Ársskýrsla Leiðbeininga- og kvörtunarþjónustunnar**

## Tæplega 5.500 mál á árinu

Ársskýrsla Leiðbeininga- og kvörtunarþjónustu Neytendasamtakanna fyrir árið 2006 hefur verið birt. Alls svaraði Leiðbeiningaþjónustan tæplega 5.500 fyrirspurnum á árinu. Flestar fyrirspurnir sem svarað var með einföldum ráðleggingum vörðuðu raftæki og bíla. Þar var til dæmis um að ræða fyrirspurnir varðandi gölluð eða biluð tæki og rétt neytenda í þeim efnum.
Flest kvörtunarmál þar sem fulltrúar neytendasamtakanna höfðu milligöngu milli neytanda og seljanda, vörðuðu ferðalög og húsgögn. Þetta kemur fram á heimasíðu Neytendasamtakanna: www.ns.is. Þar má einnig nálgast ársskýrsluna.
Leiðbeininga- og kvörtunarþjónusta Neytendasamtakanna hefur verið starfrækt frá stofnun samtakanna árið 1953.








**ÚR MATVÖRUVERSLUN** Stórmarkaðir hafa verið í forystu við að lækka verð og sumir þeirra lækkuðu fyrir tímann. Helstu tossarnir munu vera sjoppur, veitingastaðir og mötuneyti. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Afar mikið kvartað hjá varðhundum neytenda

**Starfsmenn Neytendastofu og Neytendasamtakanna hafa ekki haft undan að taka við og svara ábendingum frá neytendum síðan virðisaukaskattur var lækkaður um mánaðamótin. Fyrirtækin bregðast misvel við ábendingum þeirra.**

Þegar virðisaukaskatturinn var lækkaður hvöttu gæslumenn neytenda almenning til að fylgjast vel með smásöluverði og láta vita ef það lækkaði ekki.

Það virðist hafa gengið eftir. Starfsmenn Neytendastofu og Neytendasamtakanna segjast lítið annað hafa afrekað frá mánaðamótum en að lesa tölvupóst og svara símtölum frá glöggum neytendum. „Síminn stoppar eiginlega ekki allan daginn,“ segir Anna Birna Halldórsdóttir hjá Neytendastofu. „Það er farið að draga úr þessu, en við höfðum ekki undan. Við erum bara í því þessa dagana að reyta hár okkar,“ segir hún og hlær.

„Okkur finnst þetta mjög gaman, því það er auðséð að neytendur hafa vaknað og eru mjög vel með á nótunum, sem er mjög ánægjulegt.“ Anna segir fyrirtækin bregðast misvel við ábendingum og fyrirspurnum: „Það er allur gangur á því. Því miður er svolítið um að þau segi að hækkanir hafi ekki verið teknar inn fyrr en núna.

Frá Neytendasamtökunum er sömu sögu að segja. Starfsfólk hafi bókstaflega verið að drukkna í ábendingum og litlu öðru komið í verk. Jóhannes Gunnarsson, framkvæmdastjóri samtakanna, ber þó fyrirtækjunum nokkuð betur söguna, því hann segir þau bregðast skjótt og vel við fyrirspurnum.

klemens@frettabladid.is

Rannsókn á verðlækkunum nokkurra veitingahúsa eftir lækkun virðisaukaskatts:

# Skyndibitastaðir standa sig

Nokkrir skyndibitastaðir hafa staðið sig vel í því að lækka verð eftir að virðisaukaskattur á veitingastaði lækkaði úr 24,5 prósent í sjö í byrjun mars. Neytandi gerði athugun á verði á skyndibitamat á Subway, Reykjavík Pizza Company, Pítunni og Dominos og sendi Fréttablaðinu niðurstöðurnar.

Samkvæmt Jóhannesi Gunnarssyni, formanni Neytendasamtakanna, átti verð á mat á skyndibitastöðum að lækka um um það bil sex prósent. Jóhannes segir að vegna sérstaks endurgreiðslukerfis virðisaukaskatts sem var við lýði á veitingastöðum þar til 1. mars bar þjónustuhluti söluverðs matarverðsins 24,5, prósent virðisaukaskatt en matarhlutinn fjórtán prósent.

Þetta kerfi hefur nú verið lagt niður en að sögn Jóhannesar er vegna þessa ekki hægt að reikna lækkunina eingöngu út frá gamla virðisaukaskattinum, 24,5 prósent, og þeim nýja, sjö prósent.




**PÍTAN SKIPHOLTI** Verð á tiltekinni máltíð á staðnum hefur lækkað um rúm sex prósent frá því að virðisaukaskattur á veitingastaði var lækkaður úr 24,5 prósentum í sjö. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Á Subway hefur verð á tilteknum 12“ tommu bát lækkað um 6,2 prósent; ákveðin pitsa á Reykjavík Pizza Company hefur lækkað um tæp sjö prósent; málsverður á Pítunni, Skipholti um rúm sex prósent og ein pitsa á Dominos um tæp sjö prósent. Af þessu sést að skyndibitastaðirnir hafa lækkað vöruverðið í samræmi við það sem þeir áttu að gera. - ifv



Ferskur kryddaður Bónuskjúklingur
40% afsláttur við kassann
Ferskur kjúklingur kílóverð nú:
479 KR.
Merkt verð 799KR.
Ferskur, kryddaður kjúklingur
4 örbylgjupitsur
359 KR. í kassa
4 pitsur í kassa!
KF SALAT
98 KR.
350g
Bónustilboð í 10. viku 2007
Fylgist með okkur!
Einiberjakryddað lúxus lambalæri
Einiberja lambalæri
40% afsláttur við kassann
EINIBERJA LAMBALÆRI kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781KR.
1200g pitsutilboð
598 KR.
2+1 FRESCHETTUR
2 teg.
Bónus býður betur!
Bitafiskur
198 KR.
25g
Harðfiskur í skólann!
Sjáðu verðið!
Heimilisbrauð
69 KR.
375g
Heilt kíló
149 KR.
ávaxtamúslí
Nýtt og enn betra bragð!
250g
179 KR.
Bónusfeti
100 pokar
159 KR.
CEYLON TE
www.bonus.is
bonus.is




KRÓNAN fyrst og fremst ...í verðsamkeppni




KRÓNAN
fyrst og fremst ... í verðsamkeppni

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7,491 **+1,26%**

**Fjöldi viðskipta:** 765
**Velta:** 8.981 milljón

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Össur** | 4,13% | **Atorka** | -12,6% |
| **Atlantic Petroleum** | 3,00% | **Teymi** | -0,62% |
| **Kaupþing** | 2,21% | **Icelandic Group** | -0,28% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,66 +0,00% ... Actavis 69,50 +0,87% ... Alfesca % ... Atlantic Petroleum 618,00 3,00% ... Atorka 6,73 -12,60% ... Bakkavör 63,60 +0,95% ... Eimskipafélagið 36,40 +0,00% ... FL Group 30,20 +0,00% ... Glitnir 27,20 +1,12% ... Kaupþing 1.019 +2,21% ... Landsbankinn 33,00 +0,92% ... Marel 75,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,50 +0,61% ... Straumur-Burðarás 20,80 +1,46% ... Össur 126,00 +4,13%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Uppsafnað tap 36 milljarðar

Bókfært tap DeCode Genetics í fyrra nam 85,5 milljónum bandaríkjadala, eða rúmum 5,7 milljörðum króna, samkvæmt nýbirtu ársuppgjöri. Frá stofnun árið 1996 nemur tap DeCode um 36,1 milljarði króna ef umreiknaðar eru upplýsingar úr ársreikningum fyrirtækisins.

Gengi DeCode Genetics lækkaði um tæp tvö prósent á Nasdaq hlutabréfamarkaðnum í gær en uppgjörið var birt eftir lokun markaða daginn áður.

Tap DeCode eykst heldur milli ára, en árið 2005 nam það nálægt 4,3 milljörðum króna. Jafnframt drógust tekjur félagsins saman á milli ára, voru rúmir 2,7 milljarðar króna í fyrra, en voru tæpir þrír árið áður. Ekki er gert ráð fyrir verulegum tekjum í áætlunum félagsins fyrr en tekist hefur að þróa lyf með rannsóknum þess, en það er bæði dýrt og tímafrekt ferli.



**ÍSLENSK ERFÐAGREINING Í VATNSMÝRINNI**

Félagið segir aukið tap milli ára skýrast að hluta af kostnaði við klínískar rannsóknir vegna þróunar á lyfjum við hjarta- og æðasjúkdómum. Rannsóknarkostnaður var í fyrra 57,1 milljón dala, eða um 3,8 milljarðar, samanborið við 43,7 milljónir dala, eða 2,9 milljarða árið áður.

Í lok síðasta árs átti DeCode 152 milljónir dala í peningum og fjárfestingum, eða sem nemur rúmum 10,2 milljörðum króna. **- óká**

# Halli ofmetinn

Viðskiptahallinn á síðasta ári gæti verið ofmetinn um allt að því níu prósent af vergri landsframleiðslu að mati Kaupþings.

Í fyrra nam viðskiptahallinn 304 milljörðum eða 27,5 prósentum af vergri landsframleiðslu ársins. Stór hluti hans var halli af þáttatekjum, muni á fjármagnstekjum og -gjöldum Íslendinga í útlöndum.

Mesta aukningin í fjármagnsgjöldum tengist ávöxtun erlendra aðila í íslensku hlutafé. Um 91 prósent af þeim hagnaði er endurfjárfest hér. Greiningardeildin kemst að því að halli á viðskiptum við útlönd hafi aðeins verið um 197 milljarðar króna í fyrra. Það er um nítján prósent af vergri landsframleiðslu. **- hhs**

# Glitnir hækkar verðmiðann á Kaupþingi

Greining Glitnis hefur hækkað verðmat sitt á Kaupþingi í 1.171 krónu á hlut úr 968 samkvæmt verðmatsgengi sem sent var út til viðskiptavina Glitnis í gær. Glitnir metur markaðsvirði Kaupþings á 860 milljarða króna og mælir með kaupum í bankanum. Markgengi Kaupþings til sex mánaða stendur í 1.200 krónum og hækkar úr eitt þúsund krónum.

Greiningardeildin nefnir að öll afkomusvið bankans skila góðri afkomu og reksturinn er arðbær. Viðbúið er að grunntekjur bankans vaxi á næstu árum og þá er talið að Kaupþing muni hagnast í komandi hræringum á norrænum fjármálamarkaði.

Hlutabréf í Kaupþingi hækkuðu um tæp tvö prósent í gær og stóð gengið í 1.016 krónum. **- eþa**




**HÆRRA METINN** Greining Glitnis hefur hækkað verðmat sitt á Kaupþingi úr genginu 968 krónum á hlut í 1.171.

# Funduðu með forstjóra Sampo Group

## Sampo orðað við Royal & Sun Alliance og Codan.

Forsvarsmenn Existu funduðu með Birni Wahlroos, hinum áhrifamikla forstjóra Sampo Group, í Helsinki í gær samkvæmt Helsingi Sanomat. Fundurinn var haldinn í framhaldi af kaupum Existu í febrúar á 15,5 prósenta kjölfestuhlut í Sampo.

Orðrómur hefur vaknað á ný að Sampo hafi áhuga á að eignast bresku tryggingasamsteypuna Royal & Sun Alliance og komast þar með til valda í danska tryggingafélaginu Codan sem er að 72 prósentum hluta í eigu breska fyrirtækisins. Codan er metið á 258 milljarða króna á OMX.

Vangaveltur um að fyrirtæki, þar á meðal Sampo, muni leggja fram tilboð í Royal & Sun Alliance mögnuðust eftir að breska félagið tilkynnti á dögunum að það myndi selja frá sér óarðbæran rekstur í Bandaríkjunum. **- eþa**

# Áhætta Glitnis sögð vera minni en Landsbankans

Glitnir ber minni áhættu af íslenska hagkerfinu, hlutabréfamarkaði, krónunni og endurfjármögnunarferli en Landsbankinn. Þetta segir í nýrri greiningu Morgan Stanley þar sem bankarnir eru bornir saman.

Skuldatryggingaálag (CDS) bankanna er svipað á útgáfu bankanna á skuldabréfum til fimm ára að sögn Morgan Stanley, 24,5 punktar hjá Glitni og 25 punktar á útgáfu Landsbankans. Mat greiningardeildarinnar er að dragi sundur með bönkunum þar til muni 10 punktum, en það telur Morgan Stanley eðlilegan mun miðað við stöðu þeirra.

Mat Morgan Stanley er að áhætta Glitnis sé heldur ofmetin í skuldatryggingarálaginu eins og það er nú og vanmetin hjá Landsbankanum.

Ástæða þess að greiningardeildin tekur Glitni fram yfir hina tvo viðskiptabankana íslensku er sögð vera að Glitnir sé næst því að vera „venjulegur banki“ með því að uppbygging hans og skipulag sé nær því sem algengast er meðal banka í Norður-Evrópu. **- óká**


AÐALFUNDUR KAUPÞINGS BANKA HF.

Aðalfundur Kaupþings banka hf. verður haldinn í Borgarleikhúsinu, föstudaginn 16. mars 2007 og hefst klukkan 17.00.

KAUPÞING

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
4. Breytingar á samþykktum:
   Tillaga um að stjórn bankans fái heimild til að hækka hlutafé um allt að 1.500.000.000 króna að nafnverði, með áskrift allt að 150.000.000 nýrra hluta. Lagt er til að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum, en stjórnin megi þó heimila einstökum hluthöfum á hverjum tíma að skrá sig fyrir nýjum hlutum að hluta eða öllu leyti. Þá verði stjórn falið að ákveða nánari útfærslu á hækkuninni, m.t.t. verðs og greiðsluskilmála og henni verði heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýja hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Núverandi ákvæði samþykkta um heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár (um allt að 49.100.000 hluti eða allt að 491.000.000 krónur að nafnverði) verði felld niður.

   Tillaga um að samþykktum verði breytt með þeim hætti að á aðalfundi skuli fjallað um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu og tillaga um að viku fyrir aðalfund hið skemmsta skuli leggja fram, hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, skýrslu stjórnar og tillögu stjórnar um starfskjarastefnu.

   Tillaga um að í samþykktum verði kveðið á um það að hafi stjórn ákveðið að hluthafafundur skuli haldinn að hluta til með rafrænum hætti, skuli hluthafar sem taka þátt í fundinum með þeim hætti, leggja fram spurningar um dagskrá eða framlögð skjöl, eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn.

   Tillaga um að í samþykktum verði kveðið á um að upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verði aðgengilegar á skrifstofu bankans eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
6. Kjör stjórnar til eins árs.
7. Ákvörðun stjórnarlauna.
8. Kosning endurskoðenda fyrir næsta reikningsár.
9. Tillaga um að heimila bankanum að kaupa eigin hlutabréf.
10. Önnur mál.

Fundarstörf fara fram á ensku.
Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við innganginn við upphaf fundarins.

*Stjórn Kaupþings banka hf.*




# LANCÔME DAGAR Í HAGKAUPUM KRINGLUNNI 8. – 14. MARS

**KYNNTAR VERÐA ÝMSAR SPENNANDI VÖRUR:**

> TEINT IDOLE farðinn helst óbreyttur á húðinni allan daginn.

> FATALE maskarinn gerir augnhárin gríðarlega löng og ómótstæðileg.

> NUTRIX ROYALE kremið nærir húðina með drottningarhunangi og ver hana gegn kulda og vindi. Vel nærð húð er falleg húð.

**Líttu við og láttu rakamæla húðina þína og fáðu ráðleggingar út frá þínum þörfum.**



*á meðan birgðir endast.

**GJÖFIN ÞÍN FRÁ LANCÔME*:**

> Aqua Fusion rakakremið mýkir húðina og fyllir hana raka.

> Galatéis Clarté hreinsimjólkin fjarlægir farða og óhreinindi af húðinni.

> Tonique Clarté er frískandi andlitsvatn.

> Caresse húðmjólkin nærir líkamshúðina.

> Juicy Tubes varaglossið sem allar konur þurfa að eiga.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sátt sem ekki varð:

# Breiðara sjónarhorn

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Átökin um fiskveiðistjórnunina sem stóðu allan síðasta áratug liðinnar aldar voru einhver þau römmustu sem íslensk stjórnmálasaga geymir. Þau snerust vissulega um grundvallaratriði í pólitík. Að lokum sammæltust menn um að gera tilraun til að ná sáttum.

Í þeim tilgangi var skipuð breið nefnd með fulltrúum allra flokka. Til hennar er vísað sem auðlindanefndar enda átti verkefni hennar að taka til nýtingar allra náttúruauðlinda. Nefndin skilaði fyrir sjö árum umfangsmikilli skýrslu með tillögu um nýtt stjórnarskrárákvæði sem í raun felur í sér skyldubundna skattlagningu á sum auðlindanot en ekki önnur. Sennilega er helsta ástæðan fyrir því að skýrslan hefur ekki leitt til sátta á þessu sviði sú að menn eru einfaldlega ekki á einu máli um hvað í henni felst í raun og veru.

Skýrslan var samin þegar margir töldu nýtingu sjávarauðlinda það helsta sem máli skipti. Sú umræða sem nú á sér stað um náttúruvernd vegna nýtingar fallvatna og jarðhita til stóriðju var þá á byrjunarreit. Það þrönga baksvið skýrir ef til vill um margt þverstæðukenndar niðurstöður nefndarinnar.

Auðlindanefndin lagði þannig til að í raun yrði skylt samkvæmt stjórnarskrá að leggja skatt á útgerðir, smábátasjómenn og bændur vegna nýtingar fiskistofna og afrétta. Það hefur þegar verið gert án stjórnarskrárbreytinga að því er varðar útgerðir og smábátasjómenn. Á hinn bóginn var ekki gert ráð fyrir að nein slík stjórnarskrárbundin kvöð til skattlagningar yrði ákveðin vegna nýtingar náttúruauðlinda í þágu erlendra álfyrirtækja sem hér hafa þegar fjárfest.

Tillögu auðlindanefndarinnar má skilja á þann veg að útvegsmenn, smábátasjómenn og bændur fái aðeins tímabundinn nýtingarrétt á fiskimiðum og afréttum. Hins vegar gerir nefndin ráð fyrir að ekkert sé því til fyrirstöðu að einkavæða núverandi orkufyrirtæki með ótímabundnum nýtingarrétti. Með almennum lögum á að vera unnt að fella sólarorku- og vindorkuvinnslu undir stjórnarskrárskylda skattlagningu meðan hún tekur ekki til Landsvirkjunar eða Orkuveitunnar.

Sjónarmið af þessu tagi skjóta skökku við nú. Þróun umræðunnar um auðlindanýtingu og náttúruvernd hefur einfaldlega sett viðfangsefnið í víðara samhengi. Vandséð er að sú mismunun sem tillögur auðlindanefndarinnar fela í sér eftir því um hvers konar auðlindanýtingu ræðir standist viðhorf dagsins í dag. Það er erfiðara nú en fyrir sjö árum að rökstyðja stjórnarskrárbundna skyldu til auðlindagjaldtöku á smábátasjómenn og bændur en ekki álrisana.

Laxinn er einnig gott dæmi um þessa mismunun. Samkvæmt tillögu auðlindanefndar telst hann vera skattskyld sameign þjóðarinnar meðan hann er í sjó. Um leið og hann syndir inn fyrir netalög og upp í ána sína verður nýting hans að skattlausum einkaeignarrétti. Til þess að tryggja þjóðinni skatttekjur af þessum fiskstofni yrði að leyfa sjómönnum að hefja laxveiðar í sjó á ný.

Fáir deila um mikilvægi þess að ríkisvaldið haldi óskertum fullveldisyfirráðum yfir náttúruauðlindum landsins vegna leikreglna um nýtingu og verndun. En draga verður í efa að það sé skynsamlegt að gera með nýju fræðilega umdeildu eignarréttarhugtaki sem leiðir til mismununar í skattheimtu eftir því um hvers kyns eignarréttindi er að ræða. Æskilegra væri að horfa á viðfangsefnið frá breiðara sjónarhorni.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ruslpóstur til þingmanna

Núorðið kjósa margir kjósendur að nýta sér tölvupóststæknina til að passa að fulltrúar sínir á Alþingi séu nú örugglega með puttann á þjóðarpúlsinum. Kjósendum liggur raunar það mikið á hjarta að þingmenn hafa ekki undan að svara eins og Samfylkingarþingmaðurinn Össur Skarphéðinsson talar um á heimasíðu sinni. Sagði Össur að sjóaðir þingmenn eins og hann sem margir þekkja fái á annað hundrað tölvupósta á dag. Auðvitað væri sumt rusl og sumu gæfist ekki tími til að svara.

### Þöggun í formi svarleysis

Kjósendur taka svarleysinu misvel og lýsti Össur því hvernig hann lenti óvænt í sjónvarpsviðtali sem snerist um „þöggun“ á Elíasi Davíðssyni. Kvartaði Elías yfir því að stjórnmálamenn svöruðu ekki spurningum hans sem bærust í gegnum tölvupóst. Sagðist Össur svara því til að hann hefði þurft að taka sér nokkurra daga frí og leggjast í rannsóknir til að svara Elíasi og hafi hann frekar ákveðið að sleppa því að svara. Slík var þöggunin.



### Öflugustu lobbíistarnir

Annar Samfylkingarþingmaður ræðir einnig tölvupósta á heimasíðu sinni. Ágúst Ólafur Ágústsson lýsir því hvernig tölvupóstar hafi flætt yfir hann þegar hann hóf þingmennsku. Þar hafi komið honum á óvart tilvist hagsmunahópa, svokallaðra lobbí-hópa sem eru velþekktir í bandarískum stjórnmálum. En það sem kom Ágústi Ólafi mest á óvart var hvaða hópur var þar mest áberandi. „Þetta voru ekki útgerðarmenn eða bændur. Ekki heldur verkalýðshreyfingin eða kvenréttindasamtök. Það voru rjúpnaskyttur. Mjög reiðar rjúpnaskyttur. Þær áttu ekki orð yfir fyrirhuguðu veiðibanni á rjúpum og helltust yfir mann formælingarnar fyrir þessa stórhættulegu og ólýðræðislegu og jafnvel óíslenskulegu ákvörðun sem ég kom reyndar ekki nálægt.“



sdg@frettabladid.is

# Ójöfnuður í samhengi II



ÞORVALDUR GYLFASON
**Í DAG** | Misskipting

Misskipting verður trúlega heitt kosningamál í Bandaríkjunum 2008. Áhyggjur af auknum ójöfnuði í skiptingu auðs og tekna hafa gefið demókrötum byr undir báða vængi. Þeir eru frá gamalli tíð flokkur alþýðunnar og repúblikanar flokkur auðmanna. Demókratar gersigruðu repúblikana í þingkosningunum í nóvember 2006 og endurheimtu meirihluta í báðum deildum þingsins. Það reyndist léttur leikur vegna ört vaxandi andstöðu kjósenda við stríðið í Írak og eins vegna vaxandi andúðar þeirra á störfum Bush forseta, sem nýtur nú stuðnings aðeins um þriðjungs kjósenda. Margir muna fleyg orð forsetans: Ríkir og moldríkir, það eru mínir menn. Æ fleiri kjósendur sjá orðum forsetans stað í stjórnarstefnunni og auknum ójöfnuði af hennar völdum, beint og óbeint.

Skoðum óbeinu áhrifin fyrst. Um 1970 námu árslaun forstjóra General Motors hundraðföldum árslaunum verkamanns hjá fyrirtækinu. Árið 2005 námu árslaun forstjóra WalMart nær 1300-földum launum óbreyttra starfsmanna. Frá 1970 hefur hlutfall forstjóralauna og launa óbreyttra starfsmanna í bandarískum fyrirtækjum á heildina litið hækkað úr 30 í næstum 300. Þessi mikla aukning ójafnaðar stafar ekki af því, að forstjórarnir skili nú meiri afköstum við vinnu sína en áður. Nei, forstjórunum hefur með ýmsum ráðum tekizt að veikja viðnámsþrótt almennra hluthafa gegn græðgi þeirra, og þeir hafa gengið á lagið. Innrásin í Írak 2003 kom sér vel fyrir forstjórana, því að mánuðina næst á undan hafði hulunni verið svipt af Enron-hneykslinu og öðrum fjársvikamálum, sem lyktaði með fangelsisdómum yfir nokkrum stjórnendum viðkomandi fyrirtækja. Eftir innrásina í Írak beindist athyglin að henni, og forstjórarnir gengu enn lengra: hlutfall forstjóralauna og launa óbreyttra starfsmanna hækkaði úr tæpum 200 í næstum 300 frá 2003 til 2005. Á sama tíma hér heima hækkaði Gini-stuðullinn, sem er algengur mælikvarði á misskiptingu tekna, um sex stig skv. upplýsingum ríkisskattstjóra ofan á þá níu stiga hækkun, sem hafði átt sér stað 1995-2003 og Geir Haarde þá fjármálaráðherra hafði greint frá á Alþingi. Til viðmiðunar er nú ellefu stiga munur á Bretlandi og Svíþjóð á Gini-mælikvarðann; misskiptingin er meiri á Bretlandi en í Svíþjóð.

Bein áhrif stjórnarstefnu Bush forseta á tekjuskiptingu í átt til aukins ójafnaðar birtast í skattalækkun, sem hefur að langmestu leyti fallið auðmönnum í skaut. Þrír fjórðu hlutar lækkunarinnar munu renna til ríkasta fimmtungs skattgreiðenda, þegar upp er staðið. Þetta þýðir, að 80 prósent skattgreiðenda verða að gera sér að góðu þann fjórðung, sem eftir verður. Fullur helmingur lækkunarinnar mun renna til heimila með 1,2 milljónir króna á mánuði eða meira (ríkustu fimm prósent heimilanna), og þriðjungur hennar mun renna til hinna allra ríkustu (ríkasta eitt prósent heimilanna). Paul Krugman prófessor hefur haldið þessum tölum til haga í dálkum sínum í New York Times og með því móti gert sitt til að kippa fótunum undan kjörfylgi repúblikana. Þeir þræta fyrir aukinn ójöfnuð, nema hvað, en fáir trúa þeim, og fylgið hrynur af þeim, því að tölurnar, sem Krugman teflir fram, eru frá ríkisstjórninni.

Það á eftir að koma í ljós, hvernig þessi þróun í átt til aukins ójafnaðar vestra birtist í Ginistuðlum. Nýjasta Gini-tala bandarísku hagstofunnar fyrir ráðstöfunartekjur með fjármagnstekjum og öllu saman er 41 fyrir 2001 borið saman við 36 hér heima 2005. Gini-stuðullinn vestra var 35 1981 og 38 1991 og hækkaði því um sex stig á 20 árum á móti 15 stiga hækkun hér heima 1995-2005 skv. upplýsingum fjármálaráðuneytisins og ríkisskattstjóra. Bandaríska leyniþjónustan CIA – já, CIA! – birtir á vefsetri sínu Gini-töluna 45 fyrir Bandaríkin 2004. Sé sú tala sambærileg við tölur hagstofunnar að framan, hækkaði Gini um eitt stig á ári á fyrra kjörtímabili Bush forseta 2000-2004 eins og hér heima. Hjörtum mannanna svipar saman víðar en í Súdan og Grímsnesinu.

Fólk er ólíkt og ber því mismikið úr býtum. Sumir vinna meira en aðrir, sumir hafa aflað sér meiri menntunar, sumir hafa heppnina með sér. Stjórnarskrá Bandaríkjanna kveður á um jöfn tækifæri, en hún tryggir mönnum auðvitað ekki öllum sömu kjör. En keyri ójöfnuður í skiptingu auðs og tekna um þverbak, ógnar hann hugsjón landsfeðranna um jöfn tækifæri. Börn, sem alast upp í sárri fátækt og fara alls á mis, og þau skipta milljónum vestra, þau fá ekki sömu tækifæri og önnur börn. Ójafnaðarstefnu Bush forseta og græðgi forstjóranna, sem studdu hann til valda, þarf að athuga í þessu ljósi. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins hefði varla getað valið sér verri fyrirmynd eins og allt er í pottinn búið í Bandaríkjum Bush forseta. Ójöfnuður í tekjuskiptingu í Bandaríkjunum er skv. CIA kominn upp fyrir Venesúelu (Gini 44) og stefnir óðfluga á Mexíkó (50). Suður-Ameríka hefur afleita reynslu af mikilli misskiptingu.

# Um ódýrar eftirlíkingar

**UMRÆÐAN**
Flokksþing framsóknar



SKÚLI HELGASON

Framsóknarmenn virðast hafa fyllst hreinni örvæntingu ef marka má yfirlýsingar þeirra á flokksþingi sínu um helgina. Þar kallast á rangfærslur og tilraunir til þess að eigna sér stefnumál annarra flokka, einkum Samfylkingarinnar.

Í ræðu sinni hélt Jón Sigurðsson því fram að Framsóknarflokkurinn hefði átt frumkvæði að lagasetningu um starfsemi stjórnmálaflokkanna og takmörkun á auglýsingum. Þetta er makalaus fullyrðing í ljósi þess að Samfylkingin og hinir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa barist fyrir lagasetningu af þessu tagi um árabil og það var Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sem lagði til við formenn flokkanna fyrir áramótin að samkomulag yrði gert um takmarkanir á auglýsingum. Framsóknarmenn voru ekki tilbúnir í slíkt samkomulag þá fremur en Sjálfstæðisflokkurinn.

Framsóknarflokkurinn samþykkti ýmsar ályktanir á flokksþingi sínu og margt kemur okkur jafnaðarmönnum þar kunnuglega fyrir sjónir. Þar má nefna gömul baráttumál okkar eins og jöfnun atkvæðisréttar, að hluta námslána verði breytt í styrki og afnám stimpilgjalda. Framsóknarmenn taka þessi mál nú upp á sína arma og allt í fínu með það. Það er hins vegar góð latína að geta heimilda þegar menn fá lánað frá öðrum. En því er ekki að heilsa, Jón Sigurðsson kvittar upp á lánið með því að saka aðra flokka um ódýrar eftirlíkingar! Það má Jón eiga að hann slær hér frumlegan tón en málflutningur hans verður seint talinn traustvekjandi. Framsóknarflokkurinn í félagi við Sjálfstæðisflokk ber ábyrgð á stuðningsyfirlýsingu við Íraksstríðið, yfirþyrmandi stóriðjustefnu, sviknum loforðum við eldri borgara og öryrkja, Byrgismáli, ofþenslu í efnahagslífinu sem leggur þungar byrðar á heimilin í landinu, himinháu húsnæðisverði og loks kosningaloforðum sem losa nú tæpa 400 milljarða króna og munu binda hendur næstu og þarnæstu ríkisstjórnar. Þessi frammistaða er ekki til fyrirmyndar og hverfandi hætta á eftirlíkingum enda flýja nú Framsóknarmenn flórinn og leita í smiðju okkar jafnaðarmanna. Verið velkomnir.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar.*

# Reykjavík – í þjónustu fólksins

UMRÆÐAN
Skipulagsmál


PAUL F. NIKOLOV

Það var mjög fræðandi að fara á fund Íbúasamtaka þriðja hverfis um daginn, þar sem greint var frá nokkrum vandamálum; svifryki, umferðarhættu, hávaðamengun og fleira sem íbúar í Hlíðunum, Holtunum og Norðurmýrinni þurfa að glíma við. Sérstaklega var áhugavert þegar Hilmar Sigurðsson, formaður Íbúasamtakanna, talaði um „umferðareyjar“ – að Hringbraut, Miklabraut, Kringlumýrarbraut, Snorrabraut, Bústaðavegur, Laugavegur og Langahlíð séu eins og risavaxin fljót sem skipta hverfinu í fimm eyjar. Umferð er svo mikil um þessi svæði að íbúarnir – fullorðnir og börn – anda að sér gríðarlega miklu svifryki á hverjum einasta degi. Það er hættulegt fyrir börn að heimsækja hvert annað með því að fara yfir götuna.

Hávaðinn við Miklubraut er nánast 70 desíbil. Þetta er eitthvað sem ég þekki mjög vel af eigin reynslu. Heimaborgin mín, Baltimore í Bandaríkjunum, er líka algjör skipulagsmartröð. Þegar Martin Luther King Boulevard, í suðvesturhluta borgarinnar, var breikkuð þá varð svæðið vestur af Martin Luther King Boulevard líka að eyju og breyttist þá frá því að vera fínt hverfi í eitt af hættulegustu og fátækustu hverfum borgarinnar á nokkrum áratugum. Auk þess skiptir hraðbraut, sem byggð var til að þjónusta einkabílinn, borginni næstum því í tvennt.

Þetta eru bara tvö af mörgum dæmum frá heimaborginni minni, Baltimore. Viljum við skera Reykjavík niður í nokkrar ótengdar eyjar sem eru mengaðar af svifryki og útblæstri frá einkabílum? Eða viljum við læra af mistökum annarra? Ég held að við ættum að reyna að gera ekki sömu mistök og voru til dæmis gerð í borginni þar sem ég ólst upp. Það krefst auðvitað þátttöku frá íbúum, borgarstjórn og þingmönnum.

Til að byrja með þarf að tryggja að málaflokkurinn fái nægilegt fjármagn í samgönguáætlun. En til að minnka umferðina í þriðja hverfi og fleiri hverfum Reykjavíkur er ekki nóg að fræða fólk um aðra umferðarvalkosti – það þarf líka að gera þá að raunhæfum valkosti. Við eigum að hvetja fólk til að ganga, hjóla og taka strætó. Við getum líka takmarkað notkun á tilgangslausum nagladekkjum, lækkað hámarkshraðann, og sett Miklubraut í stokk. En hvað með að leggja fleiri göngu- og reiðhjólastíga í borginni? Hvað með að lækka verðið í strætó? Eða reyna að stýra bílaumferðinni frá helstu íbúasvæðunum?

Sumir segja að við ættum ekki að fara í stríð við bíleigendur. Það viljum við Vinstri græn ekki heldur. En við bendum bara á að flestum Íslendingum þykir meira vænt um fjölskylduna sína en bílinn sinn. Það er nóg pláss fyrir hvort tveggja í þessari borg – við viljum að fólkið og heilsa þess hafi meira vægi en bílarnir. Reykjavík þarf alls ekki að verða önnur Baltimore.

*Höfundur skipar þriðja sætið á lista Vinstri grænna í Rvk. norður.*

# *Ný störf á Ísafirði*

UMRÆÐAN
Byggðamál


SÓLBORG ALDA PÉTURSDÓTTIR

Undanfarið hafa borist miður góð tíðindi frá Ísafirði vegna lokunar starfsstöðvar Marels, rannsóknarstofunnar Agar og uppsagna starfsmanna Símans. Það segir sig sjálft að Ísfirðinga og Vestfirðinga munar um þessi störf. Kallað er eftir aðstoð stjórnvalda að bregðast við og gera eitthvað í málinu, svo sem að færa störf úr opinbera geiranum vestur á firði. Þingmenn harma ástandið en koma ekki með lausnir.

Ísfirðingar verða að vinna að lausnum sinna mála í samvinnu við ríkisvaldið og fyrirtækin á staðnum. Að búa til störf á heimavelli tryggir væntanlega að þau störf verða ekki flutt burtu með einu pennastriki. Hægt er með góðum vilja ríkisvaldsins, sveitarfélagsins og sjávarútvegsfyrirtækjanna á staðnum að búa til störf sem byggja á því sem Ísfirðingar hafa í túnfætinum hjá sér, hafinu. Það þarf að gera sér grein fyrir þeim möguleikum sem liggja í auðlindum hafsins.

Hvað Vestfirði áhrærir þá tel ég mikla framtíðarmöguleika fólgna í því að koma upp vel skilgreindu og markvissu rannsóknar- og þróunarstarfi í sambandi við fiskeldi í sjó. Möguleikarnir á umtalsverðu fiskeldi á hefðbundnum tegundum og öðrum tegundum í Arnarfirði og í Ísafjarðardjúpi eru augljóslega fyrir hendi. Þetta eru djúpir og miklir firðir með miklu magni sjávar sem fer þar í gegn. Nú þegar er umtalsvert starf unnið í Ísafjarðardjúpi í fiskeldi. Ég tel að nú sé lag til þess að virkja þann möguleika sem felst í því að setja á stofn rannsóknar- og þróunarmiðstöð fyrir fiskeldi í sjó (og þá er ekki átt við laxfiska) og byggja á því rannsóknar- og þróunarstarfi sem þegar hefur verið unnið í Ísafjarðardjúpi, á Patreksfirði, Tálknafirði og í Arnarfirði.

Æskilegt væri að ríkisvaldið með sínar mennta- og rannsóknarstofnanir, ásamt sveitarfélaginu og sjávarútvegsfyrirtækjunum á Vestfjörðum, sameinuðust um stofnun slíks seturs. Þetta þyrfti að gerast í tengslum við háskólasamfélag og er þá nærtækast að huga að eflingu háskólaseturs á Ísafirði meðal annars með þetta í huga. Þessi rannsóknar- og þróunarvinna á ekki að miðast einungis við eldi á fiskum heldur líka líftækni. Þróun og rannsóknir í þágu líftækniiðnaðar sem byggist á auðlindum hafsins er óplægður akur. Það er ekki ólíklegt að rannsóknar- og þróunarstofnun sem þessi verði einnig til þess að störf skapist í hátækniiðnaði sambærileg við þau störf sem eru að hverfa frá Ísafirði. Fleira gefur af sér en álver.

*Höfundur er í hópi Margrétar Sverrisdóttur sem ásamt fleirum vinnur að stofnun nýs framboðs.*



# Er Gamli sáttmáli enn í gildi?

**UMRÆÐAN**
ESB


GAUTI KRISTMANNSSON

Árið 1994 hringdi til mín sigri hrósandi vinur, harður andstæðingur EES og inngöngu í ESB, og tjáði mér að Norðmenn hefðu kosið fyrir okkur. Vísaði hann þar til þjóðaratkvæðagreiðslu Norðmanna um inngöngu í ESB. Mér hefur oft verið hugsað til þessara orða hans og þess skilnings að við gengjum aðeins inn í ESB ef Norðmenn gerðu það. Mér fannst þetta dálítið hjákátlegt hjá slíkum sjálfstæðissinna að segja í raun að Norðmenn réðu örlögum okkur í þessu sambandi en ekki við. En er það ekki rétt? Ég hef heyrt Halldór Ásgrímsson halda því fram og einnig að bæði Norðmenn og við Íslendingar munum ganga í Evrópusambandið áður en yfir lýkur.

Það hefur stundum tíðkast að bera saman Gamla sáttmála (sem mér var kennt að fá sting í hjarta yfir í barnaskóla) og inngöngu í ESB. Reyndar hefur nýlega heyrst að hann hafi eiginlega ekki verið til, en það er aukaatriði, aðalatriðið er að hann hefur lengi verið túlkaður sem upphaf að áþján Íslendinga og sambærilegur við inngöngu í ESB. Um þetta hefur t.d. Ásgeir Jónsson ritað bráðskemmtilega grein í Tímarit Máls og menningar (okt. 2002), en það er dálítið kaldhæðnislegt í því sambandi að velta því þá fyrir sér að Norðmenn ákveði í raun hvort við Íslendingar göngum í ESB eða ekki.

En fari svo að Norðmenn taki okkur með í farteski sínu inn í ESB verður að segja að sök þeirra sem barist hafa gegn þessari aðild undanfarin ár af alefli sé mikil. Þá fyrst komum við fram sem nýlenda, hjálenda sem ekki getur tekið sjálfstæða ákvörðun um hvort við förum þar inn eða ekki. Menn líta gjarnan á samtímann og framtíðina þegar verið að meta kosti þess og galla að ganga inn í ESB og er það vitanlega réttmætt upp að vissu marki, þótt auðvitað sé það langt frá því að vera einhlítt. Það er kannski gagnlegra að líta á liðinn tíma og bera saman við stöðuna eins og hún er núna. Þarf þá ekki að fara alla leið aftur til Gamla sáttmála heldur kannski aðeins til þess tíma er Norðmenn höfnuðu ESB, líka fyrir okkur. Hefðum við gengið inn í ESB árið 1995 t.d., má gera því skóna að við ættum núna fjölda reyndra og hátt settra embættismanna innan yfirstjórnar ESB og kannski hefði ekki þurft að skapa þann sendiherraher sem utanríkisráðuneytið hefur komið upp til að veita stjórnmálamönnum eftirlaunaða vinnu. Þessir sömu stjórnmálamenn hefðu kannski getað lokið störfum með því að gæta hagsmuna Íslands á vettvangi ESB. Við ættum kannski sjávarútvegsmálastjóra ESB fremur en Möltubúar. En mestu máli skiptir að það er víst að áhrif okkar innan ESB væru margföld á við það sem nú er.

En hvað gerist ef við neyðumst til að ganga þarna inn á hæla Norðmanna með ónýta mynt og jafnvel efnahag í rúst eftir hrun á álmörkuðum? Verður samningsstaðan góð? Munum við fá sjávarútvegsmálastjórann eftir að hafa ögrað öðrum þjóðum með bjálfahætti í hvalveiðamálinu? Það er ólíklegt, mörg tækifærin sem buðust á þessu sviði eru glötuð og þeim mun fækka eftir því sem árunum líður og fleiri verða á fleti fyrir. Þá mun kannski koma sá dagur að við eltum Norðmenn inn í ESB með húfuna á milli handanna og fáum ekkert fyrir allt, fremur en „allt fyrir ekkert“.

*Höfundur er þýðandi.*

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum. Þetta tryggir tromla af nýrri gerð, (einkaleyfi Miele) lengri ending vélarinnar en gengur og gerist, auk fullkomnusta tækni sem völ er á.

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðaop
- 20 ára ending

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W1514 | 142.714 | 99.900 |
| 1400sn/mín/5 kg | | |
| Þvottavél W1714 | 172.286 | 119.900 |
| 1400sn/mín/6 kg | | |
| Þurrkari T7644C | 135.571 | 94.900 |
| Rakaþéttir/6 kg | | |

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele þvottavélar í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

30% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Fellur ríkisstjórnin?

**UMRÆÐAN**
Kosningar


BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Nú styttist í alþingiskosningar og skoðanakannanir um fylgi flokkanna birtast nú ört. Tvær síðustu kannanir Fréttablaðsins sýna að stjórnarandstaðan mundi fá meirihluta á þingi ef kosið væri í dag. Raunar leiddi önnur könnunin í ljós, að Samfylking og Vinstri grænt mundu fá meirihluta án frjálslyndra. En stjórnarandstaðan öll hefur bundist fastmælum um það, að reyna stjórnarmyndun sem fyrsta valkost strax eftir kosningar. Reynslan hefur leitt í ljós, að fylgi flokkanna getur oft reynst annað í kosningum en það sem skoðanakannanir hafa sýnt. Þess vegna er ljóst, að kosningarnar verða mjög spennandi. Það eru góðar líkur á því að stjórnin falli en ekkert er öruggt í því efni fyrr en talið hefur verið upp úr kjörkössunum.

### Kosið um misskiptinguna

Um hvað verður kosið í kosningunum? Að mínu mati verður kosið um misskiptinguna í þjóðfélaginu og þar á meðal um málefni aldraðra og öryrkja. Einnig verður kosið um umhverfismálin og stóriðjuna og það verður kosið um lýðræðið, um það hvernig stjórnarherrar fara með vald sitt. Það verður kosið um misbeitingu valds og um spillingu í íslenskum stjórnmálum. Síðast en ekki síst verður kosið um jafnrétti kynjanna, um það hvernig tryggja megi rétt kvenna til sömu launa og karlar fá fyrir sömu vinnu og um jöfn völd og áhrif kvenna og karla.

*Um hvað verður kosið í kosningunum? Að mínu mati verður kosið um misskiptinguna í þjóðfélaginu*

### 40 milljarðar hafðir af öldruðum

Stærsta málið að mínu mati verður misskiptingin í þjóðfélaginu, aukinn ójöfnuður, sem hlotist hefur af kvótakerfinu, af ranglátri skattastefnu og vegna græðgisstefnunnar. Misskiptingin hefur bitnað illa á öldruðum, öryrkjum og láglaunafólki. Ný ríkisstjórn verður að rétta hag aldraðra og öryrkja. Stjórnarflokkarnir hafa haft 40 milljarða af öldruðum á síðustu 12 árum, þar eð aldraðir hafa ekki fengið sömu leiðréttingu á lífeyri sínum eins og láglaunafólk hefur fengið á launum sínum en því var lofað 1995, að aldraðir fengju sömu uppbætur á lífeyri sinn eins og launafólk fengi á laun sín. Það var svikið. Til þess að kóróna ósómann fóru stjórnarflokkarnir að seilast í framkvæmdasjóð aldraðra og taka peninga úr sjóðnum til eyðslu, peninga, sem áttu að renna til byggingar hjúkrunarheimila og annarra stofnana aldraðra. Tóku stjórnvöld alls 3 milljarða í eyðslu af framkvæmdafé sjóðsins. Núverandi heilbrigðisráðherra gekk enn lengra og tók peninga úr framkvæmdasjóðnum til þess að kosta áróðursbækling, sem ráðherra gaf út vegna næstu kosninga. Ráðherranum fannst það í lagi? Krafan er sú, að þessu fé verði öllu skilað. Það má reisa mörg hjúkrunarheimili fyrir 3 milljarða. (Ríkisstjórnin ætlar að skila 100 milljónum á þessu ári. Það er of lítið.) Það þarf ennfremur að leiðrétta skattastefnuna. Milljarðamæringarnir og aðrir efnamenn, sem nú greiða aðeins 10% skatt verða að greiða fullan tekjuskatt til þjóðfélagsins eins og aðrir þjóðfélagsþegnar. Og það þarf að lækka skattinn á þeim lægst launuðu. Kvótakerfinu verður að gerbreyta. Það verður að stöðva kvótabraskið og koma í veg fyrir, að menn geti gengið út úr greininni með fullar hendur fjár. Útgerðarmenn fengu úthlutað veiðiheimildum frítt og það er ósvífið, að þeir skuli síðan margir hverjir ganga út úr greininni og selja veiðiheimildirnar. Slíkt brask þarf að stöðva.

Ríkisstjórnin hefur ítrekað gerst sek um vafasamar embættaveitingar. T.d. hafa frændur og vinir verið skipaðir hæstaréttardómarar og jafnréttislög og stjórnsýslulög verið brotin á þeirri vegferð. Lög og stjórnarskrá hafa verið brotin á öryrkjum og hefur Hæstiréttur þurft að taka í taumana í málefnum öryrkja. Löng valdaseta hefur spillt stjórnarherrunum og er því mál að þeir fái frí.

Væntanlega mun ríkisstjórnin fá reisupassann í væntanlegum þingkosningum svo unnt verði að mynda velferðar- og umbótastjórn í landinu.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

## ALLT HITT

[ TÍSKA HEIMILI HEILSA ]

**Íþróttafatnaður** er meðal þess sem spáð er að verði í tísku í vor og sumar. Vera Wang og Jean Paul Gaultier eru í hópi hönnuða sem senda frá sér íþróttaföt.



**Ný** gerð af þvottavélum og þurrkurum frá Miele fæst nú með þrjátíu prósenta kynningarafslætti í versluninni Eirvík, Suðurlandsbraut 20. Nánar á www.eirvik.is.

**Skráning** stendur yfir á námskeið um hráfæði á vegum Himneskrar hollustu. Námskeiðið verður haldið mánudaginn 19. mars klukkan 18.50-23.00. Nánar á www.himneskt.is.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 8. mars, 67. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.12 | 13.39 | 19.07 |
| Akureyri | 7.59 | 13.23 | 18.49 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




„Amma ráðlagði mér reyndar að láta ekki gera það á upphandlegginn, svo ég lét flúra á framhandlegg.“
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Óttalaus í fatavali

***Erna Þorbjörg Einarsdóttir á litríkan kjól, er með stórt húðflúr og hefur litlar áhyggjur af áliti annarra.***

„Ég keypti þennan fallega kjól á kílóamarkaði í Kolaportinu. Hann lá þar í hrúgu og ég dró hann upp úr henni. Var að fara á árshátíð um kvöldið og því sérlega heppilegt að finna ódýran og fínan kjól þennan dag,“ segir Erna Þorbjörg og bætir því við að auðvitað hafi það verið litirnir sem heilluðu hana fyrst og fremst við kjólinn. „Núna er ég búin að stytta hann og nota bara dags daglega. Það er fínt að klæðast svona litríkum fötum hversdags, það lífgar upp á þetta,“ segir hún.

Erna skartar heilmiklu húðflúri á handleggnum af japanskri geisju sem stendur við kínverskt haf. Hún segist hafa verið aldeilis ósmeyk við að fá sér slíkt húðflúr, jafnvel þótt það sé stórt, litríkt og áberandi. „Mig langaði til að fá mér húðflúr svo ég bara gerði það. Amma ráðlagði mér reyndar að láta ekki gera það á upphandlegginn, svo ég lét flúra á framhandlegg. Myndina fann ég á netinu en við Jón Páll húðflúrmeistari breyttum henni þar til mér fannst hún hafa fengið endanlegt útlit,“ segir Erna sem er nú á fyrsta ári í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands.

Hún segist hvorki eiga sér neinn uppáhaldshönnuð né fletta tískublöðum heldur tekur hún meira eftir því sem er að gerast í umhverfinu.

„Óhjákvæmilega? Ómeðvitað þá tekur maður alltaf eftir því sem er að gerast í kringum mann. Það er líka frekar erfitt að komast hjá því, þetta er svo lítið,“ segir hún og hlær. „En ég hef sjálf alltaf haft mjög sjálfstæðan fatasmekk og fer í það sem mig langar til. Auðvitað eru alltaf einhver „trend“ í gangi sem maður fylgir aðeins eftir en ég hef samt sem áður alltaf verið óttalaus við að vera eins og ég vil.“

*mhg@frettabladid.is*






**Hattar** og hárskraut lífga upp á útlitið þegar maður notar litla svarta kjólinn og vill setja punktinn yfir i-ið þegar farið er í veislu.





















# Hinumegin á hnettinum

***Augu tískuheimsins hafa beinst að tískuvikunum í London, Mílanó og París. Fleiri borgir grípa tækifærið og sýna tískuna fyrir næsta vetur, eins og Melbourne í Ástralíu.***

Nú stendur yfir tískuvika í Ástralíu sem kemur í kjölfar tískuvikna í París, Mílanó og London. Þar verður haust- og vetrartíska næsta árs kynnt. Reyndar kallast hún ekki tískuvika, heldur L'Oreal Melbourne Fashion Festival og er árlegur viðburður. Helstu tískuhönnuðir Ástralíu taka þátt og jafnvel þótt þeir standi ekki eins framarlega og þeir sem sýna í Mílanó, London og París hafa þeir upp á heilmargt spennandi að bjóða.

*- keþ*




Framakonan var í lykilhlutverki á sýningu Oroton.



Glæsileikinn var allsráðandi hjá Oroton.



Peter Alexander sýndi stelpulegan og eilítið rómantískan fatnað.



Palestínuklútarnir koma alltaf reglulega í tísku, og hefur Flux í Ástralíu tekið þá upp á sína arma að þessu sinni.



Pop Up Pop In Pop Out heitir fyrirtækið sem kynnti þennan fatnað. Hann er sláandi dæmi um endurkomu áttunda áratugarins.



Hönnuðir Metalicus unnu skemmtilega blöndu úr þriðja og áttunda áratugnum.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Lyftingakonur sýna með pilsfald á niðurleið

Tískuviku lauk í París á sunnudagskvöld með stjörnusýningum frá Lanvin og Louis Vuitton en að þessu sinni var það haust- og vetrartíska 2007-8 í kvenfatnaði sem var kynnt. Heldur virðast áhrif frá sjöunda og áttunda áratugnum vera að minnka og tískan er ekki eins einslit og áður. Pilsfaldurinn er heldur síkkandi að nýju. Það er sömuleiðis meira um liti í komandi vetrartísku miðað við það sem oft er því svart og almennt dökkir litir eru ansi oft ríkjandi vetrarlitir.

Alber Elbez, hönnuður Lanvin, sækir hugmyndir í hönnun Jeanne Lanvin frá 1930 með breiðum herðum og víðum ermum sem þrengjast niður og eru kallaðar á frönsku læraermar (manche gigot, sbr. lambalæri). En galdur Elbez er að taka upp gömul snið og form og laga að nútímanum eins og kjóllinn með Charleston-kögri sem er úr techno-efni, hann bætir við rennilásum sem eru iðnaðarlegir og lætur endana standa út úr.

Chanel minnir minna á Chanel en undanfarið, en Karl Lagerfeld mætir nú með beittari stíl og nútímalegri en undanfarin misseri.

Veturinn verður áfram í dýrum efnum eins og verið hefur með slöngu-, krókódíla- og strútsskinni og loðfeldum. Þetta sást bæði á sýningu John Galliano hjá Dior og sýningu Jean-Paul Gaultier fyrir Hermès en Galliano heldur áfram að halda upp á tíu ára starfsafmæli sitt hjá Dior með einstaklega fágaðri sýningu í anda Hollywood, Joan Crawford og New Look meistara Dior með draktinni frægu með reyrðu mitti og mjög beinum línum, neðri hluti ermanna oft með ásaumuðum loðfeldi með löngum hárum.

Gaultier var sömuleiðis með mikið af dýrum skinnum á sýningu Hermès en hann hefur náð á þremur árum frá því að hann tók við hönnun Hermès að sýna að þar er snillingur á ferðinni. Meðal annars með krókódílsfrakka og jakka fóðruðum með minkaskinni og á sviðinu var Harley Davidson-mótorhjól með krókó Kellý-tösku, dýrari en mótorhjólið sjálft.

Frumleikaverðlaun tískuvikunnar hljóta að fara til hollenska dúettsins Viktor og Rolf en á sýningunni hjá þeim bar hver fyrirsæta járnstöng á herðum með ljóskösturum og jafnvel hátölurum og efri hlutarnir oft á tíðum hengdir á stöngina. Og hvað er hollenskara en tréklossar við herlegheitin, reyndar með háum hælum. Sýningargestir héldu niðri í sér andanum á meðan á sýningunni stóð af ótta við að einhver fyrirsætan dytti nú og heyrðist kallað „Hún hallast!" og „Hún dettur!" en allar komust fyrirsæturnar slysalaust frá sínu verki. Fagnaðarlætin ætluðu engan enda að taka, ekki fyrir snilldarhönnun heldur til að fagna fyrirsætunum fyrir frammistöðuna. Líklega ekki anorexískar fjörutíu og tveggja kílóa fyrirsætur þar á ferð.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*

# Leyfa sýningarstúlkur

***Írönsk stjórnvöld leyfa sýningarstúlkur í fyrsta sinn eftir íslömsku byltinguna.***

Stífmálaðar konur á háhæluðum skóm sýndu nýverið föt á tískusýningu í Teheran, höfuðborg Íran, Er það í fyrsta sinn sem sýningarstúlkur eru leyfðar í landinu eftir íslömsku menningarbyltinguna árið 1979.

Tískusýningin þykir vísbending um að írönsk stjórnvöld séu að slaka á afstöðu sinni til klæðaburðar kvenna, þar sem ströng lög hafa gilt um hann í landinu síðan heittrúaðir múslimar tóku við völdum.

Kona sem ekki hylur líkama sinn eða hár á almannafæri getur átt á hættu að verða sektuð eða vera dæmd í allt að tveggja mánaða fangelsisvist.

Tilgangurinn með tískusýningunni er að auka fjölbreytni í þeim kvenfatnaði sem stenst kröfur um klæðaburð kvenna og jafnframt að stemma stigu við vestrænum áhrifum.

Þó að flestir fagni framtakinu eru ekki allir ánægðir. Sumum konum á sýningunni þótti fatnaðurinn til dæmis alltof arabískur og íhaldssamur miðað við margt af því sem fæst í verslunum Teheran. Þær kjósa frekar íranskan fatnað undir vestrænum áhrifum, jafnvel þótt þær eigi á hættu að fá á sig stimpilinn „vestrænar dúkkur".



Dæmi um íranskan tískufatnað sem uppfyllir skilyrði stjórnvalda.

Ekki fylgir fréttinni hvort jafnréttissinnum þykir þessi nýbreytni vera skref í átt að auknu kvenfrelsi.

-rve


FYRIR FERMINGUNA

Ríta

Bæjarlind 6 , Eddufell 2
s.554-7030 s.557-1730
Opið virka daga 10.00-18.00
laugardaga 10.00-16.00





NÝJAR VÖRUR





Ullar stuttkápur
svartar og gráar
Bómullar
svart og beige
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16

Blússur





Stærðir 36 - 48
bianca
gæði og glæsileiki
Nýbýlavegi 12
Sími 554 3533
Opið virka daga 10-18 Laugardaga 10-16

allt auglýsingasími 550 5880






**Torx-skrúfjárnin** hafa tekið við af stjörnuskrúfjárnum. Haldið er betra í skrúfunni og meiri líkur á að munstrið skemmist ekki þegar skrúfað er.


Hawa Gler-rennibrautir



Hawa Junior 80 eru glæsilegar rennibrautir fyrir 8-10-12 mm hert gler eða timburhurðir. Eigum einnig rennibrautir frá GEZE fyrir skápa og tréhurðir.

Útvegum hert gler eftir máli..



JÁRN & GLER
Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is



White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS






FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá




Hjá Agli Árnasyni fæst gott úrval blöndunartækja, meðal annars þessi stóri sturtuhaus sem hentar vel fyrir þá sem vilja hafa bununa góða.

# Grunnur að góðum degi

***Fjölbreytni í blöndunartækjum, sturtuklefum og -hengjum verður meiri með hverju ári.***

Fyrir sumum er góð sturta nauðsynleg byrjun á góðum degi. Sturtuframleiðendur eru meðvitaðir um þessa staðreynd og hafa því aukið fjölbreytni sturtuklefa verulega á síðastliðnum árum, svo allir geti fundið sér eitthvað við sitt hæfi.

Nú er hægt að velja sér stílhreinar sturtuklfa og -hurðir eða klefa með ótrúlegum tækjabúnaði, svo sem nuddi, vatnsgufu, stafrænum stjórnbúnaði, skrautlampa, útvarpi, tengi fyrir geislaspilara, síma, setu og hreinsibúnaði. Þá eru blöndunartækin óupptalin, sem geta verið einföld eða flókin, með litlum eða stórum sturtuhaus. Allt eftir því hvað hugurinn girnist.

**- rve**



Þetta minnir á rómverska baðstofu og fæst hjá Tengi.



Innbyggt ljós er í þessum sturtuhaus frá Tengi. Litur ljóssins helst í hendur við hitastig vatnsins. Það verður rautt við hita og blátt í kulda.



Sumir vilja frekar hafa sturturnar einfaldar. Blöndunartæki frá Tengi.



Ýmsar gerðir sturtuhausa fást hjá Tengi.



Sturtuklefar fást núorðið með ýmsum skemmtilegum tækninýjungum, eins og þessi sem er frá sturta.is. Punktanudd, sæti og loftljós eru á meðal þess sem fylgir honum.



## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

# Útmánaðablómin utandyra

Nú eru dagarnir orðnir þokkalega langir aftur og oftar en ekki bjóða veðravöldin okkur upp á sólríka góðviðrisdaga, að minnsta kosti á dyrapöllum og í skjólgóðum skotum við húsin okkar hér sunnanlands og suðvestan. Líklega á þetta líka við í helstu kaupstöðunum landið um kring. Það er alveg óhætt að taka sénsinn á því og freista gæfunnar með því að setja nokkrar plöntur í ker á tröppunum, svölunum eða veröndinni og vona að þær standi þar af sér nokkur hret. Á blómamarkaðinum er hægt að fá nokkrar tegundir blómplantna sem eðlilegt er að blómstri síðla vetrar og kippa sér lítið upp við það þótt frysti, fjúki og fenni á blómin þeirra, ef þær bara fá að standa í góðu skjóli.

### Vorlykillinn

Ein af þessum plöntum sem margir þekkja og eru farnir að kunna á er vorlykillinn eða vorprímúlan, Primula x tommassinii. Blómin fást í mörgum litum og litatilbrigðum, þau standa mörg saman í stórum knippum. Vorlykillinn getur staðið af sér flest hret og frostakafla. Blómin endast lengi og lífga mikið upp á umhverfið alveg fram á vor. Gætið þess bara að gefa vorlyklinum gott skjól og plantið gjarna nokkrum plöntum saman í frostþolna plöntuskál. Dragið plönturnar í skjól, eða sveipið yfir þær plöntublæjum (akrýldúk) ef útlit er fyrir langvarandi norðanátt með þurrafrosti. Fylgist með því að moldin þorni ekki og vökvið áður en plönturnar fara að „hengja blöð“.



Græn fösturós

### Fösturósir

Ein af þeim nýjungum sem garðyrkjuvinir og blómafólk hefur uppgötvað á síðustu árum eru plöntur sem í nágrannalöndunum ganga almennt undir samheitinu jólarósir, vegna þess að þær blómgast þar á veturna, frá nóvember og fram á vorið, en hér eru þær mun seinna á ferð. Þess vegna hentar það nafn þeim ekki hjá okkur. Í staðinn köllum við þær bara fösturósir, vegna þess að hér draga þær blómgunina lengra fram á veturinn. Í bestu görðum byrja þær að blómgast í mars og ljúka sér af í sauðburðarlok. En það er hægt að fá forræktaðar og blómstrandi plöntur í pottum í blómabúðunum núna. Blómin minna á sóleyjar, enda eru fösturósirnar náskyldar þeim, og birtast í ótrúlegum fjölda lita. Blómin eru dimmpurpurarauð, ljósgræn, bleik eða hvít og eru til í margvíslegum tilbrigðum í þessum litaskala. Í ættkvísl jólarósa eru um tuttugu tegundir dreifðar um hálendi Mið- og Suður-Evrópu, til Litlu-Asíu og austur um til Himalajafjalla. Latneska ættkvíslarheitið er Helleborus. Ræktaðar fösturósir eru yfirleitt blendingar milli ýmissa tegunda. Eins og vorlyklarnir geta fösturósirnar staðið í kerjum utandyra og standa af sér öll útmánaðaveðrin ef þær bara fá einhverja vörn gegn norðannæðingnum. Vel fer á að planta saman í „tröppuker“ vorlyklum, fösturósum og sígrænum smárunnum eins og t.d. eini eða sýpris.



Hvít fösturós



Vel umbúið rúm heldur herberginu hreinu.

# Dýrðlegar rekkjuvoðir gefa góðan svefn

***Vel umbúið rúm getur skipt sköpum fyrir nætursvefninn. Kúnstin felst í hreinum sængum, koddum, verum og lökum sem eru í réttri stærð.***

Svefnherbergið er mikilvægasta herbergi heimilisins og okkur þarf að líða vel þar sem við eyðum helmingi ævinnar. Gott rúm er nauðsynlegt eigi nætursvefninn að vera góður.

Rúmið þarf að henta líkamsgerð og þyngd ásamt því að passa inn í svefnherbergið. Sængur og koddar þurfa að vera úr ofnæmisprófuðum efnum og sumir eiga bæði þykkar sængur til að nota á veturna og svo þynnri sumarsængur.

Á veturna er gott að setja sængurnar út í frostið yfir nótt til að losna við rykmaura, eða jafnvel setja þær í ruslapoka og koma fyrir í frystikistunni í sólarhring. Sængur og kodda þarf að þvo eða hreinsa einu sinni á ári.

Sængurfötin þarf alltaf að þvo fyrir fyrstu notkun svo að þau verði mjúk og ilmi vel. Verin þurfa að passa utan um sæng og kodda því fátt er leiðinlegra en ver sem fara af um nóttina og flækjast utan um mann í svefni. Hér áður fyrr notuðu flestir eitt lak á rúmið en í dag eru þau oft tvö eða þrjú eftir stærðinni á rúminu.

Til að eiga vel heppnaða nótt er kjörið að nota dýnuhlíf sem fer utan um neðstu dýnuna, eða teygjulak í réttri stærð. Því næst teygjulök í réttri stærð utan um miðdýnu og síðan annaðhvort teygjulak eða venjulegt sem hægt er að brjóta vel undir yfirdýnuna og fer ekki á ferð um miðja nótt.




Zzz Zzz Zzz

AMERÍSKUR LÚXUS MEÐ TILHEYRANDI ÞÆGINDUM

20% KYNNINGARAFSLÁTTUR

Á SÓFUM, TUNGUSÓFUM, STÓLUM, HORNSÓFUM OG SVEFNSÓFUM



TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS




Unnur er mjög ánægð með kaffivélina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Morgunkaffið best

***Unnur Ösp Stefánsdóttir leikkona segir bestu stund dagsins vera þegar hún og sambýlismaður hennar, Björn Thors leikari, fá sér morgunkaffið. Þau hafa í nógu að snúast þessa dagana þar sem þau taka þátt í uppsetningu Borgarleikhússins á Killer Joe.***

„Það er mjög mikil stemning í kringum kaffivélina á heimilinu," segir Unnur og bætir við að þó séu ekki nema tvö ár síðan hún fór sjálf að drekka kaffi. „Ég hafði aldrei nokkurn áhuga á kaffidrykkju en svo var ég einhvern tímann stödd á fundi hjá bankastjóra að betla peninga fyrir einhverju verkefni og hann bauð mér upp á kaffi og ég sagði bara já takk. Eftir það varð ekki aftur snúið og ég hef drukkið kaffi upp á hvern einasta dag síðan."

Fyrir ári fór Unnur svo og keypti forláta kaffivél á heimilið. „Ég ákvað bara að fjárfesta í alvöru heimilisgræju og gaf kærastanum hana í jólagjöf. Þetta er alveg rosalega flott Isomac-kaffivél og síðan þá eru bestu stundirnar okkar á heimilinu þegar við drekkum morgunkaffið. Það er náttúrulega bara alveg nauðsynlegt að vera með svona góðan grip á heimilinu og ekki síður um helgar þegar við fáum gesti. Við eigum því margar minningar um ánægjulegar stundir tengdar þessu heimilistæki."

Unnur segist vera svolítið sérvitur þegar kemur að kaffi. „Ég drekk alltaf bara einn bolla á dag og alltaf latte og það verður að vera alvöru bolli. Ég kaupi kaffið í Kaffitári og kaupi þá Krakatá kaffi sem ég læt mala fyrir mig en ég er líka mikill fastagestur í Kaffitári ef ég fæ mér kaffi utan heimilis. Ég nota alltaf nýmjólk í kaffið og læt hana freyða dálítið og stundum leyfi ég mér skvettu af appelsínusýrópi út í," segir hún og hlær. *emilia@frettabladid.is*







Sólarfilmur



» 99% UV vörn sem verndar húsgögn og gólfefni gegn upphitun.

» Filman heldur sama fallega litnum, lífstíðarábyrgð.

» Dregur 78% úr sólarhitun innandyra.

» Minni speglun innandyra en utan.

SunTek

HOFSPRENT Auglýsinga & Skiltagerð

Hofsprent Kópavogi, Sími: 534 8700, hofsprent@hofsprent.is




Lamparnir hennar Margrétar hæfa nútímaheimilum vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Handunnir lampar

***Í Kirsuberjatrénu á Vesturgötu 4 getur að líta standlampa eftir listakonuna Margréti Guðnadóttur og Harald Þráinsson járnsmið.***

Pappír og tágar eru uppistöðuefni í lampaskermunum, sem Margrét hefur riðið að hætti körfugerðarmanna, en þrífóturinn úr stáli er smíði Haralds. Lamparnir verða í nýlegu sýningarrými Kirsuberjatrésins fram á laugardag en í kvöld verður opið til klukkan 20. Sýningin er sölusýning en lamparnir munu fáanlegir í Kirsuberjatrénu áfram þótt sýningunni ljúki um helgina. *- gun*



Verslunin Parki verður opnuð á Dalvegi 10-14 á laugardaginn.
MYND/HAFSTEINN JÚLÍUSSON

# Meira úrval í nýrri búð

***Verslunin Parki verður opnuð í nýju húsnæði á laugardag.***

„Verslunin verður opnuð í nýju húsnæði á laugardag," segir Egill Arnar Birgisson, hjá Parka. „Hún fer þó ekki langt, úr núverandi húsnæði að Dalvegi 18 yfir í númer 10-14."

Nýja húsnæðið verður stærra en það gamla eða 2000 fermetra stórt. Að sögn Steinars er stækkunin meðal annars til komin vegna fjölgunar á vöruflokkum. „Parki hefur hingað til verið þekkt fyrir sölu á hágæðaparketi," segir Steinar. „Við ætlum nú að bæta um betur og bjóða upp á gólfflísar, hurðir, eldhúsinnréttingar og arna."

Steinar segir að fjölgun vöruflokka megi rekja til aukinnar eftirspurnar á markaði. „Það hefur gengið svo vel með parketið að viðskiptavinirnir hafa farið þess á leit við okkur að auka vöruúrvalið. Við ákváðum að verða við þeirri ósk. Eitt af markmiðum okkar er að viðskiptavinirnir geti fengið sem flest fyrir heimilið í nýju versluninni." *-rve*



Verslunin InnX verður opnuð á Dalvegi 10-14 í Kópavogi.

# Stærsti sýningarsalurinn

***Hluti af InnX í nýtt húsnæði.***

„Eldhúsinnréttingadeild og hluti af vörulager verslunarinnar InnX innréttinga verða flutt á Dalveg 10-14, þar sem ráðgert er að opna nýja verslun undir sama heiti í apríl," segir Steinar Ingimundarson, sölustjóri hjá InnX.

„Nýja húsnæðið er tvö þúsund fermetrar að stærð, en það gamla er 400 fermetra stórt," segir Steinar. „Stækkunin er því fimmföld. Við verðum meðal annars með þúsund fermetra sýningarsal í húsinu, einn þann stærsta og glæsilegasta á landinu. Einnig verður þar sérstök verktakadeild ætluð verktökum og aðilum innan byggingariðnaðarins."

Hluti InnX verður eftir sem áður í Faxafeni 8. Skrifstofuhúsgögn munu fást þar áfram sem og vörur frá BoConcept. *-rve*

# *Artótek í Gerðubergi*

***Fyrirtæki og stofnanir geta fengið leigð listaverk úr safni Gerðubergs sem unnin eru af börnum.***

Gerðuberg á í safni sínu um eitt þúsund listaverk eftir börn sem unnin voru í listsmiðjunum Gagn og gaman sem starfræktar voru sumrin 1988-2004. Val á myndverkum í safnið hefur verið í höndum starfandi myndlistarmanna og stjórnast af uppbyggingu, formi og litanotkun í verkunum og því hvergi slegið af listrænum kröfum. Búið er að skrá, flokka og ljósmynda safnið og setja upp í gagnagrunn. Ekki er vitað til þess að sambærilegt safn sé til á landinu og óvíða á Norðurlöndum og safnið því sjóður að sækja í fyrir fræðimenn, uppeldisfræðinga, list- og sagnfræðinga, fagurkera og unnendur lista og menningar nú og um ókomna tíð. Auk myndanna er til fjöldi ljósmynda sem teknar voru í smiðjunum, dagbækur, myndbönd og frásagnir barna og leiðbeinenda.

Fyrirtæki og stofnanir geta fengið leigð verk úr safninu til lengri eða skemmri tíma. Nú stendur yfir sýningin Óvart abstrakt á 2. og 3. hæð Barnaspítala Hringsins og nýverið var opnuð sýning á úrvali mynda úr safninu á skrifstofu Umboðsmanns barna. Unnið er að því að setja inn myndir úr safninu á heimasíðuna www.gerduberg.is



## Fermingar undirbúnar

BLÓMASTOFAN Á EIÐISTORGI HELDUR SÝNINGU Á FERMINGARSKREYTINGUM UM HELGINA.



Blómin verða í aðalhlutverki á sýningu Blómastofunnar á Eiðistorgi sem stendur næstkomandi laugardag og sunnudag í tilefni ferminganna framundan. Servíettur og kerti tilheyra vissulega veisluhöldum sem slíkum athöfnum fylgja og því sjást líka ýmis afbrigði af þeim.



# Kökuboð á sunnudegi

***Eftir því sem heilsubylgjunni vex ásmegin verða kökuboð æ sjaldgæfari munaður.***

Þótt kaffi sé sívinsæll drykkur fer þeim skiptum fækkandi sem kökur eru bornar fram á heimilum. Flestar húsmæður vinna utan heimilis og síðdegiskaffitíminn heyrir sögunni til. Því getur verið góð tilbreyting að efna til kökuboðs einhverja helgina, skella í nokkrar pönnukökur og eina góða tertu og draga fram það fínasta úr skápunum sem slíku boði tilheyrir. Hér eru nokkrar tillögur. - gun



Glerbakki undir upprúllaðar pönnukökur eða hvaða góðgæti sem er. Þessi er úr Byggt og búið en fæst líka í Rangá og kannski víðar.



Diskur undir tertuna frá Þorsteini Bergmann.



Gafflar og spaðar eru nauðsynleg amboð. Sett með sex göfflum, hníf og spaða fæst í Byggt og búið.

Kaffið er gott úr espressókönnu.



Borðskraut sem sameinar kerti og blóm.



Rjómakannan er fyllt með matreiðslurjóma eða rjómablandi.



Ef borðið er fallegt er nóg að leggja á það renning. Hér er einn úr versluninni Af hjartans list.

Servíettur setja glaðlegan svip á borðið.



Hér er komin súkkulaðikaka á diskinn.



Stellið er að sjálfsögðu tekið fram ef það er til. Þetta heitir Luxembourg og fæst í Villeroy og Boch.




SUPREME MASTER SJÓNVARP

Gervihnattasjónvarpsstöð og í beinni á netinu allan sólarhringinn alla daga vikunnar www.suprememastertv.com/webtv

Útsendingar eru á ensku og eru textaðar á eftirfarandi tungumálum: **Frönsku, þýsku, arabísku, persnesku, rússnesku, spænsku, ítölsku, kínversku, kóresku, víetnömsku** og fleiri tungumálum verður bætt við í framtíðinni.

**Meistarinn Ching Hai**

*Þessi nýja frjálsa sjónvarpsstöð sendir út jákvæða dagskrá um alla Evrópu og mun færa þér nýjar andlegar víddir og fullnægingu í líf þitt.*

Upplýsingar um stöð:
HOTBIRD 6 á 13o E
TÍÐNI: 10853 MHZ
PÓLUN: LÁRÉTT (H)
VIDEO 32, AUDIO 34, PCR 32
SYMBOL RATE:
MERKISSVARI 117 FEC: ¾

Vertu með eigið sjónvarp á tölvunni þinn og sjáðu Supreme Master Television sjónvarpið beint á www.suprememarstertv.com/webtv allan sólarhringinn. Hægt er að horfa á Supreme Master Television í tölvu eða farsíma með háhraðatengingu. Nánari upplýsingar um hvernig er best að ná Supreme Master Television er að finna á http://www.suprememastertelevision.com/help Sími: 581 1962 / info@suprememastertv.com www.suprememastertv.com www.godsdirectcontact.org/links

allt
auglýsingasími
550 5880


## Þjóðlegur búnaður

ÍSLENSKI ÞJÓÐBÚNINGURINN ER ALLTAF FALLEGUR OG SJÁLFSAGT AÐ KLÆÐAST HONUM VIÐ HÁTÍÐLEG TILEFNI EINS OG VIÐ FERMINGAR OG BRÚÐKAUP. HJÁ ÞJÓÐBÚNINGARÁÐI ERU ALLAR UPPLÝSINGAR UM BÚNINGANA.

Þjóðbúningaráð var stofnað í byrjun árs 2001 að skipan menntamálaráðherra á grundvelli þingsályktunartillögu frá 10. mars 1999. Ráðið rekur meðal annars leiðbeiningaþjónustu á netinu um þjóðbúninginn á íslensku og ensku þar sem rakin er saga búningsins. Þar er einnig að finna sögu búningsins í máli og myndum ásamt öðrumupplýsingum og ýmsum áhugaverðum tenglum. Heimilisiðnaðarskólinn stendur reglulega fyrir námskeiði í þjóðbúningagerð, en það hefur talsvert færst í vöxt að fermingarbörn séu í þjóðbúningi og þá sérstaklega stúlkur sem erft hafa silfur frá mæðrum og ömmum, enda ekki margir gullsmiðir í dag sem kunna þá kúnst að smíða búningasilfur. Nánari upplýsingar: Þjóðbúningaráð www.buningurinn.is Heimilisiðnaðarfélag Íslands www.heimilisidnadur.is Búningasilfur www.milla.is



Senn líður að fermingu og þjóðbúningar njóta sífellt meiri vinsælda hjá fermingarbörnum og foreldrum þeirra.



**Hjólreiðar** eru frábær líkamsrækt. Nú eru götur auðar og vel hægt að leggja bílnum og hreyfa sig hressilega á leiðinni í vinnuna. Sumir komast meira að segja hraðar yfir á hjóli en á bíl.



Guðmundur Vikar Einarsson læknir segir nýlega rannsókn hafa leitt í ljós að 35,5 prósent svarenda ættu við stinningarvanda að stríða. Hæst var hlutfallið í hópi karla á aldursbilinu 45 til 75 ára, alls 62,3 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sannleikurinn um Viagra

*Guðmundur Vikar Einarsson læknir segir alls kyns misskilnings gæta varðandi notkun á Viagra sem vert sé að leiðrétta.*

„Alls konar misskilningur er á ferðinni í tengslum við notkun stinningarlyfsins Viagra,“ segir Guðmundur Vikar Einarsson, læknir á þvagfæraskurðdeild Landspítalans.

„Þetta er fyrst og fremst lyf sem hjálpar mönnum með stinningarvanda að ná risi, hverjar svo sem orsakir vandans kunna að vera,“ heldur hann áfram. „Lyfið eykur blóðflæði til getnaðarlimsins, með því að víkka smáæðarnar um helming. Það getur haft æðavíkkandi áhrif á öðrum stöðum. Þau eru hins vegar lítil og valda ekki óþægindum.“

Guðmundur segir Viagra ekki á neinn hátt kynörvandi lyf, gagnstætt því sem sumir kunna að halda. „Það er algengur miskilningur að inntaka lyfsins hafi í för með sér kynferðislega örvun. Hún þarf annað hvort að verða af völdum hugsana eða utanaðkomandi þátta. Viagra eitt og sér veldur hvorki holdrisi né framlengir það. Viagra getur hins vegar aukið þá vellíðan sem verður við fullnægingu. Það segir sig sjálft að menn eiga meiri möguleika á að fá góða fullnægingu eftir að lyfið fer að virka.“

Menn virðast ekki þurfa að greiða notkun Viagra háu gjaldi, þar sem aukaverkanir eru fáar og vægar að sögn Guðmundar. „Í einstaka tilfellum finna menn fyrir höfuð- og magaverkjum og nefstíflu. Í undantekningartilfellum kvarta menn undan hröðum hjartslætti. Í slíkum tilvikum skal snúa sér strax til læknis. Menn á hjartalyfjum eiga að ráðfæra sig við lækni fyrir notkun Viagra.“

Guðmundi finnst ágætt að þessi atriði komi fram þar sem notendum Viagra fjölgar sífellt á Íslandi. „Menn verða sífellt ófeimnari við að leita sér hjálpar þótt þetta sé enn ákveðið feimnismál. Enda engin ástæða til að skammast sín. Þetta eru karlar á öllum aldri og ástæður stinningarvandans ólíkar. Til okkar leita menn bæði með sálræn og líkamleg vandamál, svo sem karlar nýkomnir úr aðgerðum á líffærum í neðri hluta kviðar. Þá eru reykingar, sykursýki, hátt kólesteról, kvíði og þunglyndi dæmigerðir áhættuþættir. Viagra hefur í mörgum tilvikum reynst góð lausn.“

roald@frettabladid.is

# Viagra bjargar hjartasjúklingum

*Stinningarlyf gera mögulega meira gagn en nítróglýserín þegar bjarga þarf hjartanu eftir hjartaáfall.*

Meðan hjartaáfall á sér stað fær hjartað ekkert súrefni. Þetta súrefnisleysi orsakar miklar skemmdir, sem verður að laga eins fljótt og auðið er ef auka á lífslíkur sjúklings. Í dag er nítróglýserín notað til að hjálpa til við enduruppbygginguna, með takmörkuðum árangri. Bandarískar rannsóknir benda nú til þess að rislyf geri meira gagn.

Lyfin Viagra og Levitra voru prófuð á músum sem fengið höfðu hjartaáfall. Inngjöf stinningarlyfja minnkaði skemmdirnar í kjölfar áfallsins á mun árangursríkari hátt en nítróglýserínið. Þar að auki minnkaði inntaka þess líkurnar á skemmdum ef þau voru tekin inn fyrir hjartaáfallið. Viagra virðist því hafa góð áhrif á ýmsa starfsemi líkamans.

- tg



Viagra er ýmsum töfrum gætt. Það getur meðal annars hjálpað til við að græða hjartað.

allt
auglýsingasími
550 5880

Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10–23 alla daga



Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr. á mán í 3 mán - Verð kr. 14.985.-
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr. á mán í 3 mán - Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

## Tengsl fitu og kynþroska

NIÐURSTÖÐUR BANDARÍSKRAR RANNSÓKNAR BENDA TIL ÞESS AÐ TENGSL SÉU MILLI OFFITU OG LÆKKANDI KYNÞROSKAALDURS STÚLKNA.

Kynþroskaaldur stúlkna í Bandaríkjunum er nokkuð lægri nú en fyrir 30 árum. Bandarísk rannsókn hefur nú sýnt fram á að þær stúlkur sem eru of feitar verða kynþroska fyrr. Ekki er hægt að segja á þessum tímapunkti hvort offita valdi því að stúlkurnar verða kynþroska fyrr eða hvort þriðja breytan valdi því að stúlkur verði feitar og verði kynþroska fyrr. Það hefur sýnt sig að snemmbúinn kynþroski getur leitt til ýmissa sálrænna og líkamlegra vandamála og því mikið keppikefli að komast að því hvað orsakar að kynþroskaaldur lækkar stöðugt. - tg



Kynþroskaaldur lækkar stöðugt í Bandaríkjunum.



Bæta þarf aðstöðu í smíðastofum grunnskóla landsins.

# Eiturefni í skólum

*Í smíða- og efnafræðistofum í grunnskólum landsins má finna tölvert af hættulegum efnum.*

Umhverfisstofnun gaf nýlega út skýrslu í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga um niðurstöður könnunar á varnaðarmerktum efnavörum sem var gerð í grunnskólum landsins á síðasta ári. Við könnunina kom í ljós að íslensk börn umgangast tölvert af hættulegum efnum í smíða- og efnafræðistofum skólanna, auk þess sem loftræsting og aðstaða er ekki nógu góð. Ljóst er að bæta þarf ýmsa öryggisþætti og hugsanlegt er að settar verði leiðbeinandi reglur um notkun efna við kennslu í grunnskólum.

Sextíu og þrír skólar tóku þátt í könnuninni, sem er þriðjungur allra grunnskóla á landinu, og ætti hún því að gefa ágæta mynd af ástandinu.

- eö

Árangur fer eftir gæðum
Hvaða Spirulina ert þú að taka?
29 vítamín og steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega · GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans
Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.
LifeStream
Greinilegur árangur eftir nokkra daga inntöku
Aukið úthald, þrek og betri líðan
Súrefnisþéttar umbúðir vernda næringarefnin.
Lifestream þörungarnir eru ómengaðir, ræktaðir í ferskvatni eftir ströngum gæðastaðli. ISO9001 · ISO14001


Fæst í öllum apótekum og heilsubúðum
Yggdrasill · Gulli Betri www.celsus.is

O&K
þjónusta

# Þjónustuaðili:

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 555 6670 • FAX 555 6671 • velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.

Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.


# vinnuvélar

FIMMTUDAGUR 8. MARS 2007




## Lítið hrifinn af kjaftakerlingunni

**Þorgeir Þorvaldsson ekur Volvo-dráttarbíl milli Reykjavíkur og Hornafjarðar.** BLS. 4



MYND: ÁSMUNDUR E. ÞORKELSSON



01 - 9479

# Öflug
í grunnvinnunni

*„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar.“*

**Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500




Nýja Kubota-beltagrafan verður kynnt á Bauma-sýningunni í Þýskalandi í apríl.

## ● EINN STÆRSTI FRAMLEIÐANDI BELTAGRAFA

Ný Kubota-beltagrafa er væntanleg til Þórs hf. Kubota er einn stærsti framleiðandi beltagrafa í heiminum í stærðum frá 860 kg til átta tonna. Nú kynnir fyrirtækið til leiks nýja átta tonna beltagröfu sem heitir KX080-3. Vélin er vel útbúin fyrir stjórnanda vélarinnar, með krafti sem skilar sér í góðum vinnuhraða.

Þessar Kubota-vélar eru glænýjar og verða kynntar á Bauma-sýningunni í Þýskalandi nú í apríl.

Þór hf. hefur selt Kubota-vélar um árabil í mörgum stærðum. Vinsælustu vélarnar eru 1,8 til 5,1 tonn og fást í mörgum útgáfum.

# Ungmenni og umgengni við vinnuvélar

Ungmennum er ekki heimilt að stjórna vinnuvélum án þess að hafa tilskilin réttindi. Þau þurfa að vera orðin sautján ára og með próf til að stjórna vinnuvél. Ungmennum er einnig bannað að stjórna dráttarvélum nema utan vega ef þau vinna í fjölskyldufyrirtæki svo sem á sveitabæ. Þó ekki ef dráttarvélin er tengd öðru tæki með drifskafti.



Ungmenni þurfa tilskilin réttindi á vinnuvélar líkt og aðrir.

Unglingar sem eru sextán og sautján ára mega aka dráttarvél með tengibúnaði innan sem utan vega. Til þess þurfa þeir að hafa réttindi til að aka dráttarvél en mega þó ekki aka dráttarvél sem tengist öðru tæki með drifskafti.

KÄRCHER
Gufudælur
Afkastamiklir vinnuþjarkar
HDS 79 8 C Eco
■ Þrýstingur: 30-180 bör
■ Vatnsmagn: 350-750 ltr/klst
HDS 13/24 PE Cage
■ Þrýstingur: 60-240 bör
■ Vatnsmagn: 680-1250 ltr/klst
HDS 895 S
■ Þrýstingur: 30-180 bör
■ Vatnsmagn: 470-1000 ltr/klst
RAFVER
SKEIFAN 3E-F · SÍMI 581-2333 · FAX 568-0215 · WWW.RAFVER.IS



Sæmundur Gunnarsson verkstjóri við Liebherr-kranana, sem eru mikilvægustu vinnuvélarnar á byggingasvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Góðir kranamenn eru gulls ígildi

**Byggingarkranar eru mikilvægustu vinnuvélarnar á byggingasvæðum.**

Byggingafyrirtækið Spöng byggir þrjár blokkir við Suðurlandsbraut 58 til 62. Til að koma upp húsunum sem í verða 78 íbúðir notast starfsmenn Spangar við tvo stóra Liebherr 112 byggingarkrana frá MEST.

Sæmundur Gunnarsson er verkstjóri hjá Spöng og hefur yfirumsjón með uppbyggingu blokkanna við Suðurlandsbraut. Hann hefur sjálfur ekki réttindi á byggingakrana en hefur átt mikið saman við þá að sælda í starfi sínu. „Byggingarkraninn er án efa mikilvægasta vinnuvélin á byggingarsvæðinu. Við erum með flekamót og það væri bara ekki hægt að koma húsinu upp án kranans,“ segir Sæmundur, sem telur einnig skipta höfuðmáli að hafa góða starfsmenn á krönunum. „Góðir kranamenn eru gulls ígildi,“ segir Sæmundur en tveir pólskir starfsmenn Spangar stýra stjórntækjum hinna fjörutíu og fimmtíu metra háu krana og ferst það vel úr hendi.



Allt virðist smátt þegar horft er ofan úr fimmtíu metra háum krana.

Kranamenn verða að vera lausir við lofthræðslu. Sæmundur hefur sjálfur verið töluvert uppi í krönunum og segist ekki vera laus við lofthræðslu. Það komi þó ekki að sök þar sem uppgangan í kranana sé mjög örugg og því líði honum ekki illa. „Uppgangan er öll í stigum og pöllum en efst er auðvitað geysilega mikið útsýni og allt á jörðu niðri virkar afar smátt.“

Kranar Stoðar eru nýlegir, af árgerðinni 2005. Sæmundur telur kranana bæði vandaða og góða en nú til dags eru þeir að miklu leyti tölvustýrðir. Þá hrósar Sæmundur starfsfólki MEST fyrir góða þjónustu.



Góðir kranamenn eru gulls ígildi, líkt og þessi pólski starfsmaður Stoðar.



Arnarfell ehf Sjafnarnesi 2 603 Akureyri s: 460-7300 www.arnarfell.is arnarfell@arnarfell.is

ARNARFELL ehf

# Verktakar í 20 ár

Verktakar
Steypusala
Efnisvinnsla
Jarðgangnagerð


Vegagerð í Kambanesskriðum


Flutningur brúarboga í Vatnsfelli


Vegagerð


Gerð Hörgárdalsvegar


Svæði Arnarfells ehf á Akureyri


Mölun í Bárðardal


Fnjóskárbrú


Steypt í Reykjadal


Snjóflóðagarðar á Neskaupsstað


Vegagerð í Bröttubrekku


Jarðgangnagerð


Steypt á Akureyri


Jarðgangnagerð í Hraunveitum

1984
1985
1986
1987
1988
1989
1990
1991
1992
1993
1994
1995
1996
1997
1998
1999
2000
2001
2002
2003
2004
2005
2006
2007
2008
2009

# Lítið hrifinn af kjaftakerlingunni

**Einn þeirra sem sjá um að flytja varning um vegi landsins er Hornfirðingurinn Þorgeir Þorvaldsson. Hann ekur fyrir Flytjanda og farkosturinn er Volvo-dráttarbíll með fjórtán metra vagni.**

Þorgeir er að hlaða bílinn við vöruskemmu Flytjanda þegar blaðamann ber að. Gefur sér samt tíma til að svara nokkrum spurningum. Sú fyrsta snýst um hvaða kostum góður flutningabíll þurfi að vera búinn. „Sæmilegri vél. Það þarf að vera afl í henni,“ svarar hann strax. Ég keyri milli Hornafjarðar og Reykjavíkur og þó ég sé nánast laus við brekkur þarf ég að draga móti vindinum sem oft er á þeirri leið.“

Við virðum bílinn fyrir okkur að utan. Sex hjól eru undir honum og önnur sex undir vagninum. Þorgeir kveðst hafa verið á honum í þrjú ár og eiga 350 þúsund kílómetra að baki. „En ég er búinn að vera á svona bílum í sex ár og þeir hafa komið vel út gagnvart olíueyðslu og fleiru. Ég má flytja 21,5 tonn þannig að bíllinn verði 40 tonn lestaður. Er þó sjaldan með hann fullhlaðinn, það er helst ef ég tek 52 full fiskikör að austan.“

Nú býður Þorgeir í bæinn! Þar eru tvö sæti. „Það er grundvallaratriði að hafa gott sæti. Þegar ég fékk sæti með armi hvarf verkur sem ég hafði haft í öxlinni. Svona geta smáatriði skipt miklu máli. Það er líka gott að geta breytt um hæð á stýrinu,“ segir hann og sýnir þrjár mismunandi stillingar á því.

Bíllinn er sjálfskiptur og Þorgeir segir hann eins þægilegan og hugsast geti. Spurður út í tækin nefnir hann fyrst „kjaftakerlinguna“. „Þetta er skífa sem sýnir á hvaða hraða ég ek og hvort ég stoppi eins og EES-reglurnar segja til um. Ég má keyra í fjóra og hálfan tíma en þá verð ég að stansa í 45 mínútur. Fæ mér þá yfirleitt að borða en eftir matinn rölti ég um og bíð eftir klukkunni. Vegagerðin skoðar skífurnar og fylgist með,“ segir hann og af svipnum má ráða að þessar reglur eigi ekki sérlega vel við hann.

Athyglin beinist að tökkunum í mælaborðinu fyrir ljós, neyðarljós, bakkljós og splittun. „Ef eitthvað kemur upp á get ég slegið út öllu rafmagni,“ segir bílstjórinn.


Þorgeir hefur keyrt þennan bíl 350 þúsund kílómetra á þremur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sýnir líka þokukastarana. „Þokuljósin eru alger nauðsyn, ekki síst í skafrenningi,“ segir hann.

Vindurinn er versti óvinur bílstjóra á leiðinni Reykjavík-Hornafjörður. Þorgeir segir 68 metra á sekúndu hafa sést á vindmælinum við Lómagnúp en sjálfur hefur hann sloppið við hremmingar. „Ég hringi í mælana við Sandfell og Lómagnúp áður en ég fer frá Fagurhólsmýri eða Kirkjubæjarklaustri ef ég býst við vondu. Ef ófært er þá bara doka ég við, slekk á bílnum, kveiki á miðstöðinni og fer í koju. Stundum tekst að skjóta sér á milli hviða. Þetta er svipað og að sigla um Hornafjarðarós,“ segir lífsreyndur Þorgeir að lokum.

*gun@frettabladid.is*


Koja er aftan við sætin. Þar leggur Þorgeir sig ef óveður aftrar för.


Kjaftakerlingin er skífa sem sýnir Vegagerðinni hvernig bílstjórinn hagar akstrinum.






# IVECO
## Nýr Daily

Með öll gen ATVINNUBÍLSINS
Lipur, mjúkur og hljóðlátur
með einstakt vinnuumhverfi

*Staðalbúnaður:*

- ***ASR Spólvörn***
- ***ABS Hemlakerfi***
- ***ESP Stöðuleikastýring***
- ***Nýr EURO 4 mótor***
- ***Tímastillt olíumiðstöð***
- ***Stórir rafdrifnir upphitaðir speglar***

***Í boði eru fimm vélastærðir***
***Frá 106 hö. til 176 hö.***

***Heildarþyngd frá 2,9 til 6,5 tonn***

*Aukabúnaður:*
***5 Þrepa Rafskipting***
***Loftpúðafjöðrun og driflæsing***

VÉLAVER HF
Krókhálsi 16
Sími 588 2600
www.velaver.is




VÉLAVER HF

# Gæðavélar í öll verk

*Krókhálsi 16 • 110 Reykjavík • Sími 588 2600 • www.velaver.is*




Ásmundur myndar vélarnar aldrei á hreyfingu. Þannig verða þær eins og steinrunnar og sterkari hluti af umhverfinu.



Ryðgaður ruslagámur í fjörunni.

# Stærðin, þyngdin og krafturinn

**Ásmundur E. Þorkelsson ljósmyndari gerir jafnt fagra fjallasýn og vinnuvélar að myndefni sínu, enda hvort tveggja orðið órjúfanlegur hluti af umhverfinu.**

„Vinnuvélarnar hafa eitthvað við sig sem gerir þær að áhugaverðu myndefni. Ef til vill er það stærðin, þyngdin og krafturinn sem er gaman að koma til skila,“ segir Ásmundur E. Þorkelsson ljósmyndari, en á vefsíðunni Flickr.com getur að líta heilmikið af ljósmyndum eftir hann bæði af landslagi og vinnuvélum. Flestar myndirnar eru af Reykjanesinu, þar sem Ásmundur ekur um daglega. Heilmikið er þar um framkvæmdir eins og víðar og því verða vinnuvélar oft á vegi hans.

„Reykjanesið er afar heillandi en mörgum yfirsést það. Ég hef myndað þar í rúmt ár og á enn heilmikið eftir,“ segir Ásmundur.

Myndir Ásmundar má sjá á www.flickr.com/photos/asmundur

*kristineva@frettabladid.is*



Yfirgefin grafa við sólarlag.



Ógurleg skóflan teygir úr sér.



Þessi heitir Kramer eins og góðvinur Seinfeld.



Gamall Chevrolet-vörubíll hvílir lúin járn í grasinu.

# GOTT ÚRVAL
## AF GÓÐUM RENNIBEKKJUM
### ALLAR STÆRÐIR

**Rennibekkur**
**Basic 150 Super**

- 1000 mm milli odda
- 356 mm hæð yfir sleða
- 3ja ása aflestrarbúnaður
- 3ja arma patróna 160 mm
- 4ra arma klóplan 200 mm
- 320 mm festiplata
- Kælikerfi
- Föst brilla
- Færanleg brilla



**Hraðskipti stálabúnaðar**



**FRÁBÆRT VERÐ**




Fyrir ál og stál
Fyrir ryðfría og fluxfyllta víra 0,6 -1,0mm
Fyrir 230V og rafstöðvar
Þyngd aðeins 9,4 og 9,8 kíló

# NÝR
## STÁLSÉRFRÆÐINGUR
**- MIG fyrir þig og mig -**

Nú er rafsuða loksins orðin miklu auðveldari
Létt ferða -MIG- vél fyrir atvinnumanninn og þig.
Bara stilla efnisþykkt í millimetrum og taka í gikkinn,
vélin sér um restina.

100 METRA framlengingarsnúrur
eru EKKERT MÁL

**ALVÖRU KEMPPI GÆÐI !**

100% KEMPPI

STOFNAÐ ÁRIÐ 1978
ístækni ehf.
VÉLAR-TÆKI-VERKFÆRI
Nethyl 2 sími: 510 9100 www.istaekni.is istaekni@istaekni.is

KNUTH

Grafika 03/07




# Jötunn stofnar fyrirtæki í Danmörku

**Fyrirtækið Jötunn vélar ehf. á Selfossi er í sannkallaðri útrás en það hefur nú, ásamt Svenningsens Maskinforretning A/S, stofnað fyrirtækið Total Maskiner A/S á Sjálandi í Danmörku.**

„Við ákváðum að prófa svolítið nýtt,“ segir Finnbogi Magnússon, framkvæmdastjóri Jötuns véla ehf., sem stofnaði nýtt vélasölufyrirtæki í Danmörku um áramótin. „Jötunn vélar er orðið nokkuð stórt á Íslandi og til þess að halda áfram að stækka urðum við að leita út fyrir landsteinana. Þarna sáum við ákveðið tækifæri til að þróa okkur og verða stærri,“ segir Finnbogi en hjá Total Maskiner verður lögð áhersla á sölu Massey Ferguson og Fendt-dráttarvéla, ýmissa landbúnaðarvéla og breiðs úrvals vinnuvéla.

„Þetta er allt annar markaður en sama tæknin. Með þessu verðum við töluvert stærri viðskiptavinir hjá byrgjum sem ætti að gefa okkur betra verð í framtíðinni fyrir viðskiptavini okkar á Íslandi,“ útskýrir Finnbogi en upphaf stofnunarinnar má rekja til síðasta sumars þegar fyrirtækið AGCO kom að máli við forsvarsmenn Jötuns véla og spurði hvort þeir hefðu áhuga á þessari stofnun í ljósi góðs árangurs á Íslandi. Stjórn Jötuns véla tók slaginn og á nú Total Maskiner með danska fyrirtækinu Svenningsens, sem er 145 ára fjölskyldufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á vélum fyrir sveitarfélög og græn svæði.

Sjö starfsmenn starfa hjá hinu nýja fyrirtæki í dag en lokið var við að ráða síðustu starfsmennina í lok febrúar. „Stefnan er að innan tveggja, þriggja ára verðum við komin með fyrirtæki sem er álíka stórt og Jötunn vélar hér heima, “ segir Finnbogi, sem sér töluverða möguleika á stækkun í Danmörku. „Á Íslandi seljast um 300 traktorar á ári, í Danmörku allri seljast um þrjú þúsund,“ bendir hann á máli sínu til stuðnings.

Finnbogi vill ekki spá fyrir um meiri útrás Jötuns véla þó hann telji hana alls ekki ólíklega ef vel gangi.


Finnbogi Magnússon,, framkvæmdastjóri Jötuns véla ehf.

solveig@frettabladid.is




Mest ehf. hefur hafið innflutning á Faresin-skotbómulyfturum.



# Skotbómulyftarar frá Faresin

Mest ehf. hefur hafið innflutning á Faresin skotbómulyfturum. Þeir eru þó ekki óþekktir á Íslandi því nokkuð af þeim hefur verið flutt inn beint frá Evrópu undanfarin ár.

Faresin framleiddi áður skotbómulyftara fyrir franska lyftuframleiðandann Haulotte. Faresin keypti Haulotte út úr rekstrinum árið 2006 og hefur síðan unnið markvisst að því að fjölga umboðsmönnum um allan heim.

Faresin býður upp á fjórtán tegundir af skotbómulyfturum, með lyftigetu frá 2,8 tonnum upp í sjö tonn og lyftihæð frá 6,8 metrum upp í 17 metra. Eitt af því sem einkennir Faresin er að fyrirtækið smíðar einnig skotbómulyftara sem nýtast við landbúnað. Nokkrar gerðir af skotbómulyfturunum frá Faresin eru flokkaðar sem dráttarvélar og eru þeir með aflúrtaki og beisli fyrir vinnutæki. Þessi tæki henta því bændum mjög vel.

Samhliða auknu vöruframboði er Mest nú að stækka þjónustuver sitt og varahlutaverslun til að geta veitt viðskiptavinum sínum betri og hraðari þjónustu. Malarhöfði 10 er nú miðstöð véla- og þjónustusviðs Mest og þar fá viðskiptavinir þjónustuna á einum stað allt frá leigu- til viðhalds- og þjónustusamninga.


Faresin framleiðir einnig skotbómulyftara sem nýtast við landbúnað.



Gler & Brautir
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA – 5 ÁRA ÁBYRGÐ
COVER
Svalalokanir & Sólstofur
Cover er póstalaust gler-brautarkerfi, sérhannað fyrir svalalokanir, sólstof-ur og önnur opin rými.
Cover glerbrautarkerfið er eina kerfið sem rennur á hjólum jafnstórum að ofan og neðan. Það útilokar glamur og stirðleika og getur ráðið við 12mm hert gler. Hannað fyrir vindálag 35 m/sek. skv. Eurocode 124 staðli.
COVER öruggt og sterkt glerkerfi fyrir íslenskar aðstæður - 95% opnanlegt - Þrif einstaklega auðveld innan og utan - 98% lokun - PVC plastlistar milli glerja - Minna hitatap - Vandaður frágangur - Betri hljóðeinangrun, 10 db - Alltaf logn og hreinar svalir - Falleg hönnun - Nánast engin útlitsbreyting - Auðvelt og fljótlegt í uppsetningu - Íslensk framleiðsla - 5 ára ábyrgð
COVER handriðakerfið loksins á Íslandi!
COVER handriðakerfið er létt og ein-falt í uppsetningu, ekki þörf á krana. Framleitt úr áli með innbrenndri húð, hægt að fá í hvaða lit sem er. Ekkert ryð, engin tæring. Passar beint við COVER glerkerfið. Traust og öruggt, þolir vindálag við íslenskar aðstæður.
Gler & Brautir
Gler & Brautir ehf. – Dalshraun 10, 220 Hafnarfirði
Sími 517 1417 – Netfang: covercover.is – www.cover.is
Hönnun: Guðjón Smári, s. 898 4337.

VOGEL®
Smurkerfi

allt að 10 ára ábyrgð
Sjá nánar á rotor.is
rotor
www.rotor.is
RÓTOR EHF. HELLUHRAUNI 4 HAFNAFIRÐI SÍMI 555 4900


# Gulir og huggulegir

**Hjalti Allan Sverrisson hélt í ferð til Hollands ásamt Vélaborg til að skoða nýja DAF-vörubíla fyrir fyrirtækið Trukkaþjónustuna í Hveragerði.**



Hjalti ásamt ferðafélögum sínum sem heimsóttu DAF-verksmiðjuna í Hollandi. Hjalti er annar frá vinstri í efri röð.



DAF-vörubílarnir eru heiðgulir.

„Við vorum með þrjá gamla vörubíla sem biluðu töluvert og ákváðum því að fjárfesta í þremur nýjum DAF-vörubílum frá Vélaborg,“ segir Hjalti Allan Sverrisson, sem starfar hjá fyrirtæki konu sinnar Lísu Ásgeirsdóttur, Trukkaþjónustunni í Hveragerði. „Við sérhæfum okkur í að draga vagna, vörur og malarvagna fyrir alla. Bæði erum við með malarvagna sjálf og höfum unnið fyrir Eimskip,“ útskýrir Hjalti sem segir fyrirtækið ganga nokkuð vel en það var stofnað fyrir ári.

Gott viðmót og þjónusta Vélaborgar var meðal þeirra þátta sem urðu til þess að Hjalti og Lísa ákváðu að skella sér á DAF-vörubílana. Hjalti slóst í för með þeim til Hollands þar sem DAF-verksmiðja var skoðuð. „Nú er maður aðeins nær því hvernig þetta virkar en við urðum mjög hissa á mörgum hlutum sem maður hafði alls ekki gert sér grein fyrir. Til dæmis að um 270 bílar eru framleiddir á dag og aðeins eru framleiddir seldir bílar þannig að maður getur rétt ímyndað sér hvað þetta er að verða stórt,“ segir Hjalti hrifinn en trukkana sína fær hann afhenta innan nokkurra vikna og er spenntur. „DAF-bílarnir eru tíu hjóla með 44 til 49 tonna undanþágu, þeir eru sjálfskiptir og fallegir á litinn, gulir og huggulegir,“ segir Hjalti og hlær. „Það skiptir mig máli að liturinn sé réttur til að hann veki athygli,“ bætir hann glettinn við en hann telur einn helsta kost DAF-vörubílanna vera að þeir eru töluvert umhverfisvænir.

Hjalti segir aðstöðuna í vörubílum í dag vera til fyrirmyndar. „Það er olíumiðstöð og svo er hægt að vera með DVD og kaffivél og slíkan munað,“ segir hann en er ekki jafn hrifinn af aðstöðunni sem Vegagerðin útvegar bílstjórum. „Okkur býðst almennt ekki að stoppa og hvíla okkur,“ segir Hjalti, sem hefur verið viðloðandi vörubílaakstur í átján ár, þar af tvö ár í Evrópu. „Þar eru vegirnir allt aðrir en hér heima. Við erum að keyra 49 tonn milli Ísafjarðar og Reykjavíkur og það er skelfileg akstursleið miðað við það sem ég er vanur í Noregi, til að mynda. Þar eru jú fjöll en þar voru engar brekkur því maður keyrði bara í gegnum göng og gat verið á sumardekkjum yfir háveturinn,“ segir Hjalti, sem hlakkar samt sem áður til að prufukeyra bílana sína gulu.



pgv
GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...
· ENGIN MÁLNINGAVINNA
· HVORKI FÚI NÉ RYÐ
· FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
· FALLEGT ÚTLIT
· MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
· ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING
PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u
Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð
Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds
PGV ehf. ı Bæjarhrauni 6 ı 220 Hafnafjörður ı Sími: 564 6080 ı Fax: 564 6081 ı www.pgv.is

*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*
DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:


ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR GERÐIR VÖRU- OG FLUTNINGABÍLA

TRUCK - LITE
Ljósasamlokurnar frá okkur eru:
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST

et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844
*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*

SCHMIDT

Eigum til á lager Fjölplóga og Snjótennur frá Schmidt og Beilhack.
AFLVÉLAR
Vesturhraun 3, 210 Garðabæ.
Sími 480-0000
www.aflvelar.is

# Ný LCV-lína frá Renault




B&L atvinnubílar verða með sýningu á nýju LCV-atvinnubílalínunni frá Renault laugardaginn 10. mars.

Renault hefur á undanförnu hálfu ári uppfært alla þrjá bíla línunnar, sendibílana Kangoo, Trafic og Master.

Mestu breytingarnar hafa orðið á Trafic, sem er nú með nýtt grill, stuðara og afturljós, nýja vél og viðbótarbúnað. Vélin sem um ræðir eru annars vegar 2,5 l og hins vegar 2,0 l dísilvél sem skilar í fullum afköstum 115 hestöflum og 290 Nm togi. Skráð eldsneytisnotkun nemur 7,9 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Þá er burðargeta línunnar góð með hliðsjón af þessum flokki sendibíla, þar sem Trafic hefur allt að 1250 kg burðargetu og Master um tekur um tvö þúsund kg.

Megináhersla er lögð á aukin fólksbílaþægindi, sem hefur verið rauði þráðurinn hjá framleiðandanum undanfarin ár. Í bílunum eru öll helstu þægindin eins og geislaspilarar með fjarstýringu við stýri, rafmagn í rúðum, samlæsing, upphitun, rafmagn í hliðarspeglum og ABS-hemlakerfi.

Atvinnubílasýningin verður í sýningarsal B&L að Grjóthálsi 1, frá kl. 12 til 16 laugardaginn 10. mars nk.








# Hágæða vörur á góðu verði

## auka- og varahlutir fyrir vinnuvélar, tæki og trukka

NÝTT NÝTT

VARÚÐARLJÓS • LJÓSKASTARAR • DÍÓÐULJÓS • KELSA LJÓSAGRINDUR Á FLESTA VÖRUBÍLA





aldrei að skafa

## Webasto olíumiðstöðvar

Þú hitar bílinn áður en þú ferð út í kuldan og þarft aldrei að skafa!

Webasto
Feel the drive

**Parlok vörubílabretti úr polyethylen**




**SV vörubílademparar**
**viðhaldsfríir - mjög sterkir**




**Ryðfríir kassar**



**margar gerðir**
**frábært verð**

NÝTT Holland dráttarstólar 25 og 36 tonna • Undirvagnsvarnir með ljósum NÝTT

Webasto olíumiðstöðvar Parlok vörubílabretti
Varúðarljós, ljóskastarar, díóðuljós Be-Ge vörubíla
og vinnuvélastólar BAWER ryðfríir kassar fyrir vörubíla

Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16 | 567 2330




## ● CATERPILLAR Í RÚM 80 ÁR

Fyrirtækið Caterpillar Tractor Company var stofnað árið 1925. Síðar sama ár setti fyrirtækið á markað fyrsta traktorinn knúinn af dísilvél. Framfarir í vélbúnaði voru hraðar og árið 1942 valdi bandaríski herinn að nota Caterpillarvélar í M4-skriðdreka.

Árið 1950 urðu enn önnur tímamót í sögu fyrirtækisins þegar Caterpillar færði út kvíarnar og opnaði útibú í Bretlandi, það fysta á erlendri grundu. Með því opnaðist stór Evrópumarkaður sem fyrirtækið hefur verið fyrirferðarmikið á allar götur síðan.

Í fyrra var Benjamin Holt tekinn inn í frægðarhöll uppfinningamanna í Bandaríkjunum en Benjamin var annar stofnenda Caterpillar.





Marinó við einn af Volvo-vörubílunum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Dyggir Volvo-notendur

Feðgarnir Marinó Pálmason og Pálmi Sigurðsson reka saman fyrirtækið Dráttarbíla í Garðabæ. Þeir hafa átt vörubíla frá Volvo síðan árið 1974.

„Pabbi hefur verið viðloðandi þennan bransa frá 1969 og ég hef starfað hjá honum frá 1980 en er samt nánast alinn upp í þessu tækjadóti," segir Marinó Pálmason, en Dráttarbílar fjárfestu nýlega í fimm nýjum Volvo-tengivögnum frá Brimborg.

Dráttarbílar fengust í upphafi við þungaflutninga en hafa í seinni tíð færst meira út í jarðvinnugeirann, auk þess sem þeir hafa í tæp þrjátíu ár séð um snjómokstur og hálkueyðingu fyrir Garðabæ.

Marinó segir vinnuvélar hafa þróast gífurlega mikið á stuttum tíma; mest þó varðandi aðbúnað ökumanns í vörubílum, vélar þeirra og gírkassa. „Það þarf varla að hugsa lengur í þessum nýju bílum. Það er ekki kúpling og maður þarf nánast ekki að skipta um gír, heldur bara að vera vel vakandi og hlusta á útvarpið," segir Marinó glettinn en hann er mjög hrifinn af gírkassanum í Volvo-bifreiðunum og telur fáa slá þeirri línu út.

„Við keyptum fyrsta Volvo-bílinn árið 1974 og erum núna með fimm nýja tengivagna. Þá erum við með alla flóruna frá Volvo, allt frá beltavélum og hjólagröfum til vörubíla," segir Marinó og bætir við að þó að stundum hafi komið upp hugmynd að kaupa annað en Volvo hafi ekki orðið af því enn. „Þegar menn eru búnir að lifa og hrærast í einni línu þekkja þeir þessa hluti, gæði tækjanna og mennina sem eru að þjónusta þetta og það vegur þungt. Það einfaldar hlutina."

Marinó segir lítið hafa komið upp á hjá fyrirtækinu, menn og tæki hafi sjaldan orðið fyrir tjóni enda hafi margir starfmenn hjá fyrirtækinu langan starfsaldur. Alltaf sé þó pláss fyrir góða starfsmenn með góða reynslu.








Margar af vélunum eru ansi mikilúðlegar.

# Stærsta vélasýning heims

Stærsta vélasýning fyrir bygginga- og jarðvinnuiðnaðinn verður haldin í München í Þýskalandi 22. til 26. apríl næstkomandi.

Bauma-sýningin á sér langa sögu enda er þetta í 28. sinn sem hún fer fram. Hún var fyrst haldin árið 1954 og hefur farið stækkandi síðan. Í apríl munu þrjú þúsund sýnendur frá 48 löndum setja upp sýningarbása á einu stærsta sýningarsvæði heims sem er 540 þúsund fermetrar. Þess má geta að 416.220 gestir frá 171 landi mættu á Bauma-vélasýninguna árið 2004. Þá fjölgaði gestum frá öðrum löndum um 116.542 frá síðustu sýningu.

Á næsta ári mun Bauma-sýningin fara fram í Kína.

Meðfylgjandi eru myndir frá sýningunni árið 2004 sem ættu að gefa lesendum einhverja hugmynd um umfang hennar.



Vélarnar eru af öllum stærðum og gerðum.



Liebherr-fyrirtækið var með stórt sýningarsvæði árið 2004.



Nýjasta tækni er notuð til að koma upplýsingum á framfæri.

567 7570 892 7544
SÖGUN • BORUN
BROT
BORTÆKNI
ÞEKKING • REYNSLA
www.bortaekni.is

STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT

DRÁTTARBÍLAR

**Tækjamenn óskast.**

Vegna mikilla verkefna óskum við eftir að ráða vana menn á gröfur og dráttarbíla. Áhugasamir vinsamlega hafið samband við Marinó Pálmason í síma 892 1559.

www.alorka.is

**Lyftarar**

**DALIAN dísel-lyftarar – mjög hagstætt verð.**



**kr. 1.890.000**
án vsk.

Lyftari á mynd:
2,5 tonn, snúningsbúnaður, gámagengur, upphitað ökumannshús, ISUZU díselvél.

PIPAR • SÍA • 70376

ALORKA

Fáðu tilboð í lyftara sem hentar þér.

Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

TRIANGLE

**Búkolludekk**
á betra verði

Sólning kynnir
búkolludekk
frá Triangle
á frábæru verði



SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

SÓLNING

Triangle dekkin eru flutt til landsins beint frá framleiðanda og því getur Sólning boðið þau á einstaklega hagstæðum kjörum. Búkolludekkin frá Triangle eru rómuð fyrir gott grip og frábæra endingu.

Hafðu samband við sölumenn Sólningar og kynntu þér
**frábært verð á búkolludekkjum frá Triangle**

Að auki er Sólning með úrval annara vinnuvéladekkja frá ýmsum framleiðendum.

Kópavogur • Smiðjuvegi 68-70 • sími 544 5000 • Njarðvík | Selfoss • www.solning.is







Hjalti Már Bjarnason, forstjóri Mest, og Helgi Gunnar Jónsson frá Pallaleigunni Stoð eru sáttir við sameininguna.

# Fyrirtæki í byggingariðnaði sameinast

Fyrirtækin MEST ehf. og Pallaleigan Stoð hafa sameinast undir merkjum MEST. Með sameiningunni stækkar eitt sterkasta fyrirtæki landsins með vörur og þjónustu fyrir fag- og framkvæmdaaðila í byggingariðnaði. Þótt öll starfsemi Pallaleigunnar Stoðar muni fara fram undir merkjum MEST verður fyrirtækið rekið í svipaðri mynd og áður.

MEST hefur meðal annars sérhæft sig í sölu á almennum byggingavörum, gluggum, stálgrindarhúsum, steypumótum og hellum og einnig ýmsum vinnuvélum og tækjum til bygginga- og lóðaframkvæmda. Með sameiningunni eykst vöruúrval MEST, en Pallaleigan Stoð hefur verið innflytjandi og dreifingaraðili á vinnupöllum, stigum, tröppum og ýmiss konar vörum fyrir byggingariðnaðinn.

MEST ráðgerir að opna fljótlega 3.600 fermetra byggingavöruverslun í Norðlingaholti, en hjá fyrirtækinu starfa nú rúmlega 270 manns.








Hyderma-búkollan frá Vélum og þjónustu vegur sjö tonn en má bera tíu til ellefu tonn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Búkollan á götuna

Fyrirtækið Vélar og þjónusta hefur hafið innflutning á dönskum Hyderma-trukkum, svokölluðum búkollum. Búkollur eru smátrukkar sem eru notaðir við jarðvegsflutninga og hafa þar til nú verið flokkaðir sem námubílar. Nú er hins vegar komin á markað búkolla sem kemst í svokallaðan F-flokk, en vélar í þeim flokki mega keyra um þjóðvegina eins og flutningstæki á borð við traktorsgröfur.

„Þessi búkolla sem ég fékk fyrir tveimur vikum stenst allar kröfur sem gerðar eru til vinnuvéla á þjóðvegum landsins. Í raun er hún sú eina í öllum heiminum sem má vera á götu,“ segir Gísli Ólafsson sölustjóri. „Hún vegur ekki nema sjö tonn, en ber hins vegar tíu til ellefu tonn. Vegna þess hversu létt hún er skemmir hún lítið og hentar því vel í sumarhúsaframkvæmdir og annað álíka. Dekkin undir henni eru sextíu sentimetra breið, trukkurinn er nettur og lipur og hentar vel í þrengri götum bæjarins. Læsing er á drifinu svo búkollan drífur ansi mikið og að framan er útbúnaður fyrir snjótönn og fleira. Þetta er rosalega flott græja.“



SKF
Kúlulegur
Keflalegur
Veltilegur
Rúllulegur
Flangslegur
Búkkalegur
VIT
S: 555 6006 • www.skf.is
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi S. 580 5800
STRAUMRÁS
Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288
http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is




INTERPUMP
HÁÞRÝSTIÞVOTTADÆLUR
· Fyrir fagmanninn og í bílskúrinn
· 90 - 500 bar, 7 - 35 l/mín
· Ein fasa og þriggja fasa
· Sjóþolnar og glussadrifnar
· Bensín drifnar
· Háþrýstislöngur og fittings
· Spíssar og framlengingar
· Hvirfilspíssar (túrbó)
TX
TSX
Blue Time
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
S: 580 5800
STRAUMRÁS
Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288
http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is



**D-Wall**
Sindri býður nú gæða álklæðningu frá Otefal á Ítalíu, D-Wall, með mjög veður og slitþolinni PVDF yfirborðshúð á framhlið og sterkri epoxy húð á bakhlið. Klæðningarnar eru í hæstu efnisgæðum, AlMg3, fáanlegar í ýmsum efnisþykktum og stærðum og einnig sem báruál. Fjöldi lita til á lager.

# Byggingalausnir í Sindra

- D-Wall álklæðningar
- Rheinzink
- Þakkopar
- Neobond klæðningar
- Stálklæðningar



**Undirbyggingarkerfi fyrir klæðningar og flísar**

Ál-undirbyggingarkerfið hentar undir allar gerðir klæðninga svo sem:

*Álklæðningar*
*Neobondklæðningar*
*Timburklæðningar*
*Flísar*

## Stigar

Hringstigi frá Weland er í flestum tilfellum mjög hagkvæm lausn. Í mörgum tilfellum falla þeir vel að umhverfinu og hafa þannig oft spilað stórt hlutverk í arkitektúr húsa, bæði innandyra sem utan.

Bjóðum einnig upp á beina stiga og klifurstiga.



## Iðnaðarhurðir

Loading hurðir eru aðgengilegar, sterkar og eru markaðsleiðandi lausn.

Þetta er vinsæl útihurð fyrir m.a. iðnaðarhúsnæði, vöruhús, landbúnað, bílageymslur og bílskúra og uppfyllir útlitslegar sem og verklegar væntingar sem gera má til hurða.



## Handrið

Weland framleiðir falleg svalahandrið úr áli. Handriðin má fá í ýmsum útgáfum t.d. með lóðréttum prófílum, klæddum með gleri, opinni grind, tilbúin undir Neobond klæðningu o.fl. Margar tegundir handlista einnig fáanlegar.



## Girðingar

Adronit er þýskur framleiðandi girðingalausna fyrir fyrirtæki, stofnanir, kirkjugarða og kröfuharða einstaklinga.

Fyrirtækið er þekkt víða í Evrópu fyrir gæði og áreiðanleika og vörur þess uppfylla ströngustu EN-kröfur. Komin er áratuga reynsla á vörur Adronit á Íslandi.



**SINDRI**

Klettagarðar 12 Sími: 575 0000 www.sindri.is
Strandgötu 75 Hafnarfirði - Draupnisgötu 2 Akureyri - Viðarhöfða 6 Reykjavík

# BÍLAR & FARARTÆKI

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E
v/Reykjanesbraut
Kópavogi, sími
567-1800
Löggild bílasala

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

BÍLASALA REYKJAVÍKUR

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.br.is**

bílaland B&L
notaðir bílar
www.bilaland.is
BÍLL DAGSINS



HYUNDAI TERRACAN
Nýskr: 11/2003, 2900cc 5 dyra, Fimmgíra, Svartur / Grár, Ekinn 48.000 þ. Verð: 3.290.000
PZ-078

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

## Bílar til sölu



**MEGA BULL VERÐ**
Nissan Almera nýskr. 12/1998 ekinn 156 þ. km, 5 dyra, 5 gíra verð 380.000- Tilboð nú aðeins 280.000kr.- Uppl. í s. 861 7600.



Peugot 206 HDI, 2006, einstaklega sparneytinn díesel smábíll , ekinn 25 þús., góður bíll. Verð 1.490 þús. S. 858 4128.



Pajero Sport, árg '01. 32". Ek. 67 þús. Fallegur og góður bíll. Verð 1.400 þús. Uppl. í s. 898 9950.



Til sölu Toyota Corolla árg. '96, 1300. Ek. 175 þús. Heilegur og góður bíll. V. 270 þús. Uppl. í s. 861 6749.



VW Caddy, árg. '98, ek. 110þ. Nýlega sprautaður í toppstandi. Uppl. í s. 849 5948.



Gullfallegur Audi A4 árg. '97 til sölu. Ek. 187 þús. Ásett verð kr. 650.000. Þarnast smá lagfæringar á húddi. Tilboðsverð 400 þús. S. 860 1139.

**Daewoo Lanos**
Daewoo Lanos, árg. '01, ek. 120þ. í langkeyrslu. Gott viðhald. Smurbók. Verð 170þ. S. 844 4630.

Opel Astra 1600. Ek 90 þús. Árg '00. 3 dyra. Verð 420 þús. Uppl. í s. 820 9645.

Daf 45. 130 árg. '93 m/kassa og lyftu, ek. 245 þús. Verð 350 þús.+vsk. eða tilboð. Nissan Primera árg. '94, ek. 110 þús. Verð 200 þús. eða tilboð. Uppl. í s. 899 1797.

Til sölu MMC Lancer 4x4, árg. '97. Ek. 84þ. Verð 500þ. Tilboð 450þ. Uppl. í s. 861 6442.

## 0-250 þús.



Toyota Yaris TSport árg. '04. Ekin 43 þús, 5 dyra, með rafm. í framrúðum. Ákv. 1 m. Verð 1,3 m. Egill síma 847 6119.

Til sölu Pajero árg '91. Bensín V6. Uppl. í s. 840 5624.

Toyota Corolla'95 árg. ek 204 þús, til sölu á 300 þús eða tilboð. Næsta skoðun '08. S. 663 6510.

Til sölu Hyundai Accent árg. '96. Þarfnast smá lagf. Verð 80þ. Uppl. í s. 868 5922.

## 250-499 þús.

**Sjálfskiptur Golf**
Vw Golf, árg.'98, 1.6, ek. 112þ., 5dyra. Bíll í toppstandi. Ásett verð 530þ. Tilboð 400þ. Möguleikar á 100% láni. S. 691 9374.

## 500-999 þús.



Honda Civic 1500 V-Tech árg. '99. Ekinn 89.000 Verð 600. 000. Sími 847-1057.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl frá 20-40þ. Helst skoðaður. Uppl. í s. 844 6531.

Óska eftir vel með förnum Hyundai Gatz, 600cc, 5dyra, árg.'03-'04. S. 695 0061 e. kl. 14.

Óska eftir að kaupa vél „352" í MB. Verður að vera í góðu lagi. Uppl. í s. 697 8525.

Óska eftir sendibíl. 500þ. stgr. Uppl. í s. 865 0046.

Óska eftir vinnubíl, ekki eldri en árg.'98. 0-150þ. Má þarfnast lagfæringa. S. 691 9374.

## Jeppar



Suzuki Grand Vitara árg. '98 ek. 140 þús. Verð 750 þús. Uppl. í s. 554 4806 & 860 6958.



Til sölu LC 80 árg '94. Ek. 280þús. Ssk. VX 38" breyttur bara lyft á fjöðrun, stýristjakkur, 120l aukatankur, lagnir fyrir cb, vhf, nmt. Topplúga kastarar, spoiler, vinnuljós aftan, rafmagnslæsingar, aircondæla orginal fylgir en vantar festingu á vél. Áhvílandi 1.320þús. Verð 1.700þús. Toppbíll. S. 659 9238



Patrol 44" gullmoli á grín verði. Hlaðin af búnaði. Ásett 4.690þ. Tilboð 4.190þ. stgr. S. 864 3898.



Eigum til afgreiðslu nýja Mercedes-Benz ML320CDI. Ræsir hf, s. 540 5445.

## Sendibílar



Peugeot Partner 1998, ek. 104 þús. Góður vinnubíll. Verð 350 þús. S. 863 3492.

Til sölu vörulyfta á bíl, 2tonna með álblaði. 2.50B + 1.80L. V. 100þ. + vsk. S. 892 8002.

## Hópferðabílar



Trukkur til sölu, MAN 16-240, 4x4, 28 sæta. Árg. '70-'07. Tækifæri til að skapa sér skemmtilega sumarvinnu. Ingi s. 864 6489.

## Húsbílar



4X4 Iveco. Einn verklegasti ferðabíll landssins. Ek 43þ., svefnpl. fyrir 5, miðst., heitt og kalt vatn, 12/220, o. fl. S. 587 2378 / 824 8831.

## BÍLAR TIL SÖLU

**HRAUN BIFREIÐAR-TÆKI**
**Sími 565-2727**
**www.hraunbt.is**



Socata Rally 235 árg 1979



12 m skemtibátur. Birchwood árg 1989



Yamaha Facer árg 2004



Ural Sportmans árg 2005



Gaz Gaz Tiral EC 300 árg 2006



Triumph Tiger árg 2006



Kia Grand Sportage árg 1998 ekin 105.þ km



Man FE 410 8x4 árg 2001 + Hiab 33tm með jibi og krókheysi



M.Benz 3340 6x6 árg 1998 + 18 tm krani nýr + krókheysi



Gheysen-Vrpoort vélavagn árg 2002



Gámavagn árg 1995



Hitachi FH 150 W 3 árg 1998

567 2277 NÝJA www.notadirbilar.is
**BÍLAHÖLLIN**
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
Þjónustusími Nýju Bílahallarinnar er 861 2165.
Sölum. Ingimar • Lalli • Stefanía • Árni



TOYOTA HILUX DOUBLE CAB SR (33") disel nýsk 11/05 km 18 5g plasthús og fl verð 3.390þ ákv 2.100þ ath skipti



HYUNDAI TUCSON 4X4 nýsk 8/05 km 18 ssk. álfe,leður og fl verð 2.880þ ath skipti



SUBARU LEGACY STW nýsk 5/05 km 34þ ssk álfe beisli og fl verð 2.190þ



CITROEN C4 nýsk 5/05 km 18þ 5g álfe og fl verð 1.690þ ath skipti.



HYUNDAI GETZ GL nýsk 7/06 km 5þ 5g verð 1.390þ ákv 945þ



TOYOTA COROLLA 1.4 vvti 1.4 5g álfe og fl verð 1.850þ.



NISSAN PATHFINDER LE nýsk 11/06 km 1þ ssk.álfe.leður lúga og fl verð 5.580 ath skipti.



SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI nýsk 7/2004 km 34þ 5g verð 1.450. ath skipti.



TOYOTA LANDCRUISER 100 VX DISEL nýsk 3/04 km 88þ ssk,18"álfe.leður.lúga.bakkmynadavél og m.m fl verð 6.490. ath skipti.



M.BENZ ML 320 CDI DISEL nýr bill EINN MEÐ ÖLLU VERÐ 7.990Þ SJÓN ER SÖGU RÍKARI.

SJÓVÁ FJÁRMÖGNUN Þín leið

Óska eftir starfsmanni í eldhús í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í s. 617 8602.

Málari og verkamenn óskast í málningarvinnu. S. 896 6148.

Vanir starfsmenn í snyrtingu óskast. Nánari upplýsingar í síma 567 7040 eða 899 3199. Íslenskt sjávarfang, Bakkabraut 2, Kópavogi.

KOKKANEMI Apótek bar grill óskar að ráða kokkanema sem allra fyrst Upplýsingar veitir Guðvarður í síma 8928583. eða apotek@veitingar.is Kjörið tækifæri að læra góða matreiðslu á skemmtilegum stað

**Barinn**
Fólk óskast í eldhús og sal á hressasta barinn í bænum. S. 690 9996.

## Viðskiptatækifæri

Lítið bílskúrfyrirtæki til sölu. Velta 6m. Besti tíminn framundan. Hefur verið rekið samhl. annari vinnu. S. 664 3177.

Tökum að okkur almenn þrif í heimahúsum, stigagöngum og í fyrirtækjum. Vönduð vinnubrögð og vanar manneskjur. Darija sími 590 2887, e. kl. 14, 898 9684.

## Atvinna óskast

INTJOB STARFSMANNALEIGA ÚTVEGAR FYRIRTÆKJUM ERLENDA IÐNVERKAMENN OG VERKAFÓLK

Útvegum m.a.:
- Smiði
- Múrara
- Pípara
- Rafvirkja
- Vélvirkja
- Meiraprófsbílstjóra
- Tækjastjórnendur
- Verkamenn
- Hjúkrunarfólk
- Önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda

INTJOB hefur verið starfrækt í þrjú ár með góðum árangri

Hafðu samband í síma 517 4530

INTJOB STARFSMANNALEIGA

Hagasmára 1, 201 Kópavogur, www.intjob.is

32 ára karlmaður óskar eftir vinnu, allt kemur til greina. Er með vinnuvéla- og meirapróf. Uppl. í s. 820 1974.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



Hæ allir. Er búinn að skipta um stofu. Er núna á Supernova í Pósthússtr. S. 511 1552. Kv. Skjöldur.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

Hringiðan Internetþjónusta

VEF & LÉN hýsingar

Verð frá 990.- kr.

Hringdu núna 525 2400

www.vortex.is

**Rauði kross Íslands**
Reykjavíkurdeild

**Aðalfundur Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands**

verður haldinn fimmtudaginn 15. mars 2007, kl. 20:00
í húsnæði deildarinnar að Laugavegi 120 - 5 . hæð.
Gengið inn Rauðarársstígsmegin.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

**Framkvæmdastjóri**

# Bílgreinasambandið

**Aðalfundur BGS verður haldinn á Hótel Loftleiðum fimmtudaginn 22. mars n.k. og hefst kl. 17:00.**

Kl. 15:00 Sérgreinafundir.
Kl. 16:45. Kaffihlé.
Kl. 17:00. Fundarsetning: Úlfar Steindórsson formaður BGS
Kl. 17:10 - 18:10. Erindi: Fulltrúar stjórnmálaflokkana.
Fulltrúar stjórnmálaflokkana kynna stefnu sína er snúa að vörugjöldum og gjöldum í heild á bílgreinina.
Kl. 18:10 - 19:00. Aðalfundur.
Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórn BGS

## UPPBOÐ

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

# UPPBOÐ

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:**

Aðalbraut 55, Raufarhöfn, þingl. eig. Pálína Auðbjörg Valsdóttir, gerðarbeiðandi Gildi –lífeyrissjóður, mánudaginn 12. mars 2007, kl. 10:00.

Ásgata 17, Raufarhöfn, þingl. eig. Byggingafélagið Húsafell ehf, gerðarbeiðandi Raufarhafnarhreppur, mánudaginn 12. mars 2007, kl. 10:00.

Duggugerði 10, 670 Kópaskeri, þingl. eig. Guðmundur Árnason, gerðarbeiðandi Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, mánudaginn 12. mars 2007, kl. 10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Stórhóli 77, Húsavík, þingl. eig. Guðjón Ingvarsson, gerðarbeiðendur Sýslumaðurinn á Húsavík og Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, mánudaginn 12. mars 2007, kl. 10:00.

Fjarðarvegur 11, Þórshöfn, þingl. eig. Þórarinn Jakob Þórisson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Kaupþing banki hf, Lífeyrissjóðir Bankastræti 7, nb.is-sparisjóður hf. og Þórshafnarhreppur, mánudaginn 12. mars 2007, kl. 10:00.

Vesturvegur 7, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Sumarrós Kristín Jóhannsdóttir, gerðarbeiðandi Þórshafnarhreppur, mánudaginn 12. mars 2007, kl. 10:00.

Víðibakki, 671 Kópaskeri, þingl. eig. Árni Logi Sigurbjörnsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 12. mars 2007, kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
6. mars 2007

## TILKYNNINGAR

# María Gunnbjörnsdóttir

sérfræðingur í lyflækningum, lungna- og ofnæmissjúkdómum opnar hinn 14. mars n.k. stofu í Læknasetrinu, Þönglabakka 6, 109 Reykjavík.

**Tímapantanir í síma 535 7700.**

# Hugmyndasamkeppni um byggðarmerki

Flóahreppur, nýtt sveitarfélag sem varð til við sameiningu þriggja hreppa á síðasta ári, efnir til hugmyndasamkeppni um byggðamerki.

Byggðamerkið skal unnið í samræmi við reglugerð 112/1999 og hafa skírskotun til Flóahrepps, www.floahreppur.is.

Nánari upplýsingar um gerð og skráningu byggðamerkja má finna á vefnum www.els.is

Tillögum skal skila í lit og í svart/hvítu með lýsingu á merkingu og hugmynd merkis.

Tillögur þurfa að vera merktar dulnefni og rétt nafn höfundar skal fylgja með í lokuðu umslagi, merktu dulnefninu.

Verðlaunaupphæð er kr. 100.000 fyrir byggðamerki en áskilinn er réttur til að hafna öllum tillögum.

Frestur til að skila inn tillögum er til og með 13. apríl 2007.

Tillögur sendist til:
Flóahreppur, Þingborg, 801 Selfoss, merkt byggðamerki.

## FASTEIGNIR

LYNGVÍK FASTEIGNASALA
Sigrún Gissurardóttir, löggiltur fasteignasali
SÍÐUMÚLA 33 • 108 REYKJAVÍK.
SÍMI 588 9490 • FAX 568 4790
WWW.LYNGVIK.IS
LYNGVIK@LYNGVIK.IS

**BARÐAVOGUR 42**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 17:30-19:00**



Frum

Um er að ræða 72 fm 2ja herbergja íbúð í kjallara með sér inngangi. Hús og sameign í góðu standi.
**Verð 14,9 m.**

# www.storborg.is

*Stefán Hrafn Stefánsson hdl. löggiltur fasteignasali*

STÓRBORG fasteignasala

**Sími 534 8300 • Kirkjustétt 4 • 113 Reykjavík • www.storborg.is • storborg@storborg.is**

PIPAR • SÍA • 70250

# *Þarftu að selja / gengur illa að selja?*

Bjóðum upp á **árangursríka leið** sem eykur líkurnar á að fasteign þín seljist **hratt og á góðu verði!**

Föst lág söluþóknun

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma **530 1800/ 530 1820** Draumahús

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar Mörkinni 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Strandgötu 41 • 220 Hafnarfjörður • Sími 530 1820 • Fax 530 1801
draumahus@draumahus.is • draumahus.is

## VISSIR ÞÚ ...

... að Kvenréttindafélag Íslands var stofnað árið 1907? Nokkrar konur komu saman að heimili Bríetar Bjarnhéðinsdóttur að Þingholtsstræti 18 í Reykjavík, til að ræða stofnun félags sem gengist fyrir ýmsum breytingum á landslögum sem vörðuðu konur og börn. Á fundinum samþykktu konurnar að stofna félagið.

... að fyrsti formaður Kvenréttindafélags Íslands hét Bríet Bjarnhéðinsdóttir? Bríet var þá þekkt fyrir kennslu-, líknar- og góðgerðarstörf.

... að Bríet Bjarnhéðinsdóttir var ritstjóri Kvennablaðsins, sem birti fréttir af erlendum systurfélögunum Kvenréttindafélags Íslands.

... að Kvenréttindafélag Íslands og önnur kvenfélög í Reykjavík stóðu saman að kvennalista til framboðs við bæjarstjórnarkosningarnar árið 1908? Náðu allar fjórar konurnar á listanum kjöri í bæjarstjórn

... að Clara Zetkin, þýsk kvenréttindakona og sósíalisti, átti hugmyndina að sérstökum baráttudegi kvenna? Hún kynnti hana á fundi Alþjóðasamtaka sósíalískra kvenna í Kaupmannahöfn árið 1910.

... að íslenskar konur sem voru 40 ára og eldri fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis 19. júní 1915. Baráttan fyrir þessum réttindum kvenna hafði staðið yfir frá árinu 1885.

... að aldurstakmark kvenna átti að lækka um eitt ár árlega eftir það. Jafn kosningaréttur karla og kvenna hefði því náðst árið 1931. Réttur kvenna var þó jafnaður fyrr, eða árið 1920.

... að Alþjóðasamband kommúnista samþykkti tillögu Clöru Zetkin um að 8. mars yrði baráttudagur kvenna árið 1921.

... að Alþjóðlega kvennadagsins var fyrst minnst hérlendis á árshátíð Kvenfélags Sósíalistaflokksins 8. mars 1948?

... að Sameinuðu þjóðirnar lýstu árið 1975 alþjóðlegt kvennaár.

... að Sameinuðu þjóðirnar ákváðu að 8. mars skyldi vera alþjóðlegur kvennadagur Sameinuðu þjóðanna árið 1977.

... að Vigdís Finnbogadóttir var fyrst kvenna kjörin forseti Íslands árið 1980? Hún var jafnframt fyrsti lýðræðislega kjörni kvenkyns forseti veraldar.

... að stjórnmálaflokkurinn Kvennalistinn bauð fram til Alþingis í þremur kjördæmum vorið 1983 og hlaut 5,5 prósent atkvæða.

... að Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna, skammstafað MFÍK, hefur ásamt öðrum samtökum og stéttarfélögum staðið fyrir almennum fundi 8. mars, alveg frá árinu 1984.

... að Guðrún Helgadóttir var fyrst kvenna kjörin forseti sameinaðs þings árið 1988.

... að Samtökin Stígamót voru stofnuð 8. mars 1990? Ákveðið var að stofna samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi á fjölmennum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Stígamót hóf starfsemi sína ári seinna.

... að farið var að kenna kvennafræði við Háskóla Íslands árið 1996? Tveimur árum seinna var þeim breytt í kynjafræði.

... að Bríet, félag ungra femínista, stofnað árið 1998, dregur heiti sitt af nafni Bríetar Bjarnhéðinsdóttur?

Heimildir: feministinn.is, kona.bok.is, stigamot.is, visindavefur.is, briet.is

# BÓKIN Á NÁTTBORÐINU

## *Yfirþyrmandi dramatísk*



Anna Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri Hrafnagilsskóla í Eyjafirði.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

„Þessa stundina eru tvær bækur á náttborðinu, önnur er Wuthering Heights sem Silja Aðalsteinsdóttir þýddi. Ég var að enda við að lesa hana og fannst hún yfirþyrmandi dramatísk en engu að síður fyllilega þess virði að lesa hana. Hin er „Lär in matematik ute" sem er handbók fyrir kennara um útikennslu. Ég hef verið að glugga í hana og spá í hvað við getum nýtt okkur úr henni í skólastarfið í Hrafnagilsskóla. Virkilega áhugaverð og gagnleg fyrir kennara sem vilja ná til fleiri nemenda með fjölbreyttari kennsluháttum."






# Stúdentablaðið og Lomborg – seinni hluti

**UMRÆÐAN**
Hagfræði

Í síðasta tölublaði Stúdentablaðsins er að finna grein eftir Pétur Ólafsson sem ber heitið Stern skýrslan og Björn (sic) Lomborg. Grein þessi fjallar um skýrslu hagfræðingsins Nicholas Stern, Kyoto-bókunina, en ekki síst viðtal Háskólablaðsins við Bjørn Lomborg sem birtist í síðasta tölublaði, sem kom út í desember. Síðastliðinn föstudag birtist grein eftir undirritaða um umfjöllun Péturs á Stern-skýrslunni. Hér eftir fer framhald greinarinnar.

Hafi Pétur slysast til að leggja trúnað á Stern-skýrsluna má vafalaust skilja að Pétur telji niðurstöðu Hafnarsáttarinnar og Lomborg einkennilega. Vísað er til þess er fram kom í fyrri hluta greinarinnar varðandi Stern-skýrsluna en skal nú vikið að því er Pétur segir um viðtal okkar við Lomborg.

Í grein sinni sakar Pétur ritstjórn um að hafa gleypt allt hrátt sem Lomborg predikaði og að gagnrýni á störf Lomborgs hafi ekki verið skoðuð. Hins vegar virðist Pétur ekki sjá ástæðu til þess að gera efnislega athugasemd við neitt sem fram kemur í viðtali okkar við Lomborg. Hið sanna er að ritstjórn þekkir vel til verka Lomborgs og lagði sig fram við að kynna sér til hlítar gagnrýni á verk hans. Sér í lagi meðferð danska vísindaráðuneytisins og nefnda þess á störfum Lomborgs og skrif vísindamanna á öndverðum meiði við Lomborg. Ef til vill ætti Pétur að líta sér nær því svo virðist sem hann hafi tekið skýrslu Sterns fyrirvaralaust. Í umræðum sem spunnust í kringum bók og greinaskrif Lomborgs var allri málefnalegri gagnrýni svarað auk þess sem Lomborg mætti andstæðingum sínum margoft opinberlega til rökræðu í hinum ýmsu fjölmiðlum.

Ennfremur segir Pétur í grein sinni að í Háskólablaðinu komi fram að við þurfum engar áhyggjur að hafa af loftslagsbreytingum. Það er alrangt. Hið sanna er að í máli Lomborgs kemur fram að afleiðingar loftslagsbreytinga séu vandamál, en þess eðlis að við höfum alla burði til þess að bregðast við þeim á áhrifaríkan hátt. Það er síðan meginatriðið í málflutningi Lomborgs að þeim fjármunum sem eigi að verja til forvarna gegn loftslagsbreytingum, eigi frekar að verja í önnur mikilvægari verkefni sem við vitum að hafa áhrif og bjarga lífi milljóna manna strax. Með því getum við gert sem flestum kleift að takast á við efnahagslegar afleiðingar loftslagsbreytinga þegar þar að kemur. Flestum hlýtur að vera það ljóst að við höfum ekki fjármuni til að gera allt og þá snýst þetta um forgangsröðun.


ANDRI GUNNARSSON


GUNNAR E. EGILSSON

Hafnarsátt Lomborgs snýst um að færa saman margt af fremsta fólki veraldar til þess að leggja mat á kostnað og áhrif ólíkra vandamála því þá fyrst er unnt að ræða þau í samhengi. Viljum við vinna gegn eyðni fyrst eða viljum við byrja á einhverju öðru?

Pétur klykkir svo út með því að Háskólablaðið hafi misst af lestinni og tími aðgerða sé runninn upp. Þær athafnir sem Pétur virðist tala fyrir, einna helst Kyoto-bókunin, koma til með að kosta gríðarlega fjármuni. Það kostar jafnmikið fyrir heiminn að fara eftir ákvæðum Kyoto-bókunarinnar í eitt ár eins og það kostar að sjá hverju mannsbarni fyrir aðgangi að ferskvatni til eilífðarnóns. Tæplega 6.000 börn deyja daglega af völdum niðurgangs. Hversu mörgum þeirra mætti bjarga með aðgangi að hreinu vatni? Áður en við eyðum gríðarlegum fjármunum í loftslagsmál, án vissu um nokkurn árangur, skulum við hafa á hreinu hverju er mögulega verið að fórna. Fjármunir til að leysa vandamál heimsins eru ekki endalausir. Sumir segja hreint vatn strax með tilheyrandi ábata. Aðrir segja Kyoto-bókunin.

*Höfundar sitja í ritstjórn Háskólablaðsins, tímarits stúdenta við Háskólann í Reykjavík.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Keisarinn og ósnortin náttúra

**Pétur Sigurðsson járnsmiður skrifar um náttúruvernd.**

Flestir sem ég heyri fjalla um náttúru Íslands ganga út frá því að hún sé ósnortin með öllu, en er svo? Hvað ef gróðri hefur verið eytt af manna völdum og eftir stendur auðnin ein eða í mesta lagi gróðurtætlur einar? Varla er þar ósnortin náttúra, en því miður halda alltof margir að um óskemmda jörð sé að ræða vegna áróðurs ferðamannaiðnaðarins og þeirra sem beita fé sínu á landið og láta sem þetta útlit landsins sé í fínu lagi og ósnortið, og fólkið trúir þessu og sér illa farið land sem ósnortið eins og fólkið sá í ævintýri H. C. Andersen um nýju fötin keisarans. Keisarinn var nakinn en fólkinu var sagt að hann væri í fötum og það trúði því.

Gríðarlegt landsvæði er komið í auðn eða því sem næst af manna völdum og frá þessum auðnum rýkur gífurlegt magn efna út í andrúmsloftið, sem stuðlar að gróðurhúsaveðurfari, svo mikið að það mengun frá vélum og verksmiðjum landsmanna er hjóm eitt í þeim samanburði.

## AF NETINU

### Ölmusuaðstoð Íslands

**Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi skrifar:**

„Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur ölmusuhugsanaháttur gengið yfir samfélagið. Við höfum siglt hraðbyri frá samtryggingar- og velferðarhugsun norræna ríkja að amerískri einstaklingshyggju þar sem hinir ríku láta fáeina gullmola falla af gnægtarborðinu til hinna snauðu.

Þetta eru stór orð en sönn. Hugsum nokkur ár aftur í tímann þegar það heyrði til algerra undantekninga að fólk stæði í biðröðum eftir matargjöfum. Lífeyrisþegar höfðu það þá alls ekki gott, en þó þolanlegra en þeir hafa það nú á dögum."

Tekið af: www.truno.blog.is.


EFNI BLAÐSINS
– ÁHUGAVERT OG SPENNANDI

**Sunneva Sigurðardóttir,** sem var misnotuð sem barn, deilir með lesendum hrikalegri lífsreynslu sinni. Einnig eru birtar niðurstöður nýrrar rannsóknar á afleiðingum kynferðisofbeldis á ungar stúlkur. Sjö konur sem voru misnotaðar sem börn hafa allar þurft að glíma við afleiðingarnar og ýmist reynt sjálfsvíg eða íhugað að taka líf sitt.

Mannlífsviðtalið að þessu sinni er við **Þorvald Þorsteinsson**, rithöfund og myndlistarmann, sem er kominn í ham eftir erfið veikindi. Þorvaldur talar um ástina, heilablóðfallið, fíknina og listina að lifa.

Farið er yfir feril þeirra sex sem falast eftir því að verða **forsetaefni demókrata og repúblikana**. Í fyrsta skipti í sögunni eiga kona og þeldökkur einstaklingur raunhæfa möguleika á því að komast í Hvíta húsið.

Hvað eru **Bandaríkjamenn** að gera í **Írak**? Um þessar mundir eru fjögur ár liðin frá innrásinni í Írak og ekkert bendir til þess að þessu umdeilda stríði sé að ljúka.

**Íslensk fyrirtæki** hafa haslað sér völl svo eftir hefur verið tekið í **Kaupmannahöfn** en þvert á það sem almennt er talið virðist danskur almenningur sáttur við strandhögg gömlu nýlenduþegnanna.

Mannlíf heldur áfram að kanna fylgi flokkanna; **Vinstri grænir** eru stærri en **Samfylkingin**, en saman eru vinstri flokkarnir með rúmlega 50% fylgi.

**Formenn stjórnmálaflokkanna** verða í eldlínunni á kosningavori og hér svara þeir **öðruvísi spurningum** en þeir eru vanir.

Hjónin **Guðný Björk Guðjónsdóttir** og **Kristján Logason** umturnuðu notalegu lífi sínu á Íslandi og lögðust í tveggja ára ferðalag um Bandaríkin.

**Kolbrún Bergþórsdóttir** segir furðulegt val á dómnefndarmeðlimum og undarlegar niðurstöður þeirra hafa gengisfellt Íslensku bókmenntaverðlaunin og veltir fyrir sér hvort öllum sé ekki orðið sama um þessi verðlaun – nema kannski höfundunum sem hljóta þau.

Fjallað um yfirvofandi **fermingar**. Hvað eru börnin að hugsa og hvaða gjafir eru líklegar til vinsælda?

**Gaddakylfan:** Mannlíf, Hið íslenska glæpafélag og Grand Rokk blása til rómaðrar glæpasmásagnakeppni sinnar og lýsa eftir höfundum skuggalegs skáldskapar.




NÝTT **MANNLÍF** ER KOMIÐ ÚT!

MANNLIF.IS

**Ný ritstjórn – nýjar áherslur**

Mannlíf hefur tekið stakkaskiptum í ritstjórn Reynis Traustasonar og Þórarins Þórarinssonar. Tímaritið er fréttatengdara en áður og í fyrsta sinn í 24 ára sögu þess er nú ítarlega fjallað um erlend málefni. Það kemur nú út á þriggja vikna fresti.

Tryggðu þér eintak af nýju Mannlífi.

**Hvaða blað ert þú að lesa?** Kynntu þér frábær áskriftarkjör í síma **515 5555** á **www.birtingur.is** eða sendu okkur póst á **askrift@birtingur.is**

BIRTÍNGUR

DYNAMO REYKJAVÍK




© Inter IKEA Systems B.V. 2007

# Bjart og ferskt

## Dagana 8. mars - 22. apríl



**BARNSLIG** rúmfatasett
150x200/50x60 cm, ýmsir litir **2.290,-**



**ALVINE FLORA**
púði 50x60 cm **2.490,-**



**MELDAL** rúm 90x200 cm m/dýnu&botni **20.900,-**
*Innifalið í verði:*
**MELDAL** rúmgrind **9.950,-**
**SULTAN LADE** rúmbotn **1.500,-**
**SULTAN FAGERÄS** dýna **9.450,-**





**ALVINE VÄXT**
púði 35x35 cm **1.690,-**



590,-
**BERIT** efni
B150 cm, ýmsir litir



27.400,-
**MALM** rúm 90x200 cm m/dýnu&botni
*Innifalið í verði:*
**MALM** rúmgrind **11.950,-**
**SULTAN LADE** rúmbotn **1.500,-**
**SULTAN HUSTAD** springdýna **13.950,-**



**ALVINE BÄR** rúmfatasett
150x200/50x60 cm **1.595,-**



**BARNSLIG DJUR**
púði 43x43 cm, ýmsir litir **795,-**



**SULTAN SPARREHOLM**
rafmagnsrúm m/stillanlegri
springdýnu 90x200 cm **39.950,-**
(verð áður: 49.950,-)



1.290,-
**ALVINE BLOM** rúmfatasett
150x200/50x60 cm

### Morgunmatur
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga



195,-
IKEA Restaurant & Café

### Fjölskyldutilboð
virka daga 17:30 - 19:30
Sænskar kjötbollur, tveir 10 bollu skammtar og tveir barnaskammtar af spaghetti ásamt safa.



990,-
IKEA Restaurant & Café

IKEA®

| | |
|---|---|
| Opið virka daga | 10.00 - 20.00 |
| Opið laugardaga | 10.00 - 18.00 |
| Opið sunnudaga | 12.00 - 18.00 |

Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrr en verslun

www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2007



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir og amma,*

**Svanhvít Stefánsdóttir (Digga)**

Snorrabraut 75, Reykjavík,

sem andaðist á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 28. febrúar verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 9. mars klukkan 15.00.

**Þór Tómas Bjarnason**
**Erna Stefanía Gunnarsdóttir** **Björgvin Hansson**
**Erna Smith**
**og barnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Pálmi Guðmundsson**

Blikahólum 2, Reykjavík,

lést á líknardeildinni í Kópavogi að morgni mánudagsins 5. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 14. mars kl. 13.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Lilja Þorleifsdóttir**
**Fríða Pálmadóttir** **Guðfinna Ingimarsdóttir**
**Hrund Pálmadóttir** **Halldór Már Sæmundsson**
**Hörður Hinriksson** **Inga Þórhalla Njálsdóttir**
**Valgerður Anna Sigurðardóttir** **Guðni Hjartarson**
**og afabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Rita Doris Sæmundsson**

Kópavogsbraut 1A, (fyrrum Melgerði 2) Kópavogi,

andaðist á Borgarspítalanum mánudaginn 26. febrúar. Sérstakar þakkir til þeirra er sýndu henni alúð og umhyggju. Útför hennar fer fram fimmtudaginn 8. mars kl. 15.00 frá Kópavogskirkju.

**Sonja Rán Hafsteinsdóttir** **Þórir Þrastarson**
**Linda Brá Hafsteinsdóttir** **Ægir J. Guðmundsson**
**Hafsteinn Gunnar Hafsteinsson** **Guðrún Birna le Sage de Fontenay**

**Bergsteinn Dagur Ægisson**
**Kolbeinn Logi Ægisson**
**Yrja Dögg Ægisdóttir**



*Innilegar þakkir fyrir samúð við andlát og útför elskulegs sonar okkar, bróður, mágs og frænda,*

**Guðjóns Bergmanns Guðmundssonar**

frá Emmubergi.

Fyrir hönd systkina, mága og systrabarna.

**Guðríður Friðlaug Guðjónsdóttir**
**Guðmundur Jónsson**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Málfríður Sigurðardóttir**

Stillholti 9, Akranesi,

sem andaðist á Sjúkrahúsinu á Akranesi miðvikudaginn 28. febrúar, verður jarðsungin frá Akraneskirkju föstudaginn 9. mars kl. 14.

**Guðmundur Ó. Guðmundsson**
**Sigurður Guðmundsson** **Hulda Guðbjörnsdóttir**
**Björgvin Guðmundsson** **Lidia Andreeva**
**Birgir Guðmundsson** **Ragnheiður Hafsteinsdóttir**
**Jón Þór Guðmundsson** **Ástríður Jónasdóttir**
**Barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn**

**SHERWOOD ANDERSON (1876-1941) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Allir í heiminum eru Kristur og þeir eru allir krossfestir.“*

***Bandaríski rithöfundurinn Sherwood Anderson lést úr lífhimnubólgu eftir að hafa gleypt tannstöngul.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 8. MARS 1983**

## *Lög um þjóðsöng Íslands staðfest*



**MATTHÍAS JOCHUMSSON**

Hinn áttunda mars árið 1983 samþykkti Alþingi „Lög um þjóðsöng Íslendinga“. Lögin, sem tóku gildi 25. mars sama ár, staðfestu að Lofsöngur væri eign íslensku þjóðarinnar, að hann skyldi ekki flytja eða birta í annarri mynd en hinni upprunalegu og að ekki væri heimilt að nota hann í viðskipta- eða auglýsingaskyni. Með lögunum var forsætisráðherra einnig falið að skera úr um allan ágreining um rétta notkun þjóðsöngsins, en forsætisráðuneyti skyldi fara með umráð yfir útgáfurétti hans. Forseti hefur vald til að setja nánari ákvæði um notkun þjóðsöngsins með forsetaúrskurði ef þurfa þykir. Brot á lögunum varða fangelsisvist í allt að tvö ár.

Þjóðsöngurinn ber heitið Lofsöngur, en oft er þó notast við fyrstu línu fyrsta erindisins, „Ó, Guð vors lands“. Matthías Jochumsson samdi sálminn veturinn 1873-1874 í tilefni af þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1874. Ljóð og lag, sem er smíð Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, var frumflutt í hátíðarguðsþjónustu í Dómkirkjunni í Reykjavík sunnudaginn 2. ágúst 1874.



*Elskulegur vinur minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óli Bergvin Hreinn Pálmason**

Vesturbergi 144, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut mánudaginn 5. mars. Jarðarför auglýst síðar.

**Þóra S. Erlendsdóttir**
**Erlen S. Óladóttir** **Björn Vigfússon**
**Aðalheiður S. Óladóttir** **Sverrir Benónýsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu og veittu okkur ómetanlegan stuðning við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Einars Ólafssonar**

rafvirkja, Ársölum 3, Kópavogi.

Megi guð blessa ykkur öll.

**Guðrún Stefánsdóttir**
**Einar Ingi Einarsson**
**Guðrún Ágústa Einarsdóttir**
**Eiríkur Einarsson**
**Guðrún Ragna Ólafsdóttir**
**Þórdís Ólafsdóttir**
**Sigrún Ólafsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Faðir minn, sonur, fósturfaðir, tengdafaðir, afi, bróðir og fyrrverandi eiginmaður,*

**Jón Jónsson**

sem andaðist í Danmörku 5. febrúar sl. verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 9. mars kl. 13.00.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Oktavía Hrund Jónsdóttir**
**Guðrún Sveinsdóttir**
**Róbert Smári Guðjónsson**
**Halldór Örn Guðjónsson**
**Jón Sveinsson**
**Sigfríður Georgsdóttir og systkini.**



*Bróðir okkar og vinur,*

**Ingvi Már Geirharðsson**

Erluási 68, Hafnarfirði,

sem lést þriðjudaginn 27. febrúar verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu mánudaginn 12. mars klukkan 13.

**Systkini hins látna.**
**Íbúar og starfsfólk Erluási 68.**

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.



**JEAN BAUDRILLARD** Hugmyndir hans hafa haft gríðarleg áhrif á nútímahugvísindi. NORDICPHOTOS/AFP

# Baudrillard látinn

Franski heimspekingurinn og menningarfræðingurinn Jean Baudrillard lést í París síðastliðinn þriðjudag. Hann var 77 ára að aldri og hafði glímt við langvarandi veikindi.

Með skrifum sínum hafði Baudrillard mikil áhrif á hugvísindi nútímans. Samkvæmt kenningum Baudrillard einkennist líf nútímamannsins af ógreinilegum mörkum milli raunveruleika og blekkingar. Meðal frægustu hugmynda hans eru kenningar um samfélag „ofurveruleikans“ þar sem eftirmyndir raunveruleikans, til að mynda símiðlaðar afurðir fjölmiðlanna, eru raunverulegri en veruleikinn sjálfur. Verk hans eru jafnan spláest saman við kenningar um póstmódernisma og póst-strúktúralisma.

Baudrillard er ekki síður minnst fyrir beitta samfélagsgagnrýni og skrif um stjórnmál og alþjóðavæðingu. Hann var umdeildur kennismiður og sumir kölluðu hann heimspekitrúð. Greinarflokkur sem hann skrifaði um Persaflóastríðið og birtist í dagblaðinu Libération árið 1991 vakti til að mynda mikla athygli og deilur. Greinarnar voru síðar gefnar út á bók og báru þá umdeildan titil þess efnis að stríðið hefði ekki átt sér stað. Höfundurinn afneitaði þó ekki átökunum við Persaflóa heldur nýtti hann hugmyndina um framkvæmd og miðlun Persaflóastríðsins, sem var fyrsta „stríðið“ sem sjónvarpað var á rauntíma, sem dæmi um ástand nútímans og eftirlíkingaráráttu ofurveruleikans.

Baudrillard gaf út rúmlega fimmtíu bækur á ferli sínum, auk ritgerða og greina. Þeirra þekktastar eru Simulacres et simulation (1981) og Power Inferno, Requiem pour les Twins Towers og Hypothèse sur le terrorisme (2002). - khh

**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson Hermann Jónasson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

# Nýjar vörur




Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*




## STUÐ MILLI STRÍÐA Birtingarmyndir fíknarinnar

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** ÁNETJAST KOTRUSPILI OG TALNAGÁTUM



Ég er fíkill í mér. Áfengi og eitur og jafnvel kaffi get ég umgengist af stakri prýði og háttsemi. Kaffidrykkju gleymi ég á stundum alveg, og slepp meira að segja við hausverkinn sem leggst á marga ef fjöldi kaffibolla á dag fer eitthvað undir meðaltalið. Fíkilseðlið brýst út með öðrum hætti í minni tilveru.

Fyrir nokkrum árum komst ég ekki í gegnum daginn öðruvísi en að verja að minnsta kosti hálftíma í að spila backgammon, sem ber einnig það fagra íslenska heiti, kotra. Öðruvísi svitnaði ég og hvítnaði og blánaði til skiptis og hóf naglanag af miklum móði. Þegar heim var komið, að leik loknum, og ég skriðin upp í rúm sá ég leikborðið fyrir mér, og áður en ég vissi af var ég komin í ímyndaðan kotruleik við sjálfa mig. Sömu örlög biðu mín þegar ég fór að leysa sudoku-gátur.

Fíkilseðlið nær þó fyrst að blómstra þegar ég kemst í gott lesefni eða sjónvarpsgláp. Bækurnar fylgja mér þá hvert sem er, og ég er iðulega með prentsvertubletti á nefinu eftir ofsalestur í marga klukkutíma. Oftar en einu sinni og oftar en tvisvar hef ég lokað bók, til þess að snúa henni við og hefja lesturinn á ný. Stöku sinnum les ég þær þrisvar í röð, ef ég er alls ekki tilbúin til að hefja afvötnun. Sjónvarpsglápið er einna alvarlegast, þar sem ég er nokkuð bundin við húsbóndastólinn þegar það hefur heltekið mig.

Einhverjum, og hér á ég við fleirtölu, gæti þótt þetta sorglegt með afbrigðum. Mér til varnar vil ég þó benda á að fylgikvillar fíkna minna eru ekki alvarlegri en dreymið augnaráð og að ekki næst í mig í síma á meðan þær standa sem hæst. Þar að auki get ég slegið um mig með tilvitnunum úr þeim úrvals bókum og sjónvarpsþáttum sem ég hef ánetjast í gegnum tíðina. Á meðan fólkið sem ég umgengst kann að meta húmorinn í Friends er mér því nokkuð óhætt. Hins vegar vil ég biðja vini og vandamenn að blanda sér í málið ef ég get ekki slitið mig frá The King of Queens. Þá gæti verið kominn tími á sporin tólf.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# TOPP 10
## FERMINGARGJAFALISTINN

AÐEINS 3.362 KR Á MÁNUÐI



## 1

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | **2.13GHz Intel Core 2 Duo E6400** 2MB cache, EIST, XD, VT, EM64T |
| Móðurborð | **MSI 965P NEO-F - Core 2 Duo** PCI-E 16X, SATA2, 4xDDR2 800 |
| Minni | **2GB DDR2 667MHz Corsair** Corsair minni með lífstíðarábyrgð |
| Harðdiskur | **320GB WD SE 16MB - SATA II** SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer |
| Skjákort | **256MB MSI Geforce7 NX7600GT** 1.4GHz DDR3 - PCI-E 16X - Viftulaust |
| Skrifari | **18xDVD±/8xDL skrifari** Skrifar og les DVD og CD diska |
| Hljóðkort | **7.1 Dolby Digital DTS EAX2** Frábært hljóðkort í leiki og bíómyndir |
| Hátalarar | **2.1 Creative SBS380 hátalarakerfi** 2 öflugir hátalarar og bassabox |
| Netkort | **Gigabit 10/100/1000** Hraðvirkt gigabit netkort |
| Stýrikerfi | **Windows Vista Home Premium** Öruggara og öflugra |

### GLÆSILEG ACE FERMINGAR TÖLVA Í FLOTTUM ÁL TURNI

**INTEL CORE 2 DUO**
Nýjasta tæknin frá Intel skilar sér í allt að 40% meiri hraða og minni orkuþörf en áður hefur þekkst

**MSI ZERO NOISE**
Ótrúlega öflugt skjákort sem þó er viftulaust og þar með 100% hljóðlaust með Zero Noise kælitækni

**SATA II – 16MB**
Ný kynslóð harðdiska frá Western Digital sem eru enn hljóðlátari og allt að 100% hraðvirkari

**2.1 HLJÓÐKERFI**
Creative SBS380 er glæsilegt og kraftmikið hljóðkerfi með 2 hátölurum og öflugu bassaboxi

**WINDOWS VISTA**
Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar

**ÍSLENSKIR STAFIR**
Mjög vandað lyklaborð frá Logitech með ábrenndum íslenskum stöfum fylgir tölvunni

## VERÐ 119.900

## 2
FRÁ 2.801 KR Á MÁNUÐI

Intel Core 2 Duo E6300 • 1GB minni • 250GB harðdiskur • DVD skrifari • 256MB 7300GS skjákort 2.1 hátalarakerfi • Lyklaborð og mús • Windows Vista

**VERÐ 99.900**

## 3
FRÁ 2.801 KR Á MÁNUÐI

Acer 5102WLMi • 1.6Ghz AMD Turion64 X2 1GB minni • 120GB harðdiskur • DVD skrifari 15.4" WXGA • ATI Radeon skjákort • Windows Vista

**VERÐ 99.900**

## 4
FRÁ 4.204 KR Á MÁNUÐI

Acer 5684WLMib • 1.83GHz Intel Core 2 Duo 2GB minni • 160GB harðdiskur • DVD skrifari 15.4" WXGA • GF7600 skjákort • Windows Vista

**VERÐ 149.900**

## 5
FRÁ 698 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Canon IXUS Wireless stafræn myndavél • 5.0 megapixlar • 3x aðdráttur • 2.0" LCD skjár PictBridge og Print/Share hnappur • USB2

**VERÐ 24.900**

## 6
FRÁ 754 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Canon PowerShot 540 stafræn myndavél • 6.0 megapixlar • Breiðtjaldsupptaka • 2.5" LCD skjár ISO 800 • PictBridge og Print/Share hnappur

**VERÐ 26.900**

## 7
FRÁ 979 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Canon PowerShot A630 stafræn myndavél • 8.0 megapixlar • Níu punkta fókus • 2.5" LCD skjár ISO 800 • Safety Zoom og Digtial Tele-Converter

**VERÐ 34.900**

## 8
Gjafabréf

TÖLVULISTINN

Er ferming í fjölskyldunni? Þá eru Gjafabréf Tölvulistans góð hugmynd Tölvulistinn alltaf betra verð

## 9
FRÁ 642 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Western Digital

500GB My Book er flott fermingargjöf frá Western Digital, geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á einum stað

**VERÐ 22.900**

## 10
FRÁ 558 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Logitech

Logitech Z-10 er öflugt hátalarakerfi með baklýstum upplýsingaskjá og snertihnöppum. Kerfið skilar frábærum hljómgæðum

**VERÐ 19.900**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.

# TÖLVULISTINN

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Tölvulistinn. | Nóatúni | 17 | Reykjavík. | ☎ 414 1700 |
| Tölvulistinn. | Glerárgötu | 36 | Akureyri. | ☎ 414 1730 |
| Tölvulistinn. | Hafnargötu | 90 | Keflavík. | ☎ 414 1740 |
| Tölvulistinn. | Miðvangi | 2-4 | Egilsstaðir. | ☎ 414 1735 |

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Sunnudagur 11. mars kl:17 örfá sæti laus
Sunnudagur 18. mars kl:17 örfá sæti laus
Sunnudagur 25. mars kl:17 örfá sæti laus
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is

GIANNI SCHICCHI
SUOR ANGELICA
Giacomo Puccini
**ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR**
Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
**Frumsýning mið. 21. mars kl. 20**
2. sýn. sun. 25. mars kl. 20
3. sýn. þri. 27 mars kl. 20
4. sýn. fim. 29. mars kl. 20
*Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik*
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
GLITNIR
ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Stóra sviðið kl. 20:00**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 11/3 kl. 14:00 **uppselt**, sun. 18/3 kl. 14:00 **uppselt** og kl. 17:00 **nokkur sæti laus**, sun. 25/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus,** sun. 1/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus.** sun. 15/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**. **Sýningum lýkur í apríl!**

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Frumsýning í kvöld fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 **örfá sæti laus**, 3. sýn. lau. 10/3 **örfá sæti laus,** 4. sýn. mið. 14/3 **uppselt**, 5. sýn. fim. 15/3 **uppselt**, 6. sýn. fös. 16/3 **örfá sæti laus,** 7. sýn. lau. 17/3 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. lau. 24/3 **nokkur sæti laus**.
**Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn.**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker
Sun. 11/3 örfá sæti laus, mán. 12/3 uppselt, þri. 13/3 uppselt.
**ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR!**
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir skólanema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**ÍMYNDUNARVEIKIN** eða Þögn Molières eftir Molière/Macchia.
**Franskur gestaleikur með íslenskum texta.**
Fim. 22/3 **örfá sæti laus,** fös. 23/3.

**Kúlan**

**PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.**
Lau. 10/3 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og 15:00 **örfá sæti laus**, sun. 11/3 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og 15:00 **örfá sæti laus,** lau. 17/3 kl. 13:30 **nokkur sæti laus** og kl. 15:00 **nokkur sæti laus**, sun. 18/3 kl. 13:30 **nokkur sæti laus** og 15:00 **nokkur sæti laus**.
**Takmarkaður sýningafjöldi.**

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**

**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.**

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

**ÓFAGRA VERÖLD**
Fös 9/3 kl. 20
Síðasta sýning

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 10/3 kl. 20 | Lau 17/3 kl. 20
Fös 23/3 kl. 20 | Lau 31/3 kl. 20

**MEIN KAMPF**
Sun 18/3 kl. 20 AUKAS.
Síðasta sýning

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 11/3 kl. 22 | Sun 18/3 kl. 20
Sun 25/3 kl. 20 | Sun 1/4 kl. 20

**LADDI 6-TUGUR**
Í kvöld kl. 21 UPPS. | Lau 10/3 kl. 14 UPPS.
Fim 15/3 kl. 20 UPPS. | Fös 16/3 kl. 21 UPPS.
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. | Lau 24/3 kl. 22:30 UPPS.
Lau 31/3 kl. 14 UPPS. | Mið 4/4 kl. 20 UPPS.
Mið 4/4 kl. 22:30 | Fim 5/4 kl. 20
Sun 15/4 kl. 14 | Mán 16/4 kl. 21
Fim 19/4 kl. 14 | Fim 19/4 kl. 17
Fim 19/4 kl. 21 UPPS. | Fös 27/4 kl. 20 UPPS.

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Þri 13/3 kl. 20 150.sýning! Síðasta sýning

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Lau 10/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Sun 11/3 kl. 20 | Lau 17/3 kl. 20
Fim 22/3 kl. 20 | Fös 23/3 kl. 20
Fim 29/3 kl. 20 | Fös 30/3 kl. 20

**DAGUR VONAR**
Í kvöld kl. 20 UPPS. | Fös 9/3 kl. 20 UPPS.
Fim 15/3 kl. 20 UPPS. | Fös 16/3 kl. 20 UPPS.
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. | Sun 25/3 kl. 20
Mið 18/4 kl. 20 | Fim 19/4 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Mið 28/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Fim 29/3 kl. 20 FORSÝNING UPPSELT
Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 1/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Lau 14/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 11/3 kl.14 | Sun 18/3 kl. 14
Sun 25/3 kl. 14 | Síðustu sýningar

**KILLER JOE**
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Í kvöld kl. 20 | Fös 9/3 kl. 20
Lau 10/3 kl. 20 | Mið 14/3 kl. 20

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 11/3 kl.13, 14, 15 UPPS.
Sun 18/3 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

**FEBRÚARSÝNING Íd**
Sun 11/3 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 18/3 kl. 20 5.sýning Blá kort
Síðustu sýningar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

**Kl. 20.00**
*Félag þjóðfræðinga á Íslandi stendur fyrir þjóðlagatónleikunum Konan í Norræna húsinu. Fram koma Bára Grímsdóttir og Chris Foster og flytja þjóðlög frá Íslandi og Englandi, syngja og leika á gítar, kjöltuhörpu, langspil og íslenska fiðlu, auk þess sem myndasýning fylgir tónlistinni.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Glíma við orð



Rúnar Helgi Vignisson heldur erindi á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í fyrirlestraröðinni „Þýðing öndvegisverka“ í dag. Rúnar ræðir um glímuna við bókmenntaverk frá fjarlægum og framandi menningarheimi í tengslum við þýðingar sínar á verkum suður-afríska Nóbelsverðlaunahafans J.M. Coetzee. Rúnar veltir fyrir sér sambandi íslenskrar menningar við framandi menningu og þeim gildrum sem framandleikinn getur lagt fyrir þýðandann. Í fyrirlestrinum gerir Rúnar grein fyrir samstarfi sínu við Coetzee og ræðir álitamál sem upp komu við þýðingarvinnuna.

Rúnar Helgi hefur fengist við þýðingar um árabil og hlaut Íslensku þýðingarverðlaunin 2005 fyrir þýðingu sína á Barndómi eftir Coetzee. Hann hefur aukinheldur gefið út skáldsögur og smásagnasafn. Erindi sitt heldur Rúnar í stofu 101 í Lögbergi kl. 16.30 í dag.

# Afmeyjun fjallkonunnar

**Það er ekkert grín að vera óléttur unglingur í lélegu andlegu jafnvægi. Þjóðleikhúsið frumsýnir í kvöld meinfyndna könnun á afleiðingum þess að nota ekki getnaðarvarnir. Og framtíð jarðarinnar er í húfi.**


**FRAMTÍÐARFJALLKONAN** Veröld unglingsstúlkunnar Kötu fer á hvolf þegar hún uppgötvar eigin frjósemi á afmælisdaginn sinn. Dóra Jóhannsdóttir, Atli Rafn Sigurðarson og Edda Björg Eyjólfsdóttir í hlutverkum sínum í Legi. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Höfundur söngleiksins Legs, Hugleikur Dagsson, er landsþekktur fyrir teikningar sínar og hárbeittan húmor. Bækur hans sem kenndar eru við „Okkur“ hafa selst í bílförmum en á liðnu leikári var fyrsta sviðverk hans sett upp af Nemendaleikhúsinu og leikhópnum Common Nonsense. Leikritið Forðist okkur hlaut mikið lof og prís en leikstjóri þess og núverandi kafteinn á Leg-skútunni, Stefán Jónsson, segir að aðstandendur sýningarinnar hafi setið sveittir við frá því í september.

Nú sameina Hugleikur og Stefán krafta sína á ný, ásamt myndlistarmönnunum Ilmi Stefánsdóttur og Gideon Kiers, tríóinu Flís og ljósameistaranum Birni Bergsteini Guðmundssyni. Aukinheldur nýtur hópurinn liðsinnis Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur sem sér um búningana er prýðir frítt föruneytið – leikhópurinn er ungur og orkumikill en reyndir leikarar Þjóðleikhússins blómstra þar ekki síður en nýútskrifað listafólk, þar á meðal aðalleikkonan Dóra Jóhannsdóttir sem leikur unglingsstúlkuna Kötu.

Hugmyndin um að gera lágstemmdan söngleik er orðin að heljarinnar sjónarspili á stóra sviði Þjóðleikhússins og þar á bæ eiga menn vart því að venjast að sjá annan eins atgang. „Þetta er sýning sem er alveg á mörkum þess að leikhúsið ráði við tæknilega,“ útskýrir Stefán „en þetta er að hafast – þrátt fyrir brokkgenga meðgöngu.“

Hópurinn leitaði víða hófanna en við sögu í verkinu koma meðal annars tvær fjölskyldur í Garðabæ, andsetinn forstjóri með Messíasarkomplex, dagskrárgerðarfólk Bachelorsins og ein blóðþyrst kind. Það er vandasamt að ætla sér að rekja söguþráð verksins né er það auðsótt mál að flokka tónlist þeirra Flís-manna enda ægir þar öllu saman – elektró, ofurpoppi og sambamúsík svo eitthvað sé nefnt.

Frásagnarlögmál og venjuhættir tónsmíðanna eru svínbeygð í þágu fjörsins í þessum söngleik sem verður að teljast með því frumlegra sem íslenskt leikhús hefur getið af sér. „Það er líka svo gott við sem stöndum að sýningunni erum öll af ólíkum kynslóðum og hópurinn verður dýnamískari fyrir vikið,“ segir Stefán.

Hann segir frábært að fylgjast með leikskáldinu blómstra í sínu starfi en hann hefur áður gefið Hugleiki lyndiseinkunnina „endaþarmsmælir tíðarandans“ enda sé skopskyn hans býsna hrátt og listamaðurinn óvæginn. „Hugleikur er líka mikill bíóstrákur, hann hefur innbyggða dramatúrgíu í sér og þetta hreinlega rennur út úr honum með öllu því sem þarf að vera í góðu handriti,“ segir Stefán og ljóst má vera að íslenskt leikhús er auðugra fyrir vikið.

Stefán segir að margir eigi auðvelt með að afgreiða Hugleik Dagsson sem strák með góðan kúka-húmor en í honum búi talsvert meira og hann sé til dæmis afar laginn við að afhjúpa hræsni og tvískinnung okkar allra. „Til dæmis verður allt vitlaust vegna klámráðstefnu á meðan Alþingishúsið speglast í strippbúllunni hinum megin við Jón Sigurðsson. Hugleikur vinnur dálítið á þessu plani – hans hugmyndaheimur í myndasögum og öðru afþreyingarefni er kannski ekki hátt skrifað hjá bókmenntafræðingum en í því felst meiri og merkilegri gagnrýni á ríkjandi ástand en margir gera sér grein fyrir.“

Leikstjórinn segir það sitt hlutverk að draga fram stóra samhengið og „sýna bassann í verkinu“ því það er broddur bak við allt sprellið sem ekki síst snýr að framtíðarsýn og áherslum íslensku þjóðarinnar.

„Þessi saga um unglingsstúlkuna er eins og sagan um Ísland. Við erum svo ung og vitlaus – eins og unglingsæringi sem fær allt upp í hendurnar. Í þessari framtíðarsýn Hugleiks hefur allt gengið eftir sem sumir óska sér nú – allt er selt eða virkjað. Það er búið að byggja tívolí á Kárahnjúkum með stærstu vatnsrennibraut í heimi, það er spilavíti á Þingvöllum og vopnaverksmiðja á Vopnafirði og allir eru svo yfirmáta glaðir með ástandið. Aðalpersónan, unglingsstúlkan Kata, er hin nýja fjallkona – hún veit ekki neitt en veltist bara áfram í hamingjusömu hugsunarleysi,“ segir Stefán og útskýrir að Kata líkist nokkuð ljóshærðum hótelerfingja sem reglulega má lesa um í fjölmiðlum.

Stefán ræðir um vatnaskilin sem nú eru á Íslandi er varða þá framtíð sem landsmenn vilja kjósa sér. Unglingurinn ólétti fær einnig að kjósa sér framtíð í söngleiknum Legi en á hennar herðum hvílir meiri ábyrgð en nokkurn órar fyrir þegar snótin skondrast fyrst gelgjulega inn á sviðið. „Við sjáum til hvernig henni reiðir af – hvort hún tekur slaginn og gerir eitthvað annað og meira en hinir,“ segir leikstjórinn laumulega.

Söngleikurinn Leg verður frumsýndur kl. 20 í kvöld en þess má geta að tónlistin úr verkinu verður brátt fáanleg á stafrænu formi í plötuverslunum.

kristrun@frettabladid.is

Gamanleikritið
BAR PAR
Leikstjóri: Gunnar I. Gunnsteinsson
–eftir Jim Cartwright
Aðalhlutverk:
Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir
Steinn Ármann Magnússon
Næstu Sýningar:
Föst. 9. mars kl. 20
– Örfá sæti laus
Sun. 18. mars kl. 20
Miðasala á Nasa
frá kl. 13-16
einnig á www.nasa.is
og www.midi.is
Carlsberg Léttöl
NASA
Einn Carlsberg fylgir miðanum næstu 10 sýningar!

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Ágeng sveifla á Domo

Hljómsveitin „Jónsson/Gröndal kvintett“ leikur í djasstónleikaröð Múlans á skemmtistaðnum Domo bar í Þingholtsstræti í kvöld.

Flokk þann leiða saxófónleikararnir Haukur Gröndal og Ólafur Jónsson en samstarf þeirra félaga á sér langa sögu. Þeir léku fyrst saman sumarið 2002 og var hljómsveitin einnig skipuð, Kjartani Valdemarssyni á píanó, Morten Lundsby á bassa og Erik Qvick á trommur. Í fyrstu var hugmyndin að leika eingöngu frumsamda djasstónlist en á tónleikunum í kvöld kveður við nýjan tón. Á efnisskránni eru lögu eftir nokkra af helstu bebop-meisturum djasssögunnar og meðspilarar þeirra Ólafs og Hauks eru að þessu sinni Agnar Már Magnússon á píanó, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Einar Valur Scheving á trommur. Tónlist sveitarinnar er orkuhlaðin og beinskeytt djasstónlist með ágengri sveiflu sem lætur engan ósnortin.

Tónleikarnir hefjast kl. 21.



**GOTT SAMSTARF** Saxófónleikararnir Ólafur Jónsson og Haukur Gröndal leiða leikinn á Domo í kvöld.


# Roof Tops

## Föstudags- og laugardagskvöld

## Vegna fjölda áskorana endurtökum við leikinn

**ARI JÓNS:** söngur, trommur
**SVENNI GUÐJÓNS:** söngur, hljómborð
**FINNBOGI KJARTANS:** söngur, bassi
**GÚI RINGSTED:** söngur, gítar
**SIGGI PEREZ:** söngur, saxafónn, slagverk

KRINGLU KRÁIN


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

5 6 7 **8** 9 10 11

### Fimmtudagur

### LEIKLIST

☐ 20.00 **Leikfélag Kópavogs** sýnir leikritið **Allt & ekkert** í **Hjáleigunni** í kvöld. Leikstjóri er **Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.**

☐ 12.00 **Nemendafélag Fjölbrautaskólans í Garðabæ** setur upp söngleik byggðan á ævintýrinu um **Öskubusku**. Leikstjóri er **Brynja Valdís Gísladóttir** en danshöfundur er **Lovísa Ósk Gunnarsdóttir.** Verkið er sýnt í hátíðarsal skólans, í Urðarbrunni.

### FYRIRLESTRAR

☐ 17.15 **Þóra Elva Björnsson** heldur erindi um drauma í **Bókasafni Kópavogs**. Þetta er þriðja erindið í erindaröðinni um **FURÐUR** sem er á dagskrá hvern fimmtudag þessar vikurnar, til og með 29. mars. Áður **hafa Magnús Skarphéðinsson** og **Þórhallur Guðmundsson** miðill talað um sín fræði við góðar undirtektir. Þóra Elva hefur gefið út bækur um draumaráðningar sem eru til útláns á Bókasafninu. Allir eru velkomnir, enginn aðgangseyrir og heitt á könnunni.

☐ 20.00 **Viktor Tatarintsév**, sendiherra **Rússlands** á Íslandi, verður gestur í **MÍR**-salnum Hverfisgötu 105 og flytur þá fyrirlestur. Ræðir hann um ástand mála í Rússlandi og samskipti Rússa og Íslendinga. Að fyrirlestri loknum svarar sendiherrann fyrirspurnum.

### OPNANIR

☐ 17.00 Sýning á verkum færeyska málarans **Zacharias Heinesen** verður opnuð í **Hafnarborg,** menningarmiðstöð Hafnarfjarðar. **Hr. Eiður Guðnason,** verðandi alræðismaður Íslands í Færeyjum, opnar sýninguna.

### TÓNLEIKAR

☐ 19.00 **Andspyrnuhátíð** í Gamla **bókasafninu** við Mjósund í Hafnarfirði. Fram koma hljómsveitirnar **Innvortis, Bratpack, I Adapt, Mammút, Finnegan** og **Rökkurró**. Aðgangseyrir er 500 kr.

### SÝNINGAR

☐ 10.00 í **Listasafni Reykjavíkur** á **Kjarvalsstöðum** stendur fyrir sýningin **K-þátturinn - Málarinn Jóhannes S. Kjarval** en þar leitast sýningarstjórinn **Einar Garibaldi Eiríksson** við að svipta hulunni af goðsögninni Kjarval og hleypa áhorfandanum beint að verkum hans.

☐ 12.00 Árleg ljósmyndasýning **Blaðaljósmyndarafélags Íslands** stendur yfir í **Gerðarsafni** í **Kópavogi**. Á sama stað má sjá sérstaka sýningu á ljósmyndum sex ljósmyndara sem ber yfirskriftina Kárahnjúkar.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 13.00 Nú stendur yfir sýning **Kristínar Guðmundsdóttur Barnslegar minningar + löstur mannsins** á **Café Karólínu** á Akureyri. Sýningin samanstendur af textaverkum á glasamottur og veggi. Verkin sem skiptast í tvo hluta, annars vegar minningar barns um aðvaranir þeirra eldri og svo hins vegar syndir þeirra eldri og hvernig hægt sé að forðast þær.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.





5
ENNEMM / SÍA / NM26540



5
Nú er potturinn fimmfaldur
og stefnir í 35 milljónir.
Ekki vitlaust að fá sér miða á
lotto.is eða á næsta sölustað!
Lottó




> Gott gláp

**SMOKIN' ACES**
Ágætlega stílfærð og smástjörnum hlaðin afþreying sem skilar sínu. Misheppnuð melódramatík spillir fyrir á köflum en hasarinn hleypir myndinni fyrir horn.

**BREAKING AND ENTERING**
Vel leikin og haglega skrifuð mynd um tilfinningabrölt nútímafólks.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN: CARMEN JÓHANNSDÓTTIR, RITSTÝRA GETRVK.COM

# Patrick Bateman mesti skúrkurinn



**Hver er uppáhaldsmyndin þín?** Þessa dagana er það The Departed, ég keppist við að mæla með henni við fólk. Ég er svo sem ekki sérstaklega mikill aðdáandi Scorsese en fannst hann vel að Óskarnum kominn.
**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?** Síðast sá ég Ilminn í bíó og fannst hún virkilega góð. Ég hef reyndar ekki lesið bókina en líkaði myndin vel.
**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?** Heimildarmyndina Krush Groove, sem fjallar um Run DMC og upphafsár rappsins. Frábær mynd sem ég mæli hiklaust með.
**Hefur þú grátið í bíó?** Jájá, ég man samt ekki hvenær það gerðist síðast.
**Uppáhalds íslenska persónan:** Ætli það sé ekki Óli í Englum alheimsins, sem Baltasar Kormákur lék. Hann er að minnsta kosti sá fyrsti sem mér dettur í hug.
**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:** Sean Connery hefur allt til að bera sem kvikmyndastjarna og verður bara flottari með aldrinum.
**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** William Wallace í Braveheart. Frábær mynd eftir Mel Gibson.
**Mesti skúrkurinn:** Patrick Bateman í American Psycho, sem Christian Bale lék. Hann er með þeim skuggalegri sem ég hef séð.
**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?** Það er án efa Diary of a Mad Black Woman. Ömurleg mynd í alla staði.
**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?** Þetta yrði spennusaga úr hversdagslífinu og ég myndi leika töffarapíu sem leysti dularfullt sakamál. Jack Nicholson myndi leika á móti mér og ætli ég gæfi ekki Bill Murray tækifæri til að söðla um og leikstýra til tilbreytingar.

## ÚR VERINU

**Spiderman kvaddur**
Þriðja myndin um Spiderman verður frumsýnd í maí og verður mögulega svanasöngur



Tobey Maguire í hlutverki kóngulóarmannsins. Leikarinn ýjaði að minnsta kosti að því í viðtali við ástralskt dagblað. Hann segir að í þriðju myndinni séu flestir lausir endar úr fyrri myndunum hnýttir saman og honum þyki þetta orðið gott. „Ég hef alltaf litið á þetta sem þríleik sem lýkur með þessari mynd.“ Hins vegar þykir líklegra en ekki að fleiri myndir verði gerðar um kóngulóarmanninn, með eða án Maguire.

**Væntanlegt frá Mirren**
Þrátt fyrir spánnýja Óskarsverðlaunastyttu í stofuhilluna slær Helen



Mirren ekki slöku við heldur leikur í tveimur myndum sem væntanlegar eru á þessu ári. Sú fyrri er ævintýramynd sem kallast Inkheart en þar leikur Mirren meðal annars á móti Brendan Fraser, Paul Bettany og Andy Serkis. Sú síðari nefnist Angel Heart, gerist í ensku sveitaþorpi í fyrri heimsstyrjöld og segir frá konum sem fá þýska stríðsfanga til að fylla í skörð eiginmanna sinna, sem eru fjarri góðu gamni á vígvöllunum.

**Scorsese í sjónvarp**
Leikstjórinn og Óskarsverðlaunahafinn Martin Scorsese ætlar að



leikstýra sjónvarpsmynd um borgina Atlantic City í New Jersey, sem er þekkt fyrir skemmtanaiðnað sinn og fjárhættuspil. Leikstjórinn kannast við sig í borginni en mynd hans, The Color of Money, gerist einmitt þar. Með aðalhlutverk í myndinni fer Mark Wahlberg, sem lék í The Departed og var tilnefndur sem besti leikarinn í aukahlutverki.

**Til í framhaldsmynd**
Og meira af Scorsese og Wahlberg en sá síðarnefndi segir ekki loku



fyrir það skotið að gera framhald af The Departed, sem myndi snúast um persónu Wahlberg. Hann mun hafa rætt þetta við Scorsese og handritshöfundinn William Monahan, sem Wahlberg segir að hafi nefnt nokkrar áhugaverðar hugmyndir. „Með sama mannskap og réttu handriti er ég til,“ segir leikarinn.



**ÚR VENUS** O'Toole þykir vera í essinu sínu í hlutverki kvennaflagara sem má muna fífil sinn fegri en hann kynnist stúlku á unglingsaldri sem hristir upp í tilveru hans.

# Þokkafullur drykkjurútur

**Eftir nokkurra missera fjarveru dúkkar írski leikarinn Peter O'Toole upp aftur á verðlaunapöllum fyrir frammistöðu sína í Venus, sem Græna ljósið frumsýnir annað kvöld. Nafnið hringir ef til vill ekki bjöllum í eyrum ungra en fyrir eldri kynslóðir þarfnast O'Toole lítillar kynningar, enda einn virtasti leikari Breta og á að baki yfir 80 hlutverk í kvikmyndum og sjónvarpi.**

Í Venus leikur O'Toole Maurice, leikara og kvennaflagara sem má muna fífil sinn fegri. Hann situr uppi einmana með sjálfan sig á ævikvöldinu þegar hann kynnist stúlku á unglingsaldri sem hristir rækilega upp í tilveru hans. Handritið samdi Hanif Kureishi (My Beautiful Laundrette og fleira). O'Toole var tilnefndur til Óskarsverðlauna en beið lægri hlut fyrir Forest Whitaker. Hlutskipti sem hann er fráleitt óvanur; átta sinnum hefur hann verið tilnefndur til Óskarsverðlauna og jafnoft farið tómhentur heim (og sló þar með vafasamt met sem hann deildi áður með Richard Burton).

O'Toole fæddist á Írlandi fyrir nærri 75 árum og þótt hann flytti ungur til Englands hefur hann ávallt gert mikið úr írskum upprruna sínum. Á unglingsárum var hann kvaddur í herinn og þjónaði sem loftskeytamaður í breska flotanum áður en hann komst inn í Konunglega leiklistarskólann í Englandi. Með honum í árgangi voru leikarar á borð við Albert Finney, Richard Harris og Alan Bates (þeir áttu það líka sameiginlegt að þykja sopinn góður og var O'Toole engin undantekning). Þeir voru allir í skólanum á eftir hinum stóru árgöngum sem fylltu hann meðan herskylda var enn í gangi, en þeirra á meðal voru Gunnar Eyjólfsson, Hildur Kalman, Ævar Kvaran, Einar Pálsson og Baldvin Halldórsson.



**ÚR ARABÍU-LAWRENCE** Sindrandi blá augu O'Tooles hafa ávallt notið sín vel í kvikmyndum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Að lokinni brautskráningu gat O'Toole sér fljótlega orð sem sviðsleikari og í lok sjötta áratugarins fór hann að fá smá hlutverk í sjónvarpi og kvikmyndum. Árið 1962 skaut honum upp á stjörnuhimininn þegar David Lean réð hann til að leika titilhlutverkið í stórmyndinni Arabíu-Lawrence, en fyrir leik sinn í henni uppskar O'Toole sína fyrstu Óskarsverðlaunatilnefningu. Hann átti þá að baki örfá smáhlutverk í þriðja flokks myndum en breiðtjaldsmyndin um Lawrence gerði hann að stjörnu. Sindrandi blá augu hans nutu sín sérstaklega vel í nýtilkomnum litmyndum eins og í mynd Wylers, How to Steel a Million. Þokki hans byggðist á glampandi ósvífni í svip og einstakri framsögn – hann naut þess að flytja texta og gerir enn.

O'Toole hefur alla tíð leikið jöfnum höndum í leikhúsi og kvikmyndum og þótti tækur sem Shakespeare-leikari en olli jafnan miklum deilum sem slíkur: alræmd var túlkun hans á Hamlet 1964. Sumblið hefur þó tekið sinn toll, en ófagrar lýsingar eru til á túrum þeirra Richard Burton, Richard Harris og O'Toole á sjöunda áratugnum sem stóðu jafnan í nokkra daga. Á áttunda áratugnum þurfti að fjarlægja brisið úr honum og hluta maga hans auk þess sem hann er með áunna sykursýki.

O'Toole er einn fárra sem hefur tvisvar verið tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir túlkun á sömu persónunni, sem Hinrik II í Becket árið 1964 (á móti Burton) og í The Lion in the Winter (á móti Katherine Hepurn og ungum Anthony Hopkins). Á undan Venus var hann síðast tilnefndur árið 1982 fyrir leik sinn í My Favorite Year, sem boðaði endurkomu hans eftir margra ára hlé en þar fór hann með hlutverk gamals leikara úr þöglu myndunum og var sú persóna sögð byggð á Errol Flynn. Árið 2003 féll heiðursóskarinn honum í té. Undanfarin ár hefur minna borið á honum í kvikmyndum en þess heldur meira í sjónvarpsmyndum og þáttaröðum. Hann hlaut meðal annars Emmy-verðlaunin árið 1999 fyrir leik sinn í þáttaröð um Jóhönnu af Örk og uppskar mikið hrós árið 2005 fyrir túlkun sína á Casanova á eldri árum.

Árið 1960 kvæntist O'Toole velsku leikkonunni Siân Phillips og átti með henni tvær dætur áður en þau skildu tæpum 20 árum síðar. Á sextugsaldri eignaðist hann son með þáverandi unnustu sinni, Karen Brown. Hann hefur skrifað tvö endurminningarrit undir yfirskriftinni Loitering with intend (Meðvitað iðjuleysi), sem fjalla um bernskuár hans og námið í Konunglega leiklistarskólanum. Þriðja bókin er væntanleg í ár og fjallar um hans stærstu stundir á sviði og í kvikmyndum.

bergsteinn@frettabladid.is





Office1 Superstore
ÚTSALA
50%
AFSLÁTTUR
af skólavöru.
Aðeins í Skeifunni 17

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Britney að brotna í meðferðinni

Veröld Britney Spears virðist að hruni komin. Tilraun poppprinsessunnar til að koma röð og reglu á líf sitt á meðferðarheimilinu Promises í Malibu virðist vera að fara út um þúfur og fjölskylda hennar hefur miklar áhyggjur af líðan hennar. Þetta upplýsir bandaríska glanstímaritið Us Weekly og hefur eftir nánum vinum Spears-fjölskyldunnar að hún óttist að Britney muni ekki halda út meðferðartímann.

Að sögn heimildarmanna blaðsins virðist hún strax vera orðin nokkuð óróleg á meðferðarheimilinu og greip fjölskyldan meðal annars til þess bragðs að fá frænda hennar, Alli, til að gista hjá henni á föstudaginn. Hann heimsótti hana síðan bæði laugardag og sunnudag. Hin 25 ára gamla Spears hefur ekki farið út af meðferðarheimilinu síðan á fimmtudag þegar hún kom við hjá vinkonu sinni og náði í föt sem hún hafði keypt á netinu.

Breska götublaðið The Sun greindi frá því í gær að Britney hefði eytt tæplega tvö hundruð þúsund krónum í föt á netinu og að aðstoðarmenn hennar hefðu sótt þau í verslun. Spears ætti því að geta klætt sig upp í meðferðinni.

Britney Spears skráði sig í meðferð á Promises-heimilinu í lok síðasta mánaðar eftir að hafa látið sig hverfa í tvígang af meðferðarheimilum. Fjölmiðlar beggja vegna Atlantshafsins hafa fylgst grannt með Spears og hegðan hennar og um helgina greindi News of the World frá hótunum söngkonunnar um að svipta sig lífi. Þá hafa sögusagnir verið á kreiki um að hún og fyrrverandi eiginmaðurinn Kevin Federline hafi í hyggju að endurnýja brúðkaupsheitin eftir frekar harkalegan skilnað.



**BRITNEY SPEARS** Fjölskylda hennar hefur miklar áhyggjur af líðan söngkonunnar og hræðist að hún muni ekki halda meðferðina út.



**HURLEY OG NAYA** Brúðhjónin eru stödd á Indlandi um þessar mundir.

# Ferðast um Indland

Breska leikkonan Elizabeth Hurley og eiginmaður hennar, Arun Naya, eru um þessar mundir stödd í Mumbai á Indlandi í brúðkaupsferð sinni. Hurley og Naya giftu sig í kastala í Englandi síðastliðinn föstudag og var fjöldi stjarna viðstaddur.

Þau munu dvelja í sex daga á Indlandi og ætla m.a. að heimsækja foreldra Naya sem búa í Mumbai. Einnig er talið að Parmeshwar Godrej, eiginkona viðskiptajöfursins Adi Godrej, ætli að halda fyrir þau glæsilega veislu. Godrej er þekkt fyrir veislur sínar og hefur áður tekið á móti þekktum nöfnum á borð við Richard Gere og Goldie Hawn.

# Hassið átti ekki við Ingibjörgu Sólrúnu

**Formenn stjórnmálaflokkana eru teknir í yfirheyrslu í nýju Mannlífi. Þar kemur meðal annars fram að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur prófað að reykja hass og þrír formannanna segjast ekki vita hvað BDSM er.**

„Ég prófaði hass fyrir meira en 30 árum og ákvað að láta það alveg eiga sig. Það er mun skaðlegra en margir vilja vera láta,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir aðspurð hvort hún hafi prófað fíkniefni.

Þetta kemur fram í nýju Mannlífi en þar hafa menn nú stokkað upp. Nýir ritstjórar eru Þórarinn Þórarinsson og Reynir Traustason. Útgáfudögum verður fjölgað, tímaritið kemur fram á þriggja vikna fresti nú og verður fréttatengdara en áður hefur verið.

Í þessu nýja tímariti eru stjórnmálaforingjarnir fimm spurðir spjörunum úr, allir fá þeir sömu fjölskrúðugu spurningarnar til að moða úr og eru svörin forvitnileg. Þannig kemur fram að Ingibjörg Sólrún er sú eina sem segist hafa prófað fíkniefni að frátöldu áfengi og tóbaki. Hún fellur ekki í þá sömu gryfju og Bill Clinton sem svaraði sömu spurningu á þá leið að hann hefði prófað að reykja „jónu“ en ekki ofan í sig – og var mikið skopast með. Annað sem má heita sérlega forvitnilegt er að Guðjón Arnar Kristjánsson, foringi Frjálslyndra, veit ekki hvað BDSM er. Og því síður Jón Sigurðsson, foringi framsóknarmanna, sem tekur vel utan um svar sitt: „Ég hef alls enga hugmynd um það. Er þetta ensk skammstöfun eða íslensk?“ Og Steingrímur J. Sigfússon er einnig úti á túni: „Hef ekki hugmynd um það og veit ekki til þess að sú fáfræði hafi komið að sök.“ Ingibjörg Sólrún svarar hins vegar: „Sérkennileg kynlífshegðun sem byggist á valdi og undirlægjuhætti.“ Sem hlýtur að teljast nálægt lagi. Geir H. Haarde er á svipuðu róli og Ingibjörg. En heita má sérkennilegt, í ljósi gríðarlegs fréttaflutnings af málefnum Byrgisins, þar sem einmitt BDSM-kynlíf kom mjög við sögu, að þeir Jón, Steingrímur og Guðjón Arnar viti ekki hvað um ræðir.

jakob@frettabladid.is



**INGIBJÖRG SÓLRÚN** Reykti hass fyrir þrjátíu árum og það var ekki málið.

**GUÐJÓN ARNAR, STEINGRÍMUR OG JÓN** Þessir stjórnmálaforingjar hafa ekki grænan grun um hvað BDSM er.




# Vill stjörnum prýtt blúsband

Blúsarinn Halldór Bragason hefur í hyggju að stofna norræna blúshljómsveit sem myndi ferðast á milli tónlistarhátíða á Norðurlöndunum og jafnvel víðar um heim. Sveitin yrði ekki alltaf skipuð sama fólkinu heldur yrði meðlimum skipt út frá ári til árs.

„Hugmyndin er að setja saman stjörnum prýtt band frá Norðurlöndunum. Þetta gæti orðið allt að fimmtán manna sveit sem myndi spila á hátíðum á Norðurlöndum og víðar. Þetta er svona langtímamarkmið,“ segir Dóri, sem er listrænn stjórnandi fjórðu Blúshátíðar Reykjavíkur sem hefst 3. apríl. „Þegar maður er listrænn stjórnandi þarf maður að vera skapandi og ég hef gert það undanfarin ár að búa til dagskrá á Blúshátíð. Mér finnst þetta skemmtilegt verkefni að sameina alla blúsara á Norðurlöndum. Það yrði liður í kynningarstarfsemi fyrir blúshátíðir á Norðurlöndum að kynna þessa blúsara og búa til bræðralag sem nær yfir öll lönd, allt frá Chicago til Finnlands. Þetta yrði „killer“ band,“ segir hann. Bætir hann því við að undirbúningurinn gæti tekið heilt ár.

Dóri og félagar í Blue Ice Band spila á tveimur blúshátíðum á Norðurlöndum á næstunni. Fyrst spila þeir með blúsdívunni Zoru Young í Árósum í Danmörku 7. apríl og hinn 28. sama mánaðar spila þeir á blúshátíð í Niðarósi í Noregi ásamt Zoru og tveimur dívum til viðbótar, Deitra Farr og Grana´ Louise. Á þeirri hátíð spila einnig þekkt nöfn á borð við Los Lobos og Ike Turner, fyrrverandi eiginmaður rokkömmunnar Tinu Turner.

- fb



**HALLDÓR BRAGASON** Dóri ætlar að stofna norræna blússveit sem myndi ferðast á milli blúshátíða um allan heiminn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Allir í stuði á Evróputúr

Hljómsveitin Benni Hemm Hemm er á tónleikaferðalagi um Evrópu sem stendur yfir til 15. mars. Sveitin hélt á dögunum tvenna tónleika í París og tvenna í Köln og Frankfurt við góðar undirtektir. Í fyrrakvöld spilaði hún síðan í St. Gallen í Sviss og í Vín í gærkvöldi.

„Þetta hefur gengið rosavel og er búið að vera mjög gaman,“ segir Benedikt Hermann Hermannsson, forsprakki sveitarinnar. Alls eru níu meðlimir Benna Hemm Hemm á ferðalaginu um Evrópu og ferðast þau um í sendiferðabíl. Hefur að vonum lítill tími gefist í skoðunarferðir. „Hingað til hefur dagskráin verið ansi þétt og hún er ekkert að fara að grisjast neitt. Það er rétt að það náist að keyra á milli og spila. Við þurfum að vakna kl. sex til sjö á morgnana og keyra og þá rétt náum við „sándtékki“,“ segir Benni. Hann segir að stemningin í sendiferðabílnum sé mjög góð. „Við erum með Bruce Lee í videotækinu, Toto í græjunum og allir eru í stuði.“

- fb



**BENNI HEMM HEMM** Benedikt Hermann Hermannsson og félagar eru á tónleikaferð um Evrópu.




Hvort sem þú hyggst fara beint út á vinnumarkaðinn eftir útskrift, halda áfram að mennta þig eða skoða heiminn, aðstoðar Kaupþing þig við að láta draumana verða að veruleika.

Eftirfarandi er meðal þess sem bankinn getur boðið þér upp á þegar þú útskrifast úr háskólanámi eða sambærilegu námi:

- **80% lán til íbúðakaupa – fyrstu 5 árin borgar þú bara vextina***
- **20% Viðbótarlán til íbúðakaupa**
- **Námslokalán – allt að 3 milljónir****
- **Fjármálaráðgjöf**
- **Gullkreditkort**
- **Persónulegur þjónustufulltrúi**
- **Tryggingar**
- **Lífeyrissparnaður**

Námslokatilboð Kaupþings gildir í eitt ár frá útskrift. Kynntu þér nánar á kaupthing.is eða í síma 444 7000.

**Kaupþing vex með þér**

KAUPÞING

*Fyrstu fimm árin eru einungis greiddir vextir af 80% íbúðaláninu, en eftir þann tíma er einnig greitt af höfuðstól.
Gildir einungis fyrir útskriftarnema úr háskóla eða sambærilegu námi. ** Að því gefnu að umsækjandi standist mat bankans.




# Hempa á háu verði

Hempa sem Sir Alec Guinness klæddist í fyrstu Star Wars-myndinni seldist á um sjö milljónir króna á uppboði sem var haldið á hinum ýmsu fötum sem hafa verið notuð í kvikmyndum og sjónvarpi.

Persónan Obi-Wan Kenobi klæddist hempunni brúnu, sem hafði verið týnd lengi þar til hún var boðin upp. Hafði hempan verið lánuð í aðrar myndir, þar á meðal í The Mummy sem var sýnd árið 1999. Einnig hafði hún verið leigð út til fólks.

Á meðal annars fatnaðar sem seldist á uppboðinu var kvöldverðarjakki sem Sir Sean Connery klæddist í James Bond-myndinni Thunderball. Seldist hann á rúmar fjórar milljónir. Föt sem Roger Moore klæddist í The Spy Who Loved Me seldust á tæpa eina og hálfa milljón og fatnaður sem Mel Gibson klæddist í hlutverki frelsishetjunnar William Wallace í Braveheart seldist fyrir um þrjár milljónir króna.

Að auki seldist fatnaður út þekktum myndum á borð við Evitu, Indiana Jones, Harry Potter. Monthy Python and the Holy Grail og Titanic.



**OBI-WAN KENOBI** Sir Alec Guinnes í hlutverki Obi-Wan í fyrstu Star Wars-myndinni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Noel Gallagher**, gítarleikari Oasis, á von á barni með unnustu sinni **Söru MacDonald**. Noel og Sara hafa verið saman í sjö ár og hefur hún tekið fullan þátt í skemmtanahaldi sem tengist hljómsveitarlífernínu. Nú hafa þau ákveðið að róa sig niður. Þetta verður fyrsta barn Söru en fyrir á Noel sjö ára dóttur.



Leikkonan **Carmen Electra** segir ekkert hæft í orðrómi þess efnis að hún ætli að láta minnka á sér brjóstin, hún sé fullkomlega ánægð með stærð sína. Electra lýsti því yfir árið 2004 að hún ætti í erfiðleikum með að venjast vextinum eftir að hún fór í brjóstastækkun það ár. „Ég veit ekki hvaðan þessar sögur koma. Ég er mjög ánægð með brjóstin á mér og stærð þeirra, þau eru ekki að fara neitt," segir Carmen.



**Courteney Cox** og **David Arquette** eru ekki sátt við fréttir um að hjónaband þeirra hangi á bláþræði. Bandarískir fjölmiðlar hafa greint frá því að þau íhugi skilnað og að Cox hafi verið að slá sér upp með mótleikara sínum Josh Stewart. „Þau eru ástfangin og ánægð eins og annað venjulegt fólk," sagði talsmaður þeirra.






## > Hlynur hættir en Gintaras kannski áfram

Hinn litríki og harðduglegi formaður handknattleiksdeildar ÍBV, Hlynur Sigmarsson, mun stíga úr stóli formanns í lok vertíðar eftir nokkurra ára setu þar sem góður árangur náðist. Það hefur gustað um Hlyn í starfi en enginn efast um heilindi hans og metnað í þágu handboltans og lífsins í Eyjum. Allt bendir til að ÍBV fari upp í úrvalsdeild í karlahandboltanum og standa þessa dagana yfir viðræður við þjálfarann, Savukynas Gintaras, um að hann haldi starfi sínu með liðið áfram. Ekki er enn ljóst hvort ÍBV teflir fram kvennaliði á næstu leiktíð.

**sport**

sport@frettabladid.is

BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON: Á LEIÐ TIL KÍNA EF HANN FÆR VEGABRÉFSÁRITUN

# Í vanda vegna kínversku áramótanna

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær er Birgir Leifur Hafþórsson á leið til Hainan-eyju á Kína þar sem hann mun taka þátt í móti sem er hluti af evrópsku mótaröðinni í golfi. Það er að segja ef honum tekst að fá vegabréfsáritun í tæka tíð.

„Ég vonast til að komast til Kína í næstu viku. Ég er kominn inn á mótið en á enn eftir að redda mér vegabréfsáritun til að koma mér inn í landið. Ég vona að það náist í tæka tíð,“ sagði Birgir Leifur við Fréttablaðið. Hann segir að hann hafi ekki búist við að það tæki svo langan tíma að fá vegabréfsáritun.

„Þetta hefur tekið svo langan tíma vegna kínversku áramótanna. Allar stofnanir hafa verið lokaðar vegna hátíðanna. Það er þó verið að vinna í þessum málum.“

Hann segir það vissulega skemmtilega tilhugsun að fara til fjarlægra landa og keppa meðal sumra bestu kylfinga í heimi. „Þetta verður ný reynsla í bankann. Maður nýtur hvert tækifæri sem maður fær við þessar aðstæður.“



Síðasta mót sem hann keppti á var í Indónesíu en hann er nú aftur kominn til Lúxemborg þar sem hann býr. Hann segir að á heildina litið sé hann sáttur við gengið í Indónesíu.

„Það var nauðsynlegt að fara fjóra hringi til að koma mér í betra leikform. Ég hefði þó viljað enda betur þar sem ég var kominn í góð mál á lokahringnum,“ sagði Birgir sem fór illa að ráði sínu á síðustu fjórum holunum sínum þar sem hann féll niður um rúmlega 30 sæti.

„Ég var kannski orðinn of gráðugur í lokin, ætlaði mér of stóra hluti í stað þess að vera þolinmóður.“

Hann segir að svo löng ferðalög sem fylgi því að taka þátt í mótum í Austurlöndum fjær hafi ekki mikil áhrif á sig. „Í Indónesíu náði ég að hvílast vel fyrstu tvo dagana. Ég býst við því að ég fái ágætan tíma til að undirbúa mig í Kína. Ég fer að minnsta kosti einn æfingahring og undirbý mig eins og ég geri fyrir öll önnur mót.“



**MARKAMETIÐ JAFNAÐ** Margrét Lára Viðarsdóttir hefur nú skorað 22 mörk í 27 A-landsleikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ísland á Algarve Cup 2007:

## Heppnin ekki með stelpunum

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið tapaði 1-2 fyrir Ítalíu í fyrsta leiknum undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar en leikurinn var sá fyrsti af fjórum í Algarve Cup. Ítalir skoruðu sigurmarkið í uppbótartíma.

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði mark Íslands úr vítaspyrnu á lokamínútu fyrri hálfleiks en hún skoraði þar sitt 22. mark fyrir A-landsliðið og jafnaði markamet Ásthildar Helgadóttur. Íslensku stelpurnar fengu góð færi til að bæta Ísland mætir Írlandi á föstudag. **- óój**

Landsbankadeild karla:

## Hugur í Skagamönnum

**FÓTBOLTI Gísli Gíslason, formaður Rekstrarfélags ÍA, fer yfir næstu verkefni nýrrar stjórnar í pistli á heimasíðu félagsins og þar má sjá að mikill hugur er í Skagamönnum þrátt fyrir mikið tap á síðasta ári. Það eru fimm mánuðir síðan nýja stjórnin tók við.**

**Hún þarf að vinna upp verulegt tap á ársreikningi fyrir árið 2006, ætlar sér að styrkja hópinn með tveimur leikmönnum, hefur gert samning við alla leikmenn 2. flokks karla og þá hefur hún komið af stað framkvæmdum við áhorfendastúkuna á Jaðarsbökkum þar sem á að fjölga um 300 sæti í stúkunni.** **- óój**

# Alex afgreiddi Arsenal

**Arsenal er úr leik í Meistaradeildinni eftir 1-1 jafntefli á heimavelli gegn PSV. Man. Utd kláraði sitt verkefni gegn Lille þar sem Henrik Larsson kvaddi með marki. Bayern München lagði síðan Real Madrid.**

**FÓTBOLTI** Í gærkvöldi varð ljóst hvaða lið verða í pottinum í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu en þá kláruðust sextán liða úrslit keppninnar. Óvæntustu úrslit kvöldsins voru á Emirates-vellinum þar sem PSV nældi í óvænt jafntefli og komst þar með áfram. Man. Utd lagði Lille 1-0 og Bayern afgreiddi spænska risann Real Madrid.

Fyrri hálfleikur hjá Man. Utd og Lillle var ágætur þar sem bæði lið fengu nokkur ágæt færi en gekk ekki að nýta þau. Það var því markalaust í leikhléi.

Talsvert fjör var í upphafi síðari hálfleiks og í nokkur skipti skall hurð nærri hælum við mark United en heimamenn sluppu við skrekkinn. Sóknartilburðir þeirra voru merkilega máttlausir og lykilmenn í sókninni ollu vonbrigðum. Ronaldo reif sig upp um miðjan síðari hálfleikinn þegar hann átti frábæran sprett upp kantinn og ekki síðri sendingu fyrir markið þar sem Henrik Larsson stangaði boltann af fagmennsku í markið. Stórkostleg kveðjugjöf frá Svíanum sem var að leika í síðasta skipti fyrir áhorfendur á Old Trafford en hann skoraði einnig í fyrsta leik sínum á vellinum.

Dagskránni var í raun lokið með markinu og leikurinn fjaraði út en þó ekki fyrr en Silvestre hafði líklega farið úr axlarlið eftir



**KVEÐJUGJÖF** Henrik Larsson kvaddi stuðningsmenn United með marki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**SKÚRKUR OG SÍÐAN HETJA** Kvöldið í gær var eftirminnilegt hjá Alex sem skoraði fyrst sjálfsmark og skaut PSV síðan áfram í Meistaradeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

mikla byltu.

Bayern München fékk óskabyrjun gegn Real Madrid er Roy Makaay skoraði eftir aðeins tíu sekúndna leik. Lucio bætti öðru marki við á 65. mínútu og þar með var ballið í raun búið. Van Nistelrooy bætti við marki úr víti þegar skammt var eftir en það var of lítið of seint. Það var þó bætandi fyrir Real Madrid og velta spænskir fjölmiðlar nú mikið fyrir sér framtíð þjálfarans, Fabio Capello.

Arsenal átti erfiðan leik fram undan gegn PSV en fyrri leikur liðanna endaði með 1-0 sigri PSV. Stuðningsmenn Arsenal urðu að bíða í 58 mínútur eftir fyrsta markinu og var lítill glæsibragur af því. Alex sparkaði þá knettinum í eigið net eftir hornspyrnu.

Það var mikil spenna allt til enda í leiknum og það sló þögn á áhorfendur Arsenal þegar sjö mínútur lifðu leiks en þá bætti Alex fyrir sjálfsmarkið með því að jafna. PSV var komið áfram í þessari stöðu og Arsenal þurfti tvö mörk til að komast í átta liða úrslit. Ekkert gekk hjá liðinu því sem eftir lifði og PSV því mjög óvænt komið áfram í átta liða úrslit.

Það var mikil spenna á Ítalíu þar sem AC Milan tók á móti Celtic en fyrri leikur liðanna í Glasgow endaði með markalausu jafntefli. Liðin voru í verulegum vandræðum með finna netmöskvana í leiknum og úr varð að leikurinn var framlengdur. Því miður var framlengingunni ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

henry@frettabladid.is

## ÚRSLIT

*Meistaradeildin:*

| | |
|---|---|
| MAN. UTD-LILLE | 1-0 |

1-0 Henrik Larsson (72.).
*Man. Utd áfram, 2-0 samanlagt.*

| | |
|---|---|
| ARSENAL-PSV EINDHOVEN | 1-1 |

1-0 Alex, sjálfsm. (58.), 1-1 Alex (83.).
*PSV áfram, 2-1 samanlagt.*

| | |
|---|---|
| BAYERN MÜNCHEN-REAL MADRID | 2-1 |

1-0 Roy Makaay (1.), 2-0 Lucio (66.), 2-1 Ruud Van Nistelrooy, víti (83.).
*Bayern áfram, 4-4 samanlagt.*

AC MILAN-CELTIC

Framlenging í gangi þegar Fréttablaðið fór í prentun.

*Þýski handboltinn:*

| | |
|---|---|
| GROSSWALLSTADT-GUMMERSBACH | 26-33 |

**Alexander Petersson** skoraði 5/2 mörk fyrir Grosswallstadt. **Guðjón Valur Sigurðsson** skoraði 5 mörk fyrir Gummersbach og **Róbert Gunnarsson** 4. **Sverre Jakobsson** komst ekki á blað en fékk þó rautt spjald.

| | |
|---|---|
| MAGDEBURG-LEMGO | 30-28 |

**Logi Geirsson** var ekki með Lemgo en **Ásgeir Örn Hallgrímsson** skoraði 3 mörk.

| | |
|---|---|
| DÜSSELDORF-HAMBURG | 27-36 |
| MELSUNGEN-KIEL | 31-46 |

*Meistaradeildin í körfu:*

| | |
|---|---|
| PAU ORTHEZ-LOTTOMATICA | 74-69 |

**Jón Arnór Stefánsso**n skoraði 6 stig og tók 5 fráköst á þeim 19 mínútum sem hann spilaði.

*DHL-deild kvenna:*

| | |
|---|---|
| FRAM-VALUR | 24-20 |
| HK-ÍBV | 33-30 |
| HAUKAR-AKUREYRI | 27-22 |

*Iceland Express-deild kvk:*

| | |
|---|---|
| HAMAR-KEFLAVÍK | 86-82 |

Þýski handboltinn:

## Góður sigur hjá Gummersbach

**HANDBOLTI** Lærisveinar Alfreðs Gíslasonar í Gummersbach létu sárt tap gegn Valladolid ekki koma niður á leik liðsins í gær þegar það sótti Grosswallstadt heim.

Úr varð hörkuviðureign þar sem Gummersbach hafði yfirhöndina nær allan tímann og vann nokkuð öruggan sigur að lokum, 33-26.

Liðið stökk fyrir vikið í þriðja sæti deildarinnar og er aðeins tveim stigum á eftir toppliði Kiel. **- hbg**


**Streita afreksfólks**

**Föstudaginn 9. mars kl. 12:00**

**Dr. Remco Polman frá University of Hull í Englandi mun halda fyrirlestur um íþróttasálfræði og streitu meðal afreksfólks í íþróttum.**

**Frekari upplýsingar á www.isi.is**


Fjölnir berst fyrir lífi sínu í Iceland Express-deild karla í Grafarvogi í kvöld:

## Flott umgjörð í Grafarvoginum í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Fjölnismenn þurfa á öllum stuðningi að halda í lokaleik sínum í Iceland Express-deild karla í kvöld. Liðið þarf að vinna Tindastól og treysta á að Þór tapi fyrir Njarðvík svo að Grafarvogsbúar eigi áfram lið í hópi þeirra bestu. Það verður líka mikið gert til þess að skapa sem bestu stemninguna á leiknum.

Heil hljómsveit verður á leiknum og mun hún spila stórskemmtileg lög í upphitun fyrir leik sem og í hálfleik. Stelpurnar munu sjá um andlitsmálningu og Dj-Cut verður á staðnum. Fulltrúar bekkja í grunnskólum munu taka þátt í skotkeppni þar sem sigurvegarinn fær pitsuveislu og það er búist við að krakkarnir í Grafarvogi fjölmenni á leikinn.







brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**ÁTTA SIGRAR Í RÖÐ** Arnór Atlason og félagar í FCK eru til alls líklegir í dönsku úrvalsdeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Danski handboltinn:

## Arnór og félagar á toppinn

**HANDBOLTI** Arnór Atlason og félagar í FCK Håndbold unnu 31-24 útisigur á Helsingør í dönsku úrvalsdeildinni í handbolta og var Arnór markahæstur í liðinu með sex mörk.

Þetta var áttundi sigur liðsins í röð og FCK er nú komið aftur á topinn í deildinni. Liðið er með jafnmörk stig og KIF Kolding en á auk þess leik inni en þessi tvö lið eru í nokkrum sérflokki með sjö stigum fleira en liðið í þriðja sæti.

Arnór hefur skorað 104 mörk í 15 leikjum, hann er í fimmta sæti yfir heildarmörk en í 2. sæti yfir flest mörk að meðaltali (6,9) en Arnór hefur leikið færri leiki en þeir sem eru fyrir ofan hann á listanum. - óój

Sextándi sigur Dallas í röð:

## Öryggir í úrslitakeppnina

**KÖRFUBOLTI** Sigurganga Dallas í NBA-deildinni heldur áfram og liðið vann sinn 16. sigur í röð gegn New Jersey, 102-89, í fyrrinótt og varð um leið fyrsta liðið til þess að tryggja sér sæti í úrslitakeppninni.

Dallas hefur unnið 51 af fyrstu 60 leikjum sínum í vetur og má tapa 22 síðustu leikjunum án þess að það hafi af þeim úrslitakeppnina. Sigurinn var jafnframt 23. heimasigurinn í röð.

Dirk Nowitzki var með 22 stig og 11 fráköst og Erick Dampier var með 12 stig og 14 fráköst en Dallas hefur unnið 15 af 16 leikjum sínum á tímabilinu þegar þessi stóri og stæðilegi miðherji hefur skorað 10 stig eða meira. - óój

Knattspyrnusamband Evrópu mun rannsaka slagsmálin sem brutust út að leik Valencia og Inter loknum:

# Navarro er fullur iðrunar eftir slagsmálin

**FÓTBOLTI** Heljarinnar slagsmál brutust út á meðal leikmanna Valencia og Inter að leik liðanna í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu loknum. Mestu lætin urðu eftir að varamaður Valencia, David Navarro, sló til og nefbraut Argentínumanninn Nicolas Burdisso. Margir leikmenn blönduðu sér í slagsmálin sem náðu alla leið inn í búningsklefa heimamanna. Þar reyndu leikmenn Inter að berja sér leið inn að Navarro.

„Ég hef aldrei hagað mér á þennan máta áður og mun aldrei gera aftur. Ég er afar miður mín og skammast mín mikið,“ sagði Navarro í útvarpsviðtali í gær. „Ég sá að þeir voru að reyna að ráðast á liðsfélaga minn og bara missti stjórn á skapinu. Ég hef ekki séð myndir af þessu né heldur viðbrögð leikmanna Inter í okkar búningsklefa, ég var í öðru herbergi.“

Francesco Toldo, markvörður Inter, fór í búningsklefa Valencia og þeir Luis Figo og Esteban Cambiasso reyndu að fylgja honum inn.

Talsmaður Knattspyrnusambands Evrópu, UEFA, sagði í gær að rannsókn myndi hefjast á atvikinu og niðurstaðna að vænta á fundi aganefndar sambandsins 22. mars. Leiknum lyktaði með markalausu jafntefli á Mestalla-leikvanginum, heimavelli Valencia. Fyrri leiknum lauk með 2-2 jafntefli og fór því Valencia áfram á fleiri mörkum skoruðum á útivelli.

Roberto Mancini, stjóri Inter, sagði að Navarro væri heigull.



**ÖLLUM BRÖGÐUM BEITT** Leikmenn Inter og Valencia beittu öllum brögðum í slagsmálunum. NORDIC PHOTOS/AFP

„Ég hef séð upptökur af atvikinu og ekki hægt að kalla mann neitt annað þegar hann kýlir mann og hleypur svo í burtu.“ - esá

# Hverjir mætast og hverjir falla?

**KR og Skallagrímur keppa um annað sætið og Snæfell þarf að vinna sinn fyrsta sigur í Keflavík til að tryggja sér þriðja sætið. Fjölnir og Þór úr Þorlákshöfn spila hins vegar fyrir lífi sínu í deildinni.**

**KÖRFUBOLTI** Lokaumferð Iceland Express-deildar karla fer fram í kvöld þegar sex síðustu leikirnir fyrir úrslitakeppnina fara fram. Það er þegar ljóst hvaða átta lið komast í úrslitakeppnina og að Haukar eru fallnir í 1. deild. Það ræðst aftur á móti í kvöld hvernig liðin raðast upp í sæti og þar með hvaða lið mætast í átta liða úrslitunum sem hefjast eftir viku.

Njarðvíkingar eru þegar búnir að taka við deildarbikarnum en hafa að miklu að keppa samt í Þorlákshöfn í kvöld. Með því að vinna 15. sigurinn í röð geta þeir orðið fyrsta liðið sem vinnur svo marga leiki í röð fyrir úrslitakeppni frá því að deildin tók núverandi mynd haustið 1996. Það eru enn fremur aðeins tvö lið (Njarðvík 1995 og Njarðvík 1996) sem hafa komið inn í úrslitakeppni með fleiri sigurleiki í röð en Njarðvík vann 23 síðustu deildarleiki sína 1995 og 17 síðustu leiki sína fyrir úrslitakeppni ári síðar.

KR og Skallagrímur eiga bæði möguleika á 2. sætinu í kvöld en Snæfell getur aldrei komist ofar en í 3. sætið sem þar sem er nú því félagið tapaði báðum leikjum sínum á móti KR. Skallagrímur vann hins vegar báða leikina við KR og hreppir því 2. sætið, vinni félagið ÍR og KR tapar á heimavelli á móti Grindavík. KR-ingar hafa unnið átta heimaleiki í röð og eru því erfiðir heim að sækja.



**KOMNIR MEÐ BIKARINN** Njarðvíkingarnir Jóhann Árni Ólafsson og Egill Jónasson með deildarbikarinn sem Njarðvík vann þegar tveir leikir voru eftir af Iceland Express-deildinni. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Snæfell þarf að vinna Keflavík í Keflavík í fyrsta sinn ætli félagið sér að gulltryggja þriðja sætið. Snæfell er með betri innbyrðisstöðu á móti Skallagrími eftir 10 stiga sigur í síðustu umferð en verði öll þrjú liðin jöfn detttur félagið niður í 4. sætið, Skallagrímur hreppir 2. sætið og KR verður númer þrjú.

Grindavík á enn möguleika á að stela 5. sætinu af Keflavík eftir 17 stiga sigur í leik liðanna í síðustu umferð en til að svo verði þarf liðið að vinna KR á útivelli á sama tíma og Keflavík tapar heima á móti Snæfelli. Keflavík hefur unnið alla 12 deildarleiki sína á móti Snæfelli í Sláturhúsinu og það þarf því söguleg úrslit ætli Grindvíkingar að komast upp fyrir nágranna sína.

Bikarúrslitaliðin ÍR og Hamar/Selfoss eru niðurnegld í 7. og 8. sætinu og Tindastóll verður í 9. sætinu en fallbaráttan er enn í fullum gangi þótt Haukar sé fallnir úr deildinni í fyrsta sinn í 24 ár. Þór úr Þorlákshöfn og Fjölnir úr Grafarvogi spila fyrir líf sínu í kvöld, Þór fær deildarmeistara Njarðvíkur í heimsókn og verður að vinna eða treysta á að Fjölni takist ekki að vinna Tindastól á heimavelli. Ef Fjölnir nær Þór að stigum eru þeir ofar á betri árangri í innbyrðisviðureignum eftir að hafa unnið 11 stiga sigur í framlengdum leik liðanna á dögunum. ooj@frettabladid.is






Fyrsta mark Eiðs Smára í 540 mínútur:

# Okkur skorti vinnusemi og fórnfýsi

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen átti frábæra innkomu inn í lið Barcelona á Anfield í Meistaradeildinni á þriðjudagskvöldið en sigurmark hans dugði ekki til þess að tryggja Barcelona sæti í átta liða úrslitum. Það endaði hins vegar markaþurrk okkar manns sem skoraði þarna sitt fyrsta mark á árinu 2007.

Spænska dagblaðið Sport hefur eftir Eiði að hann telji að Börsunga hafi skort bæði vinnusemi og fórnfýsi fyrir liðið og félaga sína. „Við erum með hæfileikaríkari leikmenn heldur en þeir. En ef við fórnum okkur ekki allir fyrir liðið og sýnum agaðan leik og vinnusemi duga hæfileikarnir einir skammt. Það er erfitt að þurfa að sækja á Anfield og ætla að skora tvö mörk. En ef við leggjum jafn hart að okkur og andstæðingurinn getur ekkert lið unnið okkur,“ sagði landsliðsfyrirliðinn.

Það voru liðnar 540 mínútur síðan hann skoraði síðast, í 4-0 sigri á America í Heimsbikarkeppni félagsliða 14. desember síðastliðinn. Eiður Smári hafði síðan leikið 12 leiki með Barcelona, þar af 5 þeirra í byrjunarliðinu. Eiður Smári skoraði markið með glæsilegum hætti og það var greinilegt að okkar maður hefur æft aukalega og er því kominn í hörkuform þótt tækifærin hjá Frank Rijkaard hafi ekki verið mörg að undanförnu.




**ÞEIR FÉLLU MEÐ SÆMD** Mark Eiðs Smára var á forsíðu eins stærsta íþróttablaðsins á Spáni, Sport.

Eiður Smári hefur aðeins fengið að spila í samtals 92 mínútur í síðustu tíu leikjum liðsins en eftir markið laglega á þriðjudaginn hlýtur hann að fá að spila stærra hlutverk í næstu leikjum liðsins. - óój


MIÐASALA Í SÍMA 568 8000
OG Á WWW.BORGARLEIKHUSID.IS
VesturPort
BORGARLEIKHÚSIÐ
ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
FRUMSÝNING 10. MARS
SÝNINGAR 11, 17, 22, 23, 29, 30 OG 31 MARS
THEODÓR JÚLÍUSSON
MAGNÚS ÓLAFSSON
KRISTBJÖRG KJELD
PÉTUR EINARSSON
HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR
ÓMAR RAGNARSSON
SKAPTI ÓLAFSSON
Landsbankinn
Deloitte.
Leikstjóri Gísli Örn Garðarsson | Handrit Gísli Örn Garðarsson og Víkingur Kristjánsson | Leikmynd Börkur Jónsson
Tónlistarstjóri Pálmi Sigurhjartarson | Ljós Halldór Örn Óskarsson | Búningar Stefanía Adolfsdóttir

### > HUGH LAURIE

Breski grínistinn, leikarinn og rithöfundurinn Hugh Laurie fæddist árið 1959. Hann nam mannfræði og fornleifafræði við Selwyn í Cambridge og tók þátt í róðrarkeppnum á námsárum sínum enda hafði faðir hans unnið ólympísk gullverðlaun í róðri. Á fyrsta ári í háskóla átti Hugh í ástarsambandi við leikkonuna Emmu Thompson. Hugh er þekktastur fyrir sjónvarpsverk sín en hann hefur einnig skrifað metsölubókina The Gun Seller. Á síðustu árum hefur Laurie leikið í dramatískum sjónvarpsþáttum og var tilnefndur til Emmy-verðlaunanna fyrir leik í þáttunum House sem Skjár einn sýnir nú í kvöld kl. 22.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINI SIGURÐSSYNI FINNST ALLT ANNAÐ AÐ HORFA Á FRJÁLST RÚV

# *Veröld ný og góð á RÚV*

Hvílíkur munur það er að hlusta og horfa á RÚV eftir að því var breytt í hlutafélag. Þetta er allt annað líf. Maður heyrir það einhvern veginn á dagskrárgerðarfólkinu hvað því er létt að vera sloppið undan hinu þunga andrúmslofti sem fylgir ríkisstofnunum óneitanlega; komin gleðileg sönglandi í raddir þulanna, bros þeirra eru innilegri og umsjónarmenn Spegilsins orðnir ennþá hlýlegri (ég bið alltaf eftir að einhver þeirra geri hlé á máli sínu og bjóði mér í nefið). Grasið er grænna í Ensku mörkunum, brandararnir fyndnari í Spaugstofunni, lægðirnar dýpri í Veðurfréttunum. Ég bið ekki um mikið meira.

Því miður ber yfirleitt svo við að ég sé



aðeins bláþyrjunina á Kastljósi áður en ég þarf að rjúka annað. Um daginn skilst mér að í þáttinn hafi komið franskur lýtalæknir sem græddi nýtt andlit á íslenskan alþingismann í beinni útsendingu. Mögulega misskildi ég kynninguna.

Á dögunum tók ég upp á því að hlusta á Víðsjá á meðan ég skokka síðdegis. Ekki veit ég hvers vegna en ég fæ alltaf miklu meiri hlaupasting en vanalega þegar ég hlusta á Víðsjá, til dæmis um daginn þegar Guðni Tómasson talaði um hneigðir Richards Wagner til að klæðast kvenmannskjólum og þegar Eiríkur Guðmundsson skautaði yfir þýðingar Geirs Kristjánssonar á rússneskum skáldjöfrum. Ég mæli ekki með víðavangshlaupum undir því.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10 Hálandahöfðinginn** RÚV



▶ **22.00 The Four Feathers** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00 KF Nörd** SIRKUS



▶ **20.30 Malcolm in the Middle** SKJÁREINN



▶ **20.05 Meistarinn** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.50 Íþróttakvöld** Endursýndur þáttur frá miðvikudagskvöldi.
**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** Endursýndur þáttur frá sunnudegi.
**18.25 Ævintýri Kötu kanínu** (1:13)
**18.40 Að passa ömmu** Leikin þýsk barnamynd. e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.10 Hálandahöfðinginn** (3:6)
Breskur myndaflokkur um ungan gósserfingja í skosku Hálöndunum og samskipti hans við sveitunga sína.
**21.05 Lithvörf** (9:12)
Að þessu sinni er rætt við Hauk Halldórsson teiknara með meiru. Dagskrárgerð: Jón Axel Egilsson.
**21.15 Aðþrengdar eiginkonur**
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Sporlaust** (14:24)
Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Lífsháski** (Lost)
Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
**23.55 Kastljós**
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Shaolin Soccer**
**08.00 Spider-Man 2**
**10.05 Frog og Wombat**
**12.00 Trail of the Pink Panther**
**14.00 Spider-Man 2**
**16.05 Frog og Wombat**
**18.00 Trail of the Pink Panther**
**20.00 Shaolin Soccer**
▶ **22.00 The Four Feathers**
Stórbrotin kvikmynd um hetjudáð og hugrekki. Aðalhlutverk. Heath Ledger, Wes Bentley, Kate Hudson.
**00.10 May**
**02.00 Malicious Intent (Civility)**
**04.00 The Four Feathers**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.00 Commander In Chief** (6:18)
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Amazing Race** (6:14)
**10.50 Whose Line Is it Anyway?**
**11.15 Sisters** (4:7) (e)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Valentína**
**13.55 Valentína**
**14.40 Curb Your Enthusiasm** (10:10)
**15.25 Eldsnöggt með Jóa Fel** (4:6)
**15.50 Skrímslaspilið**
**16.13 Tasmanía**
**16.33 Myrkfælnu draugarnir** (38:90)(e)
**16.48 Barney**
**17.13 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.23 Pingu**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (14:22)
▶ **20.05 Meistarinn**
**20.55 Studio 60** (9:22)
Spánnýr bandarískur framhaldsþáttur með Matthew Perry úr Friends í aðalhlutverki sem fengið hefur frábærar viðtökur vestanhafs.
**21.40 Standoff**
Nýir spennuþættir með Ron Livingston úr Beðmálum í borginni og Rosemarie DeWitt úr Rescue me. 2006.
**22.25 Murder in Suburbia** (6:6)
**23.15 American Idol** (14:41)
**00.05 American Idol** (15:41)
**01.00 American Idol** (16:41)
**01.45 Medium** (5:22)
**02.30 Ovosodo**
**04.10 Bones** (5:22)
**04.55 The Simpsons** (14:22) (e)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** (1:24) (e)
Georg byrjar að leita sér að vinnu og kemst í viðtal og Jerry grunar að Banya sé að verða vinsælli en hann. Kramer prófar nýja tegund af raksápu sem er reyndar smjör og Elaine hættir með kærastanum í flugvél yfir Atlantshafinu.
**20.00 Entertainment Tonight**
Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
**20.30 My Name Is Earl 2 - NÝTT**
Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinsælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!
▶ **21.00 KF Nörd** (8:15)
Þættirnir um íslensku nördana í Knattspyrnufélaginu Nörd hafa slegið í gegn.
**21.45 Chappelle´s Show**
Önnur serían af þessum vinsælum gamanþáttum þar sem Dave Chappelle lætur allt flakka.
**22.15 Insider**
Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bak við heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum.
**22.40 The Nine** (e)
**23.30 Supernatural** (4:22)
**00.20 Seinfeld** (1:24) (e)
**00.45 Entertainment Tonight** (e)
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla** Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**13.30 2006 World Pool Championships** (e)
**15.15 Vörutorg**
**16.15 Fyrstu skrefin** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Game tíví**
**20.00 Everybody Hates Chris** (3:22)
Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum.
▶ **20.30 Malcolm in the Middle** (7:22)
**21.00 Will & Grace** (2:23)
Karen er í uppnámi eftir endurkomu eiginmannsins og Will reynir að hjálpa henni.
**21.30 Still Standing** (12:23)
Þriðja þáttaröðin í þessari bráðskemmtilegu gamanseríu um hjónakornin Bill og Judy Miller og börnin þeirra þrjú.
**22.00 House** (10:24)
Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Britain's Next Top Model** (e)
**01.05 C.S.I.** (e)
**01.55 Vörutorg**
**02.55 Beverly Hills 90210** (e)
**03.40 Melrose Place** (e)
**04.25 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Ítölsku mörkin** (e)
**14.00 Newcastle - Middlesbrough** (3. mars)
**16.00 Sheff. Utd. - Everton** (frá 3. mars)
**18.00 West Ham - Tottenham** (4. mars)
**20.00 Liðið mitt** (e)
**21.00 Liverpool - Man. Utd.** (3. mars)
**23.00 Liðið mitt** (e)
**00.00 Að leikslokum** (e)
**01.00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

### Meistarinn



Í kvöld verður æsispennandi viðureign í Meistaranum þegar blaðamennirnir Illugi Jökulsson og Bryndís Sveinsdóttir mætast. Illugi Jökulsson er 47 ára gamall landskunnur grúskari sem á að baki áratuga langa reynslu af fjölmiðla- og ritstörfum. Bryndís er 29 ára gömul og hefur lagt stund á nám í bókmenntafræði og sálfræði auk þess að starfa sem blaðamaður hjá Morgunblaðinu.

### ▶ Við mælum með The Four Feathers Stöð 2 Bíó kl. 22.00

Stórbrotin kvikmynd um hetjudáð og hugrekki. Sögusviðið er Afríka í lok 19. aldar en Harry Faversham er foringi í breska hernum. Hann lætur af störfum skömmu fyrir mikilvæga orrustu og er uppsögn hans túlkuð sem heigulsháttur. Kærasta Harrys og vinir færa honum fjórar hvítar fjaðrir að gjöf sem eru tákn um aumingjaskap en foringinn fyrrverandi er í þann mund að sýna að hann er raunveruleg hetja. Aðalhlutverk leika Heath Ledger, Wes Bentley og Kate Hudson.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Snorrabraut 7
**14.30** Hlustir
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.27** Óperukvöld Útvarpsins: Orfeus eftir Claudio Monteverdi.
**22.15** Lestur Passíusálma
**22.22** Þættir úr íslenskri leikritun: Leikarinn sem leikskáld
**23.15** Hlaupanótan
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

**15.50 Meistaradeild Evrópu - endurs.**

**17.30 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

**18.00 PGA Tour 2007 - Highlights**
(Honda Classic) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum.

**18.55 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**19.20 UEFA cup leikir**
(Newcastle - AZ Alkmaar) Bein útsending.

**21.20 FA Cup - Preview Show 2007**

**21.50 Augusta Masters Official Film**
Þáttur um hið frábæra Masters mót.

**22.45 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

**23.15 Þýski handboltinn**
(Þýski handboltinn 2006-07 - samantekt)

**23.45 UEFA cup leikir**
(Newcastle - AZ Alkmaar) Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða í knattspyrnu.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Peter Pedal **6.30** Det, der med børn **7.00** Magnus og Myggen **7.15** Rubbadubbers **7.30** Hvad er det værd **8.00** Italienske fristelser **8.30** Nyheder fra Grønland **9.00** Viden om **9.30** Attention Mobning **10.00** DR-Derude i Kina **10.30** Hammerslag **11.00** TV Avisen **11.10** Penge **11.35** Grøn glæde **12.00** Kongehuset **12.25** Aftenshowet **13.20** Mission integration **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** SPAM **14.30** Boogie Update **15.00** Liga **15.30** En fugl i huset **15.35** Frikvarter **16.00** Barda **16.30** Fandango - med Signe **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Vores planet **20.00** TV Avisen **20.25** Task Force **20.50** SportNyt **21.00** Wicker Park **22.50** Flemmings Helte **23.05** Det Vildeste Westen **23.20** Den 11. time **23.50** Liga

## NRK 1

**9.05** Forbrukerinspektørene **9.30** Perspektiv: Familien i forandring **9.45** V-cup skiskyting **10.00** Siste nytt **10.05** V-cup skiskyting **11.00** Siste nytt **11.05** V-cup skiskyting **11.20** Distriktsnyheter **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** V-cup skiskyting **13.00** Siste nytt **13.05** V-cup skiskyting **14.00** Siste nytt **14.05** Lyoko **14.30** Zombie hotell **15.00** Siste nytt **15.03** Pysj-klubben **15.30** Dunder **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Jan i naturen **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Den lille blå dragen **17.10** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Skikk og bruk for hunden **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Størst av alt **21.30** Hjerte til hjerte **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kulturnytt **22.20** Urix **22.50** Graven **23.45** MAD TV

## SVT 1

**8.30** Lilla löpsedeln **8.45** Runt i naturen - Alice i Energilandet **8.55** Banderoll **9.10** Mellan raderna **9.15** Runt i naturen **9.20** Sila tugget! **9.30** Morfis kod, ett matteäventyr **9.45** Runt i naturen - Hönsrumpa och koföttер **9.55** Runt i naturen - Hönsrumpa och kofötter **10.05** Runt i naturen - Hönsrumpa och kofötter **10.15** Runt i naturen **10.25** Runt i naturen - Alice i Energilandet **10.35** Safari Europa **10.40** Safari Europa **11.00** Rapport **11.05** Argument **14.00** Packat & klart **14.30** Prins Joachims Schackenborg **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Karamelli **16.30** Pi **16.45** Sagoträdet **17.00** Nalle har ett stort blått hus **17.25** Dagens visa **17.30** Undringar **17.35** Ozzy och Drix **18.00** Lilla Aktuellt **18.15** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Människan v2.0 **21.00** Tunn is **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Uppdrag Granskning **23.20** Entourage **23.50** Sändningar från SVT24


w w w . i s l a n d . i s

# Veistu hvert þú átt að leita?

Þjónustuveitan Ísland.is (www.island.is) með heildstæðum upplýsingum um þjónustu ríkis og sveitarfélaga var opnuð 7. mars.

Ísland.is verður kynnt á ráðstefnunni Nýtum tímann – notum tæknina, sem haldin er 8. mars, og á sýningunni Tækni og vit í Fífunni, Kópavogi, 8.–11. mars.



island.is
*Hvar, hvernig, hvert?*

Himinn og haf / SÍA

## MORGUNMATURINN



*„Ég byrja alltaf á að fá mér vatnsglas, og því næst gulrótarsafa. Með því tek ég lýsi og vítamín, og svo bý ég mér til kaffi latte. Þá er ég nógu mikið vöknuð til að ákveða hvort ég nenni að gera hafragraut, sem ég set rúsínur og epli eða eitthvað sem ég á af góðum ávöxtum út í, og stundum kanil."*

Kristín Steinsdóttir rithöfundur.

# Svefndrukkinn Ari Matt klessti bílinn

„Ég var búinn að vera vakandi alla nóttina og var á leiðinni í vinnuna. Kom út af mölinni og á malbik en gerði mér enga grein fyrir hálkunni og keyrði út af," segir Ari Matthíasson, framkvæmdastjóri SÁÁ. En hann varð fyrir því óláni að keyra Renault-bifreið út af skammt frá Kaldárseli. Bíllinn var allur beyglaður og brotinn en Ara varð ekki meint af. Hann gat keyrt bifreiðina í bæinn þar sem hún bíður nú viðgerðar.

Ari var að leika í kynningarmyndinni Örstutt jól sem er ætlað að kynna og afla fjár fyrir kvikmyndina Rauð jól sem á að vera fyrsta íslenska splatter-myndin. Ari leikur Gylfa meðferðarfulltrúa sem fer með hóp ungmenna á heimili yfir jólin en þau eiga það öll sameiginlegt að hafa átt í erfiðleikum með áfengi og fíkniefni. Og ferðin er hugsuð til að halda þeim frá Bakkusi og bullinu yfir hátíðirnar. „En þau hitta því miður á röng jól," segir Ari en í myndinni eru leikarar aflimaðir, afhausaðir og bókstaflega rifnir á hol. „Það var því mikið blóðgos þarna um helgina," bætir Ari við. Tökustaðurinn kann að koma mörgum spánskt fyrir sjónir, sjálfar sumarbúðir KFUM og K þar sem boðskapur séra Friðriks Friðrikssonar um náungakærleik er í hávegum hafður.



**ARI MATT** Framkvæmdastjóri SÁÁ leikur Gylfa meðferðarfulltrúa í kynningarmyndinni Örstutt jól.

Árni og Ari eru því orðnir nokkuð gott teymi því nýlega vann Icelandair-auglýsingin verðlaun sem besta sjónvarpsauglýsing ársins á árlegri uppskeruhátíð ÍMARK. Árni leikstýrði henni en Ari var, eins og margir eflaust muna, ákaflega eftirminnilegur í hlutverki dagdrauma-náungans. „Já, kannski að maður verði alltaf fyrsti valkostur hjá honum," segir Ari. - fgg



**ÁRNI JÓNSSON** Ætlar að búa til fyrstu íslensku splatter-myndina, sem ber heitið Rauð jól.



**LÁRÉTT**
**2** nótt **6** eldsneyti **8** klæðalaus **9** svelg **11** núna **12** nes **14** þarma **16** nafnorð **17** hætta **18** erlendis **20** vörumerki **21** sjúkdómur.
**LÓÐRÉTT**
**1** sýking **3** í röð **4** kassa **5** traust 7 æðibunugangs **10** líða vel **13** æxlunarkorn **15** svari **16** nudda **19** ryk.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** nátt, **6** mó, **8** ber, **9** iðu, **11** nú, **12** tangi, **14** garna, **16** no, **17** ógn, **18** úti, **20** ss, **21** asmi. **LÓÐRÉTT: 1** smit, **3** áb, **4** tenings, **5** trú, **7** óðagots, **10** una, **13** gró, **15** ansi, **16** núa, **19** ím.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Sjálfstæðisfl. og Vinstri græn
2. Gana
3. Hólmsteinska









EVA DÖGG: Á EIGIN ÁBYRGÐ VILJI FÓLK SJÁ KLÁM Í FERMINGARMYND

# Frú Kolbeins klagar Smáralind fyrir klám

„Undirrituð og eiginmaður hennar hafa sent Umboðsmanni barna erindi vegna forsíðunnar á fermingarbæklingi Smáralindar," segir Guðbjörg Hildur Kolbeins, doktor í fjölmiðlafræði og lektor í fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands, á póstlista Femínistafélagsins. Og vill fá fram viðbrögð femínista við forsíðu bæklingsins.

Á bloggsíðu sinni fer Guðbjörg Hildur svo afar hörðum orðum um forsíðuna: „Á forsíðunni má sjá unga stúlku á háum hælum í velþekktri stellingu úr klámmyndum," segir doktor Guðbjörg og skilur ekki hvernig þeim sem stóðu að þessum bæklingi datt í hug að blanda saman táknum saklausrar barnæsku og stellingum úr klámmyndum. Útleggingar doktorsins á því hvað hún ímyndar sér að gerist í framhaldinu af þessari klámfengnu stellingu fermingarstúlku eru of dónalegar til að Fréttablaðið birti slíkt. En áhugasömum er bent á síðu Guðbjargar Hildar (kolbeins.blog.is).




**FORSÍÐAN UMDEILDA** Doktor í fjölmiðlafræði hefur nú sent erindi til umboðsmanna barna vegna hennar.

Markaðsstjóri Smáralindar er Eva Dögg Sigurgeirsdóttir og hún ber ábyrgð á bæklingnum sem er sá sjöundi sem Smáralind gefur út. Henni hafði verið bent á ummæli Guðbjargar Hildar í gær og var brugðið mjög. „Þetta kom mér verulega á óvart. Ég hef ekki hugmyndaflug í svona. Ég er farin að hafa af því áhyggjur hvert þetta þjóðfélag er að stefna. Þetta er fermingarbarn og hún sér bara einhvern sora út úr þessu. Það hlýtur að vera á hennar ábyrgð," segir Eva Dögg.

Bæklingurinn er hannaður af Ennemm auglýsingastofu og Eva Dögg segist hafa séð svipaða mynd af Línu Langsokki sem hún telur hönnuðinn vera að vísa til.

„Mér finnst hryggilegt að fólk skuli lesa svona nokkuð í þessa mynd. Veit bara hreinlega ekki hvað skal segja. Þetta er eitthvað sjúkt inni í hugarfylgsnum þeirra sem vilja lesa slíkt út úr mynd sem þessari."

Guðbjörg Hildur segir í túlkun sinni á táknfræðinni sem hún sér búa að baki myndinni að þar sé blandað saman sakleysi barnæskunnar ... „(stúlkan er umkringd böngsum og loðdýrum) við tákn úr klámi (líkamsstellingin, opni munnurinn og háu hælarnir). Útkoman verður hin saklausa hóra, hin hreina mey sem í einni svipan verður klámmyndadrottning."

Hún segir að slík notkun á táknum sé flestum fullorðnum vel kunnug og spyr hvort slík notkun á táknum sé viðeigandi á bækling sem er ætlaður fermingarbörnum.

Að sögn Evu Daggar eru engin áform uppi í Smáralind um að bregðast við umkvörtunum Guðbjargar Hildar Kolbeins á einn eða annan hátt. „Þetta er ekki svaravert," segir Eva Dögg.

jakob@frettabladid.is



**GUÐBJÖRG HILDUR KOLBEINS** Segir hina hreinu mey verða í einni svipan að klámmyndadrottningu.



**EVA DÖGG SIGURGEIRSDÓTTIR** Telur að þeir sem lesi einhvern sora út úr fermingarmyndinni hljóti að vera sjúkir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Magna Ásgeirssyni** var boðið að hita upp fyrir gítarleikara Rock Star: Supernova, **Gilby Clarke**, á ferðalagi hans um Kanada. Dagskráin var þétt, tónleikar nánast upp á hvern einasta dag en töluvert var fjallað um tilboðið á heimasíðu Magna, **Magni-ficent.com.** Voru aðdáendur söngvarans nokkuð spenntir eftir að sjá Magna á sviði en því miður fyrir þá birtist hann sjálfur í umræðuþræðinum og útskýrði fyrir nærstöddum að hann hafi þurft að hafna tilboðinu. „Ég verð nefnilega að túra um Ísland með hljómsveitinni minni **Á móti sól**," skrifar Magni.





Ærslabelgjatríóið Strákarnir virðast hafa stokkið út í djúpu laugina með raunveruleikaþætti sínum Leitin en þar verður reynt að finna arftaka þeirra **Sveppa**, **Audda** og **Péturs Jóhanns**. Sannkölluð sprengja átti sér stað í skráningu fyrir þáttinn og nú þegar hafa þúsund manns skráð sig. Þetta er framar öllum vonum þeirra félaga og í raun hefur litli þátturinn, sem félagarnir bjuggust við að Leitin yrði, breyst í einhvers konar skrímsli. Fyrstu áheyrnarprufurnar verða á Hótel KEA í dag en síðan verður haldið aftur á mölina fyrir sunnudag þar sem síðustu sætin verða fyllt á Hótel Loftleiðum.

Og ferðatilhögun bandaríska stórleikarans **Leonardo DiCaprio** breytist dag frá degi. Erfiðlega gengur að fá nákvæma tímasetningu komudagsins og eru starfsmenn **True North** þöglir sem gröfin. Útgefendur **Vanity Fair** eru smeykir við að gefa upp langtímaáætlun af ótta við ágang aðdáenda leikarans enda ríkir íðulega mikil spenna um forsíðu tímaritsins, mega varla hugsa til þess að stutt myndbrot birtist á vefnum sem gæti eyðilagt hið óvænta fyrir lesendum þeirra. - fgg



# Kristín leikstýrir með Vesturporti

„Við höfum verið að gera heilmikið saman," segir Gísli Örn Garðarsson leikstjóri um samstarf sitt við Kristínu Ólafsdóttur, eiginkonu athafnamannsins Björgólfs Thors Björgólfssonar. Kristín er aðstoðarleikstjóri söngleiksins Ást sem frumsýndur verður í Borgarleikhúsinu á laugardag.

Söngleikurinn er eftir Víking Kristjánsson og Gísla Örn Garðarsson sem jafnframt er leikstjóri. Það er Vesturport sem setur söngleikinn upp í samvinnu við Leikfélag Reykjavíkur. Með aðalhlutverkin fara margir af helstu leikurum landsins og nægir þar að nefna Kristbjörgu Kjeld og Magnús Ólafsson en eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu leikur verðandi þingframbjóðandinn Ómar Ragnarsson eitt aðalhlutverkanna.

Gísli Örn segir að samstarf Vesturports og Kristínar eigi sér nokkuð langan aðdraganda. „Hún framleiddi myndina Love is in the Air sem fjallaði um ferð Vesturports til London þegar Rómeó & Júlía var sett upp," segir Gísli en segja má að verkið hafi komið íslenskri leikhúsmenningu á kortið á Englandi. „Þá var hún einnig einn af framleiðendum kvikmyndanna Barna og Foreldra," bætir hann við.

Gísli segir að hann hafi lengi gengið með hugmyndina um ástir á elliheimilinu í maganum og viðraði hana öðru hvoru við Kristínu. „Hún sýndi þessu mikinn áhuga og vildi í raun strax fá að vera með," útskýrir Gísli og bætir við að Kristín hafi gjarnan viljað reyna sig við leikhúsið eftir að hafa aðallega einbeitt sér að kvikmyndagerð. - fgg



**GÍSLI ÖRN GARÐARSSON** Nýtur liðsinnis Kristínar Ólafsdóttur í verkinu Ást sem frumsýnt verður 10. mars í Borgarleikhúsinu.



**KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR** Hefur áður leikstýrt heimildarmyndinni How do you like Iceland? og var einn framleiðenda Barna og Foreldra.

# Eitt líf – njótum þess

Betra BAK



HOLLANDIA INTERNATIONAL THE SLEEP ENGINEERING CENTER



## Settu þig í stellingar fyrir betri svefn

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér. Með stillanlegu rúmunum frá Tempur er allt gert til þess að hjálpa þér að ná hámarksslökun og þannig dýpri og betri svefni.

TEMPUR




## Aðeins frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarks slökun, hvíld og svefni sem er lykilinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

TempraKON®




## Sængin sem breytir öllu

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.
Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni.
Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.

## Svefnsófar með heilsudýnu




Svefnsófar með MicroFiber áklæði í mörgum litum og stærðum.




Betra BAK

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

**www.betrabak.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Ókeypis lögfræðiaðstoð alla fimmtudaga
milli 19:30 - 22:00 í síma 551-1012




**BAKÞANKAR**


DR. GUNNA


## *Fagra kvenveröld*

Það er allt í steik. Þetta vitum við öll, og stundum eftir að maður hefur hlustað á fréttirnar finnst manni óhugsandi að hér verði mannapar á kreiki eftir tvö hundruð ár. Að minnsta kosti ekki mannapar í jakkafötum. Græðgi, gróðurhúsaáhrif og almenn vitleysa verður örugglega búin að útrýma tegundinni, eða breyta í stökkbreytt grey sem vafra um leifar stórborga veifandi frumstæðum kylfum.

**ÞVÍ** held ég að eina von mannkynsins sé að láta konurnar taka við stjórnartaumunum á öllum mögulegum sviðum. Skítt með jafnrétti – konur eiga betra skilið eftir árþúsundalanga undirokun. Með óskoruðu einræði tekst konum örugglega að stýra heiminum inn í fagra nýja kvenveröld þar sem hunang drýpur af hverju strái.

**ÞVÍ** auðvitað eru það vitlausir karlpungar sem bera ábyrgð á stöðunni í dag. Hvítir hvapholda karlpungar sem öllu ráða. Djöflast um á reykspúandi míní-álverum, með hausinn fullan af vitleysu, gónandi á eftir sérhverjum kvenmannsrassi, knúnir áfram af engu öðru en þörfinni fyrir að moka undir rassinn á sjálfum sér.

**VIÐ** karlar erum í raun óþarfir. Það má auðveldlega fækka okkur rækilega en soga úr velvöldum sýnishornum vökvann sem viðheldur mannkyninu. Hægt væri að geyma til undaneldis úrvalsflokk karla í gámum á hálendinu. Þar fengju þeir að gera það sem þeim þykir best: glápa á erótískt klám og fylgjast gólandi með fótboltaleikjum. Til hátíðarbrigða mætti henda kjötsneiðum í gámana og draga fram grillið.

**Í** fjarveru karlpunga mun heimurinn blómstra. Hin kvenlegu gildi fá að ráða. Ofbeldi heyrir strax sögunni til. Græðgi og almenn vitleysa gufa upp. Þingkonur og forstýrur verða normið og fara með friði á hendur kynsystrum sínum. Samræðustjórnmál taka völdin. Gróðurhúsaáhrifin hverfa, kennarar verða á geðveikum launum og helsta vígi íslensks ójöfnuðar hrynur því auðvitað verður nú eingöngu talað við konur í Silfri Öglu.

**BYLTINGIN** er þegar hafin. Fleiri konur en karlar útskrifast úr háskólunum. Konur sýna daglega að þær eru ekki jafningjar karla heldur í flestum tilfellum miklu klárari. Karlpungum er linnulaust komið í skilning um að það sem þeir standa fyrir er rangt, hugsunarháttur þeirra er viðbjóðslegt ofbeldi og þeir ættu að skammast sín. En betur má ef duga skal. Ég mun fyrstur gefa mig fram þegar hreinsunin hefst.


Fíton/SÍA - Svenni Speight




SHARP XL-MP2H

**Geislaspilari, útvarp og kassettutæki** · Spilar MP3/WMA, CD-R/RW · Fyrirferðalítil og smekklega hönnuð stæða · Magnari: 2 x 5W RMS · AM/FM útvarp með RDS · Vekjaraklukka · Tónjafnari · Einföld og þægileg fjarstýring



**Kr. 12.900**

Jamo i-200

**Stereo hljómtæki fyrir iPod** · Innbyggð iPod vagga · Fyrirferðarlítil og skemmtileg hönnun · Fáanleg hvít eða svört · Vandaðir og kraftmiklir hátalarar · Sub-woofer pre-out · Möguleiki á að bæta við bassaboxi · Skemmtileg þráðlaus fjarstýring fylgir til að stýra iPod-inum og hljóðstyrknum · Aux-inngangur fyrir MP3 spilara o.fl.



**Kr. 22.900**

Jamo S250 HCS 21



**Hágæða hljómtækjastæða og DVD spilara** með 2 hátölurum og bassaboxi · FM/AM útvarp með RDS · Styður PAL/NTSC · Progressive Scan · Styður Dolby Digital, DTS, ProLogic o.fl. · USB tengi og Aux-inngangur f. MP3 og ljósmyndir · Magnari: 2 x 65W rated · Kraftmikið bassabox með innb. 200W magnara

**Kr. 54.900**

**Fermingargjafir frá Ormsson hljóma vel.**

ORMSSON

ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT